



**SKOÐUN** Tinna Gunnlaugsdóttir skrifar um mikilvægi Þjóðleikhúss og niðurskurð. **15**



**MENNING** Björg Magnúsdóttir skipuleggur upplestrarkeppni rithöfunda á Kex Hostel. **30**



**SPORT** Eygló Ósk Gústafsdóttir er enn að bæta sig en hún á sér stóra drauma fyrir framtíðina. **26**

Bæklingur fylgir með inni í blaðinu.

**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
www.sminor.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

27. nóvember 2013  
279. tölublað 13. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## MARKAÐURINN



### Skema kemur sér fyrir vestra


Rakel Sölvadóttir, stofnandi Skema og framkvæmdastjóri dótturfélagsins reKode, segir ganga vel að koma fótum undir starfseminu í Bandaríkjunum. Um síðustu helgi fór fram fyrsta námskeiðið og verið er að ganga frá samningi um leigu á húsnæði fyrir höfuðstöðvarnar í Redmond.

### FRÉTTIR

**Titringur í þingflokki** Sjálfstæðismenn gjalda varhug við hugmyndum um skuldaniðurfellingu. **2**

**Uppbygging í Vatnsmýri** Áform eru um mikla uppbyggingu í Vatnsmýri, þótt flugvöllurinn fari ekki. **6**

**Nýtt aðalskipulag** Nýtt aðalskipulag Reykjavíkur sem gildir til 2030 var samþykkt í gærkvöldi. **12**



Bolungarvík	0°		V 10
Akureyri	3°		V 10
Egilsstaðir	3°		V 14
Kirkjubæjarkl.	4°		V 12
Reykjavík	7°		V 16

**STORMUR** Í dag verður hvöss vestanátt á landinu, hvassast við suðurströndina. Minnkandi úrkoma og léttir til eystra. Kólnandi veður. **4**

## 3 SÉRBLÖÐ

Markaður | Sjúkráþjálfun | Fólk



### KAUPUM GÖMUL OG NÝ ÚR

Rolex, Breitling, Cartier, Patek Philippe ásamt öllum gullúrnum.

3. HÆÐ Í KRINGLUNNI  
Sími: 661 7000



# Sinna verkefnum í 40 löndum

Jarðvarmaverkefnum íslenskra fyrirtækja og stofnana í útlöndum hefur fjölgað á síðustu árum. Á annan tug fyrirtækja sinna nú slíkum verkefnum. Flest þeirra fela í sér ráðgjöf til erlendra aðila um nýtingu jarðvarma.

**ORKUMÁL** Á annan tug íslenskra fyrirtækja vinna nú við jarðvarmaverkefni í samtals 40 löndum, í öllum heimsálfum, að Suðurskautslandinu undanskildu.

Langflest verkefni fela í sér ráðgjöf til erlendra aðila um nýtingu jarðvarma, en í sumum tilvikum standa íslensk fyrirtæki fyrir eigin framkvæmdum.

„Þessi jarðvarmaverkefni eru fjölbreytt og áherslan á að sækja þau hefur aukist undanfarin ár. Hæg uppbygging hér á landi á síðustu árum í nýtingu jarðvarma hefur ýtt undir áhugann á að fara utan,“ segir Davíð Stefánsson, forstöðumaður ráðgjafasviðs Reykjavík Geothermal, sem er íslenskt-bandarískt fyrirtæki með mikla reynslu á sviði jarðvarmanýtingar.

„Reykjavík Geothermal hefur til dæmis sinnt jarðfræðiráðgjöf um nýtingu jarðvarma í Síði-



**Hæg uppbygging hér á landi á síðustu árum í nýtingu jarðvarma hefur ýtt undir áhugann á að fara utan.**

Davíð Stefánsson, forstöðumaður ráðgjafasviðs Reykjavík Geothermals

Arabíu. Fyrirtækið er einnig að vinna að ráðgjafaverkefnum í Afríku þar sem það vinnur meðal annars fyrir sameiginlegt svæðaráð Rúanda, Búrúndí og Kongó,“ segir Davíð.

Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR, sem er sjálfstæð ríkisstofnun, vinna þessa dagana við ráðgjöf vegna jarðvarmaverk-

efna í 24 löndum. ÍSOR hefur einkum starfað í Mið-Ameríku og Austur-Afríku en einnig nokkuð í Evrópu og Asíu.

Fyrirtækin Verkís, Mannvit og Efla koma einnig að fjölmörgum verkefnum erlendis.

Einungis eitt íslenskt fyrirtæki, Jarðboranir, sinnir erlendum borverkefnum vegna jarðhitanýtingar. Starfsmenn fyrirtækisins hafa á þessu ári unnið

á Biliran-eyju á Filippseyjum, á eyjunni Dómíníku í Karíbahafi og Nýja-Sjálandi.

„Með samstarfi ólíkra aðila úr íslensku jarðvarmageiranum hefur náðst að kynna betur þekkingargrunn okkar og íslenskt hugvit á þessu sviði og það er ein ástæðan fyrir því að Ísland er stórt nafn í þessum geira,“ segir Davíð Stefánsson.

- hg / sjá Markaðinn



**HITABELTI** Íslensk fyrirtæki taka þátt í verkefnum í öllum heimshlutum, meðal annars í og við Karíbahafið.



**VÆNDISMÁL FYRIR DÓM** Ákæmur á hendur 21 karlmanni vegna vændiskaupa voru þingfestar í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Þinghaldið var lokað en mennirnir eru ákærðir fyrir að hafa greitt fyrir vændi hjá konu sem var með starfsemi á Laugavegi, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Lögreglan hefur rannsakað hátt í 140 vændiskaupamál á árinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Vinnustaðir heimsóttir: Launahækkun ekki efst á lista launamanna

**KJARAVIÐRÆÐUR** Formenn Eflingar og Samiðnar segja félagsmenn sína kjósa skattabreytingar í stað launahækkana. Þetta hafi ítrekað komið fram í könnunum.

Fréttablaðið heimsótti nokkra vinnustaði í gær og kom það fram í viðtölum við starfsmenn að launahækkunar væru ekki eftar á óskalistanum, þar sem þær myndu engu skila.

Margir viðmælendur Fréttablaðsins töldu hækkun persónuafsláttar og lækkun skatta góða leið til að auka kaupmátt. Flestir töluðu um að koma þyrfti á stöðugleika í efnahagslífinu og að allir þyrftu að leggja sitt af mörkum til þess að honum yrði náð.

- jme / sjá síðu 4

Borgarstjóri sakar sjálfstæðismenn um að tengjast flugvallarmótum:

## Keyrðu umræðu á auði og völdum

**REYKJAVÍK** Umræðan um flugvöllinn í Vatnsmýri var keyrd áfram á miklum hagsmunum og mikil vinna og peningar fóru í aðra hlið umræðunnar. Þetta sagði Jón Gnarr, borgarstjóri í Reykjavík, á borgarstjórnarfundum í gærkvöldi.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins spurði borgarstjóra á fundinum hvort hann tæki ekki mark á undirskriftum sjöttíu þúsund mótmælenda gegn því að flugvöllurinn



JÓN GNARR

Jón sagði pólitíska fulltrúa verða að meta hvað væri sjálfsprottin póli-

tísk hvöt og hvað væri „manipúling“ í krafti auðs og valds. „Við erum að velja fyrir okkur hvað þurfi margar undirskriftir. Eigum við að gefa eftir í því sem við teljum vera satt og rétt ef einhver er bara nógu reiður og nógu kraftmikill í því að mótmæla því? Eigum við að lyppast niður, þó að við trúum því að það sem við erum að gera sé rétt?“ spurði Jón að lokum.

- eb / sjá síðu 12

**JOE BOXER®**  
Kringlunni • Smáralind

**LEIKFANGA LAGERSALA**

Allt að 70% afsláttur

OPIÐ TIL KL. 20:00 Í KVÖLD

GYLFAFLÖT 7  
112 REYKJAVÍK  
587-8700  
WWW.KRUMMA.IS



## SPURNING DAGSINS



Hermann, þarf ekki að ganga til verks og hlífa gróðurþekjunnunni?

„Jú, klæðum bara jörðina með einn sinnum sex mótatimbri“

Hermann Valsson segir jarðveg á Laugavegi og Fimmvörðuhálsi mjög skemmdan og nauðsynlegt byggingu upp göngustíga.

Skattgreiðendur greiða fyrir 82 af hverjum 100 seldum sætum hjá Sinfó:

## Miðinn ætti að kosta 30 þúsund

**MENNING** Rúmlega 82 prósent tekna Sinfóníuhljómsveitar Íslands koma frá ríki og borg sem þýðir að hið opinbera greiðir fyrir 82 af hverjum 100 sætum á tónleikum hljómsveitarinnar. Miðaverð á tónleikum væri að meðaltali um 30 þúsund krónur ef ekki nyti við fjárstuðnings hins opinbera.

Sinfóníuhljómsveit Íslands er rekin af íslenska ríkinu, sem fer með 82 prósent hlut og Reykjavíkurborg sem fer með 18 prósent hlut.

Vegna erfiðrar stöðu ríkissjóðs

hefur skapast nokkur umræða um stöðu Sinfóníuhljómsveitar Íslands, en hið opinbera, þ.e. ríkissjóður og Reykjavíkurborg, leggja til samtals tæpan milljarð króna árlega til rekstrar hennar.

Samkvæmt ársreikningi Sinfóníunnar fyrir árið 2012 námu heildartekjur hennar 1 milljarði og 93 milljónum króna. Þar af námu framlög ríkis og borgar, 901,2 milljónum króna. Miðasala og styrkir námu aðeins 191 milljón krónum samtals.



**TÓNLEIKAR** Ríki og borg styrktu Sinfóníuhljómsveitina um 901 milljón í fyrra en tekjur hljómsveitarinnar námu 191 milljón.

Toppstöður hjá ríkinu:  
Ekki nauðsyn  
að sækja um

**SVÍPIJÓÐ** Yfir helmingur þeirra sem gegna toppstöðum hjá sænska ríkinu sótti ekki um starfið þegar það var auglýst. Þetta eru niðurstöður könnunar á vegum Svenska Dagbladet.

Aðalreglan er sú að auglýsa eigi forstjórastöður hjá ríkinu. Könnunin leiddi í ljós að á árunum 2007 til 2013 hefðu 78 prósent starfanna verið auglýst.

Samtímis var leitað til ráðgjafarfyrirtækja við mannaáráðningu í sex af tíu tilfellum.



Í LEIFSTÖÐ Allt stefnir í milljón ferðamenn árið 2015.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hlutfallslega fjölgar kínverskum ferðamönnum mest:

## Ísland leiðir vöxt í Evrópu

**FERÐAÞJÓNUSTA** Vöxtur í ferðaþjónustu er hvergi meiri í Evrópu en á Íslandi það sem af er ári, segir í nýrri ársfjórðungsskýrslu Evrópska ferðamálaráðsins (ETC).

Ferðamálastofa greinir frá því að almennt séð eigi greinin góðu gengi að fagna og flest lönd njóti fjölgunar ferðamanna miðað við fyrri ár. Þar er Ísland örugglega í fyrsta sæti með rúmlega 19 prósent fjölgun. Slóvakía fylgir þar á eftir með um 16 prósent og Serbía og Lettland með rúmlega 10 prósent.

Ferðafólki frá Rússlandi heldur áfram að fjölga verulega. Hlutfallslega er hins vegar hraðastur vöxtur í komum Kínverja til Evrópu.

Ungmenni vilja breytingu:

## Fordómar gegn skólum ótækir

**SKÓLAMÁL** Ungmennaráð Hafnarfjarðar segir að breyta þurfi viðhorfi í samfélaginu til ákveðinna framhaldsskóla í landinu. Á síðasta fundi ráðsins fór fram umræða um fordóma gagnvart sumum framhaldsskólum.

„Ríkjandi viðhorf í samfélaginu, skólanum og meðal ungs fólks hefur áhrif á ungmenni þegar kemur að vali á framhaldsskóla. Neikvæð umfjöllun um vissa skóla og jafnvel ákveðin stimplun á sér stað ef ungmenni velja að stunda nám í ákveðnum framhaldsskólum. Þessu þarf að breyta,“ bókaði ungmennaráðið og boðaði tillögur í málinu.

-gar

Vændiskaup gerð refsiverð:

## Fyrir þing í dag

**FRAKKLAND, AP** Franska þingið greiðir í dag atkvæði um frumvarp að lögum sem gera vændiskaup refsiverð en vændissölu löglega.

Fyrirmyndin er fengin frá Svíþjóð og Íslandi en lögin hafa mætt mótstöðu meðal annars af hálfu þektra leikara og áhrifamanna í Frakklandi.

Vændi hefur verið löglegt í Frakklandi, en milliganga um vændi og rekstur vændishúsa hefur verið refsiverð.

-gb

### LEIÐRÉTT

Í blaðinu í gær kom fram að 75 til 100 þúsund manns gengju Laugavegin árlaga. Rétt er að þessi fjöldi ferðamanna sækir Þósmörk heim árlaga. Nær 10.000 ganga Laugavegin árlaga.

# Skuldatillögur valda titringi í þingflokki

Sjálfstæðismenn leggja gegn öllum hugmyndum um skuldaniðurfellingar ríkisstjórnarinnar sem fela í sér áhættu fyrir ríkissjóð. Mikil leynd hvílir yfir tillögnum og hafa þingmenn stjórnarflokkanna ekki fengið að vita hvað í þeim felst.

**ALÞINGI** Sérfræðihópur ríkisstjórnarinnar leggur nú lokahönd á tillögur vegna skuldavanda heimilanna. Mikil leynd hvílir yfir málinu og hafa óbreyttir þingmenn stjórnarflokkanna ekki fengið neinar upplýsingar um þær tillögur sem nú eru í smíðum. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem Fréttablaðið ræddi við segja ekki munu styðja neinar tillögur sem fela í sér áhættu fyrir ríkissjóð.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hefur lýst því yfir að tillögurnar feli í sér blandaða leið þar sem gripið verður annars vegar til beinna aðgerða og hins vegar skattaáðgerða. Vonir standa til þess að hægt verði að klára þinglega meðferð málsins í lok þessa árs eða byrjun þess næsta.

Nota á svigrúmið sem myndast í viðræðum við kröfuhafa til að fjármagna þessar aðgerðir en þær viðræður eru hins vegar ekki hafnar. Ekki liggur fyrir hvornig á að fjármagna aðgerðirnar ef þær eiga að koma til framkvæmda áður en viðræðum lýkur.

Sjálfstæðismenn leggja gegn öllum hugmyndum sem fela í sér áhættu fyrir ríkissjóð. „Ég vil forðast allt sem eykur skuldir ríkisins og auðvitað sérstaklega ráðstafanir sem draga úr lánshæfismati á íslenska ríkinu,“ sagði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra á Alþingi þann 18. nóvember síðastliðinn í svari við fyrirspurn Helga Hjörvar, þingmanns Samfylkingarinnar, um hvort fjármagna eigi skuldaleiðréttingar með peningarentun.

Magnús Júlíusson, formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna



**ÞINGFLOKKUR** Talsverður titringur er í þingflokki Sjálfstæðisflokksins vegna væntanlegrar kynningar á skuldaniðurfellingum ríkisstjórnarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

og tengdasonur Bjarna Benediktssonar, skoraði á þingmenn Sjálfstæðisflokksins í viðtali við DV nýverið að samþykkja ekki tillögur sem fela í sér að kostnaður falli á ríkissjóð. Ungir sjálfstæðismenn segja að nær sé að slíta stjórnarsamstarfinu en samþykkja slíkar ráðstafanir.

Ljóst er að mikill titringur er innan Sjálfstæðisflokksins vegna málsins. Þeir þingmenn flokksins sem Fréttablaðið ræddi við í gær vildu lítið tjá sig um stöðuna þar sem tillögurnar væru ekki komnar fram. Enginn sagðist þó vera tilbúinn að styðja aðgerðir sem fela í sér áhættu fyrir ríkissjóð.

hks@frettabladid.is



„Ég vil forðast allt sem eykur skuldir ríkisins og auðvitað sérstaklega ráðstafanir sem draga úr lánshæfismati á íslenska ríkinu.“

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra í þingræðu í síðustu viku

Einar Ingi Marteinson sat í varðhaldi í hálfu ári án sakfellingar og stefnir ríkinu:

## Fer fram á 74 milljónir í bætur

**DÓMSMÁL** Einar Ingi Marteinson, betur þekktur sem Einar Boom, hefur stefnt íslenska ríkinu vegna sex mánaða gæsluvarðhalds sem hann var settur í árið 2012. Einar fer fram á rúmlega 74 milljónir króna í miskabætur og í bætur vegna tekjumissis.

Einar Ingi var ákærður fyrir að skipuleggja hrottafengna árás um jóln 2011 en var síðar sýknaður í Héraðsdómi Reykjaness árið 2012. Hæstiréttur staðfesti sýknudóminn yfir honum í ársbyrjun. Einar Ingi er fyrrverandi forseti vélhjólasmata Hells Angels.

„Ég var settur í gæsluvarðhald í sex mánuði á síðasta ári og er einfaldlega að leita réttar míns og fjölskyldu minnar,“ segir Einar Ingi Marteinson í samtali við Fréttablaðið.

Fram kemur í stefnunni, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, að Einar telji sig hafa orðið fyrir verulegu tjóni vegna ákærunnar, aðgerða lögreglu, handtöku, húsléitar á heimili hans og gæsluvarðhalds.

Samkvæmt stefnunni olli frelsisvæpting Einar Inga miklum kvíða, angst og vanlíðan. Hann hafi haft sífelldar áhyggjur af framtíð fjölskyldu sinnar og afkomumöguleikum og hafi ekki fengið að hitta



**SAKLAUS** Einar „Boom“, fyrrverandi forseti vélhjólasmata Hells Angels, sat saklaus í varðhaldi í sex mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

konu sína eða börn fyrstu fjórar vikur varðhaldsins. Samkvæmt læknisvottorði hrakaði andlegu ástandi Einars eftir því sem leið á gæsluvarðhaldið, hann varð þunglyndur og glímur að öllum líkindum við áfallastreituröskun.

-sáp

## Dagsbirtulampar

- birtumeðferð gegn skammdegisþunglyndi

TL40 verð: kr. 13.900

TL60 verð: kr. 17.900

TL90 verð: kr. 29.995



Pfaff Grensásvegi 13 Sími 414 0400 [www.pfaff.is](http://www.pfaff.is)

**PFAFF**



Í DAG OG Á MORGUN  
ER 20-70% AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM VÖRUM!



FÁÐU RÁÐGJÖF Í ÚTISERÍUM!  
SÉRSTÖK RÁÐGJÖF FRÁ 17.00 TIL 21.00 Í DAG



SJÁÐU AÐVENTUSKREYTINGARNAR VERÐA TIL!  
SÝNIKENNSLA FRÁ 17:00 TIL 21:00 Í DAG

HEITT KAKÓ  
OG PIPARKÖKUR!



GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is



SVONA ERUM VIÐ



69 börn fæddust í Mosfellsbæ árið 1993.

Nítján árum síðar, 2012, hafði fæðingunum fjöglað um 59%. 1.870 börn fæddust í Reykjavík árið 1993.

# Mannréttindadómstóll Evrópu tekur kærnu vegna Landsdóms til meðferðar: Fjallað um meðferð máls Geirs

**DÓMSTÓLAR** Mannréttindadómstóll Evrópu í Strassborg hefur ákveðið að taka fyrir mál Geirs H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, gegn íslenska ríkinu vegna Landsdómsmálsins.

Stjórnvöldum ber að útvega dómstólnum enska þýðingu af niðurstöðum Landsdóms í málinu gegn Geir, en hann er um 400 síður, sem og öðrum ákvörðunum og eða niðurstöðum tengdum málinu. Enn fremur hefur ríkið frest til 6. mars á næsta ári til að skila

skriflegru greinargerð til dómsins. Erindinu fylgdu sex spurningar.

Andri Árnason, verjandi Geirs, sagði við Fréttablaðið í gær að hann skildi erindið sem svo að dómstóllinn væri að spyrjast fyrir um allt ferli málsins.

„Dómstóllinn dæmir fyrst og fremst um réttláta málsmeðferð og þetta snýst því um hvenær Geir átti rétt á réttlátri málsmeðferð í skilningi Mannréttindasáttmálsans,“ sagði Andri við Vísi.

- skó



**LANDSDÓMUR** Mannréttindadómstóll Evrópu tekur Landsdómsmálið til skoðunar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

## Landspítali á Facebook: 300 „læk“ á klukkutíma

**TÆKNI** Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala, opnaði Facebook-síðu spítalans í matsal hans við Hringbraut í gær ásamt Kristjáni Þór Júlíussyni heilbrigðisráðherra.

Alls merktu 300 við að þeim líkaði við síðuna á fyrsta klukkutímanum. Við undirbúning síðunnar naut spítalinn aðstoðar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sem um nokkurt skeið hefur haldið úti lifandi Facebook-síðu. - fb

# Vilja frekar breytt skattkerfi en launahækkun í kjarasamningum

Formaður Eflingar segir að meirihuti félagsmanna vilji breytingar á skattkerfinu. Launamenn vilji efnahagslegan stöðugleika. Framkvæmdastjóri Samiðnar segir að fólk vilji hóflegar launahækkunir og aukinn kaupmátt í stað mikilla hækkana og verðbólgu.

**KJARAVIÐRÆÐUR** „Í öllum könnunum sem Efling hefur gert meðal félagsmanna hefur meirihlutinn viljað breytingar á skattkerfinu,“ segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar, um kjarasamningana sem fram undan eru.

Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, segir að kveðið hafi við nýjan tón þegar menn voru að undirbúa kröfugerð vegna samninganna.

„Félagsmenn okkar sögðu að ef launahækkunir færu beint út í verðlagið gæti verið betra að sleppa þeim. Það er krafa um að menn stoppi þessa víxlverkun. Ef launahækkunir fara beint út í verðlagið koma þær í bakið á mönnum,“ segir Þorbjörn.

Fréttablaðið heimsótti nokkra vinnustaði í gær. Í viðtölum við fólk

kom fram að miklar launahækkunir voru ekki efstar á óskalistanum. Fólk taldi að of miklar hækkunir myndu á endanum engu skila. Skatturinn myndi taka sitt, lánin myndu hækka og verðbólga aukast ef samið yrði um of miklar hækkunir. Margir töldu hækkun persónuafsláttar og lækkun skatta góða leið til að auka kaupmátt. Skattabreytingar myndu skila meiru en beinar launahækkunir. Raunar töldu margir að það gæti verið gott að fara blandaða leið, hækka laun lítillega og breyta skattkerfinu. Flestir töluðu um að ná yrði fram stöðugleika í efnahagslífinu og allir yrðu að leggja sitt af mörkun svo honum yrði náð.

„Þegar menn voru að móta kröfugerð vegna samninganna þá var niðurstaðan sú setja ekki fram kröfur um miklar hækkunir heldur frekar

að freista þess að auka kaupmáttinn með litlum hækkunum,“ segir Þorbjörn Guðmundsson.

Hann segir líka að menn hafi verið að ræða hvort hægt væri að breyta skattkerfinu þannig að þær breytingar sem fyrirhugaðar eru, það er að lækka skatta á millitekjuhópum um 0,8 prósentustig skili sér til fleiri. „Aukinn persónuafsláttur myndi gera það,“ segir Þorbjörn.

Sigurður Bessason segir að atvinnurekendur, launþegar, ríki og sveitarfélög verði að koma að gerð kjarasamninga. Það verði að horfa á málið heildstætt. Ríki og sveitarfélög verði að halda aftur af sér þegar kemur að því að hækka gjaldskrár. Hann segir að Reykjavíkurborg hafi gefið gott fordæmi þegar ákveðið var að draga boðaðar hækkunir til baka um áramót. johanna@frettabladid.is



**GANGA HÆGT** Formlegar samningaviðræður milli launþegahreyfinganna og atvinnurekenda hófust í fyrradag. Að sögn miðar viðræðum hægt og ber nokkuð mikið í milli. Ekki er enn farið að ræða launaliðina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

**Níels Magnússon verkstæðismaður hjá BogL**



Það þarf bæði að hækka laun og lækka skatta. Annars, ef ég mætti velja þá myndi ég

frekar vilja stöðugleika í þjóðfélaginu en hærri laun. Tveggja prósentu launahækkun skilar mér litlu ein og sér. Hún myndi duga fyrir einni eða tveimur pitsum. Það er verið að tala um að launahækkunir hækki verðbólgu en að mínu mati er það fleira sem kemur til og menn verða að hafa það huga.

**Guðrún Ósk Sæmundsdóttir saumakona hjá Seglagerðinni Ægi**



Ég er orðin frekar langeygð eftir því að menn klári samninga. Tveggja

prósentu hækkun skilar engu í launaumslagið mitt, það þarf eitthvað meira að koma til. Það þarf að semja um hærri laun og svo þarf að lækka skatta á fólk. Ég hugsa að skattalækkunir myndu koma flestum til góða.

**Andrés Hannesson starfsmaður hjá Vífilfelli**



Ef maður fær tíu þúsund króna launahækkun fer helmingurinn í skatta auk þess sem öll lán hækka og verð á nauðsynjavörum og verðbólga fer á flug. Ég sé því ekki tilganginn með því að hækka laun. Það sem ég vil er að persónuafslátturinn verði hækkaður og skattar verði lækkaðir.

Ég held að það skili launafólki meiru en miklar launahækkunir.

**Hjördís Andrésdóttir afgreiðslustúlka hjá Aktu Taktu**



Skattalækkunir myndu skila mér einhverju. Tveggja prósentu hækka skilar litlu

fyrir mig nema það sé hægt að hemja verðbólgu. Ég sé ekki tilganginn í því að fá fjögurra til fimm prósentu hækka og það hverfur allt um leið. Við eigum að fá einhverjar launahækkunir en of miklar hækkunir skila engu öðru en bullandi verðbólgu og ég vil það ekki.

**Guðbjörg Þorbjörnsdóttir afgreiðslustúlka í Árbæjarapóteki**



Ég myndi vilja að það yrði samið um lækkun skatta í stað kauphækkana.

Skattalækkunir myndu koma sér betur fyrir fólk. Kauphækkunir hafa ekki mikið að segja, þær fara beint út í verðlagið, það hækkar allt um leið og búið er að semja. Það liggur við að það sé búið að taka hækkunina af manni áður en maður fær útborgað í fyrsta sinn.

**Guðmundur Þór Gunnarsson þjónn á Kopar**



Ég hef fylgst svolítið með fréttum af kjaraviðræðum en mætti vera duglegri.

Tveggja prósentu launahækkun er næg hækkun fyrir mig. Ég hef samt ekki reiknað það nákvæmlega út hversu miklu meira ég fengi útborgað. Annars hef ég svo sem ekki spáð mikið í þetta. Maður er alltaf að vinna.

**Gott kuldakrem** á andlit og hendur

- Afar hentugt fyrir þurra og skaddaða húð t.d. hjá fólki með exem
- Inniheldur ekki rotvarnar-, ilm- eða litarefni
- Mikið notað sem viðbót við húðmeðferð til að byggja upp varnir húðarinnar
- Rannsóknir hafa sýnt fram á lágmarksertingu
- Dönsku og sænsku Astma- og ofnæmissamtökin mæla með Locobase Repair®

Locobase REPAIR fæst í næsta apóteki

**Veðurspá** Gildestími korta er um hádegis

**LÆGIR SMÁM SAMAN** Lægir smám saman síðdegis, fyrst vestan til á landinu. Dregur úr úrkomu en má búast við eljagangi fram eftir degi einkum fyrir norðan. Kólnandi veður í bíli.

Alicante 14°	Billund 8°	Gautaborg 10°	London 9°	Orlando 21°	San Francisco 17°
Basel 5°	Frankfurt 3°	Kaupmannahöfn 10°	Mallorca 10°	Oslo 5°	Stokkhólmur 7°
Berlín 3°	Friedrichshafen 0°	Las Palmas 20°	New York 16°	París 6°	

**Á morgun** 8-13 m/s

**Föstudagur** Vaxandi SV-átt

**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður



MIÐVIKUDAGINN  
**27. NÓVEMBER**  
Í HÁSKÓLABÍÓI KL. 20:00

ÓKEYPIS AÐGANGUR  
HÚSIÐ OPNAR KL. 19:00

# HÁFJALLAKVÖLD

MEÐ  
ED VIESTURS

ED VIESTURS Í  
HLÍÐUM K2 FJALLS

VINIR.  
VATNAJÖKULS

66°  
NORÐUR

FÍFL

Í SAMSTARFI VIÐ: VINI VATNAJÖKULS, 66°NORÐUR  
OG FÉLAG ÍSLENSKRA FJALLALÆKNA



VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða skóli fór með sigur af hólmí í Skrekki?
2. Hvað er talið að margir gangi milli Landmannalauga og Þórsmerkur á hverju ári?
3. Hversu margir verða aðalþjálfarar íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu næstu tvö árin?

SVÖR:  
1. Langhólsskóli.  
2. 75 til 100 þúsund manns.  
3. Tveir.



FRANSKIR HERMENN Fjölga á franska herliðinu í Mið-Afríkulyðveldinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ööld í Mið-Afríkulyðveldinu: Frakkar senda fleiri hermenn

FRAKKLAND, AP Franska stjórnin hyggst senda þúsund manna herlið til Mið-Afríkulyðveldisins og reiknar með að fleiri ríki muni einnig senda herlið til friðargæslu á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Ástandið í landinu hefur verið skelfilegt frá því í vor þegar fylkingar uppreisnarmanna steiptu stjórninni af stóli.

Landið hefur verið sagt gróðrarstía öfga- og ofbeldismanna, sem hafi gert líf almennings að sannkölluðu helvíti á síðustu mánuðum.

Uppreisnarmenn hafa verið sakaðir um hrottaleg morð, nauðganir og að þvinga börn til að taka þátt í átökum.

Páfinn boðar róttækni:

Vill að prestar óhreinki skóna

PÁFAGARÐUR, AP Frans páfi hefur hnykk á tiltölulega róttækri afstöðu sinni í siðferðismálum í langri ritgerð, þar sem hann segir kaþólsku kirkjuna hafa lagt of mikla áherslu á stífar siðareglur í staðinn fyrir að láta kærleikann og miskunnseminna ráða.

Hann vitnar meðal annars í kirkjufedurna Ágústínus og Tómas af Aquinas, og leggur áherslu á að siðareglur eigi ekki að þurfa að íþyngja kristnu fólki í daglegu lífi. Hann hvetur kaþólska presta til að einangra sig ekki innan múra kirkjunnar heldur fara út á meðal fólks og óhreinka skóna.

ÁFORM UM UPPBYGGINGU Í VATNSMÝRINI

**ÞEKKINGARÞORP Í VATNSMÝRI**  
→ Fyrirhugaðar framkvæmdir og framtíðarsýn

1. Nýr Landspítali  
Óvissa, til afgreiðslu á fjárlögum.
2. Heilbrigðisvísindasvið  
Tímasetning óákveðin.
3. Samgöngumiðstöð  
Hraðleiðir úr hverfum til BSÍ og litlir rafvagnar fara um miðborg og háskólasvæðin.
4. Alþjóðlega lyfjafyrirtækið Alvogen
5. Vísindagarðar HÍ  
Fyrirtæki, þjónustueiningar, kennsla og rannsóknir.
6. Menntavísindasvið  
Flutningur úr Stakkahlíð. Tímasetning óákveðin.
7. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur
8. Hús íslenskra fræða  
Óvissa, til afgreiðslu á fjárlögum.
9. Hlíðarendi íbúðabyggð  
Allt að sex hundruð leiguíbúðir. Lóðir í eigu Valsmanna ehf. og borgarinnar.
10. Náttúruminjasafn í Perlunni  
Óvissa, til afgreiðslu á fjárlögum.
11. Útivistarsvæði  
Sem hluti af náttúruminjasafni.
12. Framtíðarstækkun á HR  
Óvissa um tímasetningu.
13. Nýsköpunarfyrirtæki og stofnanir tengdar námi HR
14. Háskólagarðar  
300-400 íbúðir fyrir nemendur og kennara ásamt leikskóla.

Á kortinu má sjá fjórtán framkvæmdir sem eru fyrirhugaðar á svæðinu. Margar hverjar hefjast á næsta ári, einhverjar eru ótímasettar og hvað varðar þrjár framkvæmdir ríkir óvissa þar til afgreiðslu á fjárlögum er lokið.

Framtíðarsýn í Vatnsmýri og ekki minnst á flugvöll

Í dag munu fulltrúar frá meðal annars Háskólanum í Reykjavík, Háskóla Íslands, Landspítala og Reykjavíkurborg ræða uppbyggingu þekkingarþorps í Vatnsmýri. Mikill vilji er fyrir samstarfi og heilmikil uppbygging í kortunum. Ekki verður minnst orði á flugvöllinn á málþinginu enda er skipulagið óháð veru hans á svæðinu.

**SKIPULAGSMÁL** „Það er nóg komið af bölmóði og svartstýni. Við viljum lyfta því sem er í spilunum og hjálpar okkur að lyfta framtíðinni í Reykjavík,“ segir Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, sem mun fjalla um framtíðarsýn aðalskipulags fyrir Vatnsmýrina á málþingi í dag sem ber yfirskriftina Tækifærin í Vatnsmýrinni.

Fulltrúar frá hagsmunaaðilum á svæðinu munu einnig taka til máls á málþinginu en enginn sem tengist flugstarfsemi.

„Framtíðarsýnin sem við tölum um í dag stendur ekki og

fellur með hvar flugvöllurinn verður. Þetta er allt svæði sem hægt er að nýta óháð því og við eigum að nýta tækifærið strax til að efla þekkingarhagkerfið og draga alþjóðafyrirtæki að þessu svæði,“ segir Dagur.

Háskólinn í Reykjavík heldur málþingið í samstarfi við Reykjavíkurborg. „Það eru heilmörg tækifæri sem felast í því að þrjár öflugar mennta- og rannsóknastofnanir séu svo nálægt hver annarri. Það býr til tækifæri til að búa til þungavigtarmiðju þekkingar, uppbyggingar, menntunar og nýsköpunar í Vatnsmýr-

inni,“ segir Ari Kristinn Jónsson, rektor HR.

Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, vill leggja áherslu á byggingu nýs Landspítala. „Samstarf spítalans við háskólann er gríðarlega mikilvægt fyrir menntun heilbrigðisstétta sem og rannsóknir og sprotafyrirtæki sem hafa orðið til í tengslum við þessa samvinnu. Þessi uppbygging er liður í því að hér verði framsækin heilbrigðisþjónusta í framtíðinni.“

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, segir spítalann eiga að vera þekkingarfyrir-

**Samstarf spítalans við háskólann er gríðarlega mikilvægt.**  
Kristín Ingólfssdóttir rektor Háskóla Íslands

tæki í fararbroddi á heimsmælikvarða. „Staðsetning í nálægð við háskólana er ein meginforsenda þess að framtíðaruppbygging verði farsæl,“ segir Páll.

erlabjorg@frettabladid.is

**JÓLASMÁKÖKUR HAGKAUPS**

NÝBAKAÐARI!

Hvernig væri að eiga notalega stund og gleðja einhvern nákominn með ljúffengum smákökum, tilvöldum með rjúkandi kaffi eða kakóbolli?

Hver er uppáhalds tegundin þín?

- Súkkulaðibitar • Hunang & músli • Rúsínur & hafrar
- Hnetusmjör • Hvítt súkkulaði & macadamia hnetur
- Brownies • Karamellu og mjólkursúkkulaði

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð



# LANGGAR ÞIG TIL ORLANDO



KAUPTU 1 KG ÖSKJU  
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ  
FERÐ FYRIR 4\*

Merktu kasskvittunina og sendu hana  
til Nóa Sírius, Hesthálsi 2-4, 110 Reykjavík  
eða taktu mynd af kvittuninni og sendu á  
konfektleikur@noi.is.

\*Fjórir vinna ferð fyrir 2 fullorðna og 2 börn.

DREGIÐ ALLA SUNNUDAGA Á AÐVENTUNNI

1. desember:  
**ORLANDO**  
FERÐ FYRIR 4

8. desember:  
**ORLANDO**  
FERÐ FYRIR 4

15. desember:  
**ORLANDO**  
FERÐ FYRIR 4

22. desember:  
**ORLANDO**  
FERÐ FYRIR 4

NÓA  
Konfekt



# Sígræna jólatréð

-eðaltré ár eftir ár!



Skátahreyfingin hefur um árabil selt sígræna eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.

## Frábærir eiginleikar:

10 ára ábyrgð  
12 stærðir (90-500 cm)  
Stálfótur fylgir  
Ekkert barr að ryksuga

Veldur ekki ofnæmi  
Eldtraust  
Þarf ekki að vökva  
Íslenskar leiðbeiningar

Sígrænu jólatrén eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: [www.skatar.is](http://www.skatar.is)

**Skátarnir**

## GLÆSILEG JÓLALJÓS

Mikið úrval aðventuljósá og LED sería



Frá Svíþjóð

KONST SMIDE

**Grillbúðin**

[www.grillbudin.is](http://www.grillbudin.is)

Smíðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

Skoðið úrvalið á [www.grillbudin.is](http://www.grillbudin.is)

# Vill sannfæra Skota

Alex Salmond, forsætisráðherra heimastjórnar Skotlands, vonast til að 670 blaðsíðna skýrsla verði til þess að Skotar muni fallast á að lýsa yfir sjálfstæði.

**SKOTLAND** Skoska heimastjórnin kynnti í gær 670 blaðsíðna skýrslu, svokallaða hvítbók, um sjálfstæðisáform sín. Skotar ganga til kosninga í haust, þar sem ákveðið verður hvort landið segi skilið við Bretland. Alex Salmond, forsætisráðherra heimastjórnarinnar, sagði skýrslunna vera ítarlegustu sjálfstæðisáætlun sem nokkur þjóð hafi lagt fram í sögunni.

Þarna sé að finna grunninn að því, hvernig Skotland geti orðið sjálfstætt ríki, en samt verið áfram í góðum tengslum við bæði Bretland og Evrópusambandið.

Í október árið 2012 undirrituðu þeir Salmond og David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, samkomulag um að Skotar geti haldið þjóðaratkvæðagreiðslu um sjálfstæði, og verði hún samþykkt geti landið fengið sjálfstæði.

Búið er að ákveða að þjóðaratkvæðagreiðslan verði haldin 18. september á næsta ári og stefnt er að því að sjálfstætt ríki verði að veruleika 24. mars árið 2016.


Engan veginn er þó víst að meirihluti Skota falli á þessi áform. Salmond hefur lengi barist fyrir því að Skotland verði sjálfstætt land, en samkvæmt skoðanakönnunum hefur vantað mikið upp á að hann hafi meirihlutastuðning fyrir því meðal landa sinna.

Hann vonast hins vegar til þess að skýrslan, sem kynnt var í gær, muni sannfæra meirihlutann um ágæti sjálfstæðis.

Í skýrslunni er dregin upp fögur mynd af framtíðarríkinu í Skotlandi. Það verði lýðræðisleg en

## Sjálfstæðisáform heimastjórnar Skotlands

Skotar ganga til atkvæða í september á næsta ári, þar sem ákveðið verður hvort stofnað verður sjálfstætt ríki eftir 307 ára sambúð með Englandi.



### Gjaldmiðill

Skotland þarf að sækja um aðild að Evrópusambandinu og verður skylt að taka upp evruna. Alex Salmond vill hins vegar að Skotar verði í gjaldmiðilsbandalagi um breska pundinu, svo viðskipti við England gangi áfram greiðlega fyrir sig.



### Þjóðarskuldir

Skoska heimastjórnin telur að skuldir Bretlands nemi 295.000 milljónum kr. um áramótin 2016-17. Yrði þeim skipt á milli ríkjanna eftir íbúafjölda (Skotar taki á sig 8,3 prósent) yrði skuld Skota yfir 25.000 milljarða kr. Talið er að vextir á Skota verði 1,65% hærrí en lántökukostnaður Breta.



MYND/GETTY IMAGES GRAPHIC NEWS

núverandi fyrirkomulag og geti staðið undir sér efnahagslega.

„Við stefnum ekki að sjálfstæðu Skotlandi sem markmiði í sjálfu sér, heldur frekar sem leið til þess að breyta Skotlandi til hins betra,“ sagði Salmond á blaðamannafundi í

gær, þegar hann kynnti hvítbókina.

Auk sjálfstæðisáætlunarinnar sjálftrar er í hvítbókinni að finna stefnuskrá um margvíslegar umbætur, sem stjórnin vill gera verði sjálfstæði að veruleika.

[gudsteinn@frettabladid.is](mailto:gudsteinn@frettabladid.is)

[www.volkswagen.is](http://www.volkswagen.is)

## Volkswagen Tiguan

Aukabúnaður á mynd: elingur, svartir þakbogar og ljóskastarar í framstúðara.



Volkswagen Tiguan eyðir aðeins frá 5,8l /100 km

## Fullkominn ferðafélagi

Í Volkswagen Tiguan sameinast fullkomið fjórhjóladrif, sparneytin dísilvél og einstakir aksturseguleikar sem veita þér algjört ferðafrelsi. BlueMotion tæknin frá Volkswagen leggur áherslu á lágmarks eyðslu eldsneytis og hámarks umhyggju fyrir umhverfinu. Kynntu þér kosti Volkswagen Tiguan og veittu þér sannkallað frelsi til að ferðast.

Tiguan kostar aðeins frá

**5.360.000 kr.**



Das Auto.



**20-50%**  
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

Að vakna endurnærð/ur  
eftir góðan svefn er ein  
besta stund dagsins



**20-50% afsláttur  
af öllum heilsurúmum**

# Jólatilboð

Sérfræðingar í heilsurúmum

12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing\*

\*Einnigis er greitt 3.5% lántökugjald.



**CLASSIC - rafstillanlegt**

Einbreið heilsurúm á verði frá **190.049,-**  
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **346.995,-**



**DRAUMEY**

Einbreið heilsurúm á verði frá **70.224,-**  
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **129.360,-**




**ROYAL - rafstillanlegt**

Einbreið heilsurúm á verði frá **302.391,-**  
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **566.991,-**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu  
faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!



sabrino

**Ítölsk hönnun - hágæða sófasett**

Kynningarverð



## SÉRHÆFUM OKKUR Í SMÍÐI Á HEILSURÚMUM

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121  
Opð virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · [www.rumgott.is](http://www.rumgott.is)





# TRAUSTIR AÐILAR

GERÐU FRÁBÆR KAUP Á  
NOTUÐUM BÍL FRÁ OKKUR!  
BILALAND.IS

ALLT AÐ 80% LÁNAMÖGULEIKAR



TÖKUM NOTADAN  
UPPI NOTADAN!  
GERÐU FRÁBÆR KAUP!

RENAULT MEGANE SPORT TR.  
Nýskr. 02/13, ekinn 11 þús. km.  
dísil, sjálfskiptur.  
Rnr. 130826.

Frábært verð  
**3.390 þús.**



NISSAN MICRA VISIA  
Nýskr. 04/12, ekinn 32 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.  
**VERÐ kr. 2.090 þús.**  
Rnr.281183.



NISSAN PATHFINDER SE  
Nýskr. 01/12, ekinn 27 þús. km.  
dísil, sjálfskiptur.  
**VERÐ kr. 6.990 þús.**  
Rnr.281161.



SKODA YETI AMBITION  
Nýskr. 05/11, ekinn 96 þús km.  
dísil, beinskíptur.  
**VERÐ kr. 3.090 þús.**  
Rnr.281177.



TOYOTA LAND CRUISER 150  
Nýskr. 05/12, ekinn 36 þús. km.  
dísil, sjálfskiptur.  
**VERÐ kr. 8.980 þús.**  
Rnr.130829.



HYUNDAI i30 CLASSIC WAGON  
Nýskr. 06/13, ekinn 7 þús. km.  
dísil, beinskíptur.  
**VERÐ kr. 3.390 þús.**  
Rnr.120261.



FORD FOCUS TREND  
Nýskr. 06/12, ekinn 36 þús. km.  
dísil, beinskíptur.  
**VERÐ kr. 2.950 þús.**  
Rnr.120287.

## bíalaland

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík  
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is  
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is



BYGGT UPP Talið er að um 100 þúsund ferðamenn sækji Þórsmörk heim árlega og álag á gönguleiðum er því mikið. Um 10 þúsund manns ganga Laugaveginna á milli Þórsmerkur og Landmannalauga. MYND/HREINN ÓSKARSSON

## Tugir sjálfboðaliða í viðhaldi í Þórsmörk

Það tæki um tíu ár að laga verstu kaflana í stígakerfi Þórsmerkur ef uppbygging væri með sama hætti og undanfarin ár. Tugir sjálfboðaliða unnu í allt sumar að viðhaldi – margir hverjir útlendingar. Með tíu milljónum á ári yrði lyft grettistaki.

**NÁTTÚRA** Tugir erlendra sjálfboðaliða störfuðu að viðhaldi gönguleiða á Þórsmerkursvæðinu nýliðið sumar. Skógrækt ríkisins stofnaði í fyrravetur samtökin Þórsmörk – trail volunteers til að annast viðhaldið við hlið starfsfólks Skógræktarinnar og annars áhugafólks. Með sama áframhaldi er talið að taki áratug að laga verstu kaflana í stígakerfi á Þórsmerkursvæðinu með varanlegum hætti – að því tilskildu að fjárveitingar fáiast.

Markmiðið með stofnun félagskapparins var að leita að sjálfboðaliðum sem hefðu áhuga á lengri dvöl en hefðbundið er í slíkum verkefnum, eða sex vikna dvöl í einu. Mikill áhugi reyndist vera fyrir hendi og sóttu mun fleiri um en hægt var að taka á móti. Því þurfti að velja úr hópi umsækjenda og tókst að fá til landsins fólk sem er þrautþjálfað í stígagerð og viðhaldi. Tveir hópar voru við störf

yfir sumarið og 16 til 18 manns í einu. Einnig komu sjálfboðaliðar til starfa frá samtökunum Working abroad í samvinnu við Umhverfisstofnun.

Hreinn Óskarsson, skógarvörður hjá Skógræktinni, segir miklu hafa verið áorkað og að einhverjir kílómetrar af göngustígum hafi verið lagaðir. Hins vegar háir fjárskortur verkefni eins og þessu og því er ekki hægt að gera eins mikið og hugur manna stendur til.

„Allt er þetta unnið eins ódýrt og mögulegt er, af augljósum ástæðum. Við sóttum um að fá tíu milljónir í varanleg framlög til þessa verkefnis en ég hef ekki séð það ennþá á fjárlögum,“ segir Hreinn og bætir við að búið sé að laga nokkra kílómetra á síðustu tveimur, þremur árum.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær er talið að 30 prósent af stígakerfi Þórsmerkur séu í slæmu eða afleitu ástandi. Þess má geta

**90** kílómetrar stíga liggja um Þórsmerkursvæðið. Um 30% eru í slæmu eða afleitu ástandi.

að stígakerfið er um 90 kílómetrar að lengd.

Heildarkostnaður við verkefnið í sumar var um 7,5 milljónir króna, en styrkir alls 2,5 milljónir frá ýmsum aðilum, bæði í formi aðstöðu og rútufurða. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða veitti milljón til verkefnisins og Umhverfissjóður Landsbankans hálf milljón.

Með sama áframhaldi verður hægt að lagfæra verstu kaflana á stígakerfinu með varanlegum hætti á næstu 10 árum. Þó skal þess getið að árlegs viðhalds á fjölförnustu köflum verður áfram þörf, segir í skýrslu Hreins eftir vinnu sumarsins.

svavar@frettabladid.is



# ALLT Í VEISLUNA

Glæsilegir og ljúffengir eftirréttir.



Heilir kalkúnar, frosnir og ófrosnir, kalkúnabringur með og án fyllingar og hin vinsælu smjörspautuðu kalkúnaskip.



Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.



OPIÐ ALLAN  
SÓLARHRINGINN  
**ICELAND**  
ENGIHJALLA



**Iceland**



**FUDGE** Þú kemst fljótt að!  
 ...en þú getur líka pantað tíma

**FUDGE**

**FUDGE**

**FUDGE**

**FUDGE**

**FUDGE**

**FUDGE**

**Rakarastofan Klapparstíg**

**S: 551 3010**

## Nánast dagleg mótmæli hafa verið í Kiev frá því hætt var við að gera samning við Evrópusambandið: Gagnrýndu Rússa fyrir að beita þrýstingi

**ÚKRAÍNA, AP** Þúsundir úkraínskra námsmanna söfnuðust saman í Kiev, höfuðborg Úkraínu, og tóku þátt í mótmælum gegn ákvörðun stjórnarinnar um að hætta við að undirrita samstarfssamning við Evrópusambandið.

Helstu forystumenn Evrópusambandsins, þeir Jose Manuel Barroso, forseti ráðherra-ráðsins, og Herman Van Rompuy, forseti framkvæmdastjórnarinnar, gagnrýndu í gær Rússland fyrir að beita Úkraínu þrýstingi í málinu.

Fjöldamótmæli hafa verið nánast á hverjum degi frá því stjórnin skýrði frá ákvörð-

un sinni í síðustu viku, en á morgun hefst í Brussel leiðtogafundur Evrópusambandsins, þar sem til stóð að undirrita samstarfssamninginn.

Mykola Azarov, forsætisráðherra Úkraínu, staðfesti að Rússar hefðu dregið verulega úr innflutningi á vörum frá Úkraínu á síðustu mánuðum, en sagði samskipti ríkjanna engu að síður eðlileg. Hann gagnrýndi hins vegar Evrópusambandið fyrir að hafa neitað að veita Úkraínu fjárhagsaðstoð.

Rússar hafa verið harðlega andvígir því að Úkraína halli sér frekar að Evrópu en Rússlandi.



**MÓTMÆLI Í KÍEV** Þúsundir námsmanna skröpuðu úr skólunum í gær og gengu til liðs við mótmælendur. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Trúfrelsi

Síðmennt styður **trúfrelsi** og aðskilnað ríkis og kirkju



*kynntu þér málið!*

## SA ítreka afstöðu sína: Lítil kjarabót fyrir launafólk

**EFNAHAGUR** Á heimasíðu Samtaka atvinnulífsins var í gær ítrekað að launahækkunar sé meginástæða verðbólgunnar á Íslandi. Þetta hefur áður komið fram í sjónvarpsauglýsingu samtakanna, en hún hefur vakði mikil viðbrögð.

SA segja of miklar launahækkunar valda verðbólgu sem skili launafólki litlum árangri í auknum kaupmætti og betri lífskjörum.

Ennfremur segja SA að haldi sú þróun undanfarinna ára áfram, að launakostnaður á framleidda einingu hækki umfram það sem gerist í viðskiptalöndum, sé óumflýjanlegt að gengi krónunnar láti undan og landsmenn fái yfir sig enn eina verðbólgu.

-skó



**REYKJAVÍK** Með nýju skipulagi er stefnt að þéttari byggð og betri samgöngum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Nýtt skipulag fyrir borgina

Aðalskipulag Reykjavíkur til 2030 var samþykkt í gær. Þétting byggðar er meginmarkmið. Sjálfstæðisflokkurinn klofnaði í afstöðu sinni til nýja skipulagsins.

**REYKJAVÍK** Tillaga að aðalskipulagi Reykjavíkur til ársins 2030 var samþykkt í borgarstjórn í gærkvöldi eftir langan fund. Fulltrúar allra flokka, 12 af 15, studdu málið. Sjálfstæðisflokkurinn klofnaði í málinu, þar sem borgarfulltrúarnir Hildur Sverrisdóttir og Áslaug Friðriksdóttir studdu tillöguna en hinir ekki. „Ég er sammála áherslum aðalskipulagsins um forgangsatriðin í þróun borgarinnar næstu árin,“ segir Hildur Sverrisdóttir. Um ólíkar skoðanir innan borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins segir hún það staðfesta að Sjálfstæðisflokkurinn sé breiðfylkingarflokkur þar sem rúmist mismunandi áherslur.

Hildur segir aðalkost skipulagsins vera áhersluna á að skapa nýja valkosti, annars vegar með góðri þéttri byggð og hins vegar góðum úthverfum, svo fólk geti valið hvernig það vill búa. „Þétting byggðar er þó vandmeðfarin, því það verður að passa upp á hagsmuni núverandi íbúa, eins og segir í tillögunni sem ég flutti fyrir hönd okkar í dag.“ Tillaga sSjálfstæðismanna var samþykkt samhljóða, en þar sagði að gæta þyrfti að bílastæða- og grunnþjónusturéttindum þeirra sem fyrir eru í eldri hverfunum.

Kynning á nýju aðalskipulagi borgarinnar hófst í mars á síðasta ári með kynningarfundum í hverfum borgarinnar. Um 200 athugasemdir bárust frá almenningi um alls 250 atriði í skipulaginu, þar af



**HILDUR SVERRISDÓTTIR**

**DAGUR B. EGGERTSSON**

var um þriðjungur um flugvöllinn í Vatnsmýri.

Stærsta breytingin sem gerð var á tillögunni er seinkun á lokun suður-norður flugbrautar Reykjavíkurflugvallar um sex ár. Uppbygging byggðar í Vatnsmýri hefur annars hafist árið 2016, en mun nú tefjast. Þess í stað hefst undirbúningur byggðar í Elliðaárvogi, Skeifunni og við Köllunarklett við Sundahöfn fyrr en áætlað var.

Skýrt markmið nýja skipulagsins er þétting byggðar. Í greinargerð segir að þétting byggðar sé þjóðhagslega hagkvæm og hafi jákvæð áhrif á rekstur og fjárfestingar sveitarfélaga. Þá sé það umhverfisvæn skipulagsstefna.

Aðspurður hvers borgarbúar megi vænta segir Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi: „Það er mikil áhersla á umhverfismál, jöfnuð, og félagslega blöndun svo borgin verði fyrir alla alls staðar, en ekki ríka á einum stað og fátæka á öðrum. Þetta er borgarskipulag, þar sem stefnt er að lífsgæðum eins og þau gerast best í borgum.“

eva@frettabladid.is

### → Aðalskipulag Reykjavíkur til ársins 2030

- Tæplega 40% landsmanna búa í höfuðborginni og tæplega 80% íbúa landsins eru í innan við klukkustundar fjarlægð frá Reykjavík.
- Árið 2030 verða 65-66% landsmanna búsett á höfuðborgarsvæðinu.
- Þétting byggðar fer úr 40% í 90%, þ.e. úr því að tæpur helmingur allra nýrra íbúða rísi innan þéttbýlismarka í að nánast allar íbúðir rísi á svæðum sem eru nú þegar í byggð.
- Markmið skipulagsins er að skapa heildstæðari og þéttari borgarbyggð og nýta þar með betur land og fjárfestingar í gatna- og veitukerfum og þjónustustofnunum.
- Þéttari byggð dregur almennt úr vegalengdum, samgöngukostnaði og umhverfisáhrifum samgangna. Til að framfylgja þessu markmiði er uppbygging á miðlægum svæðum í algjörum forgangi.
- Umhverfismat á nokkrum valkostum um byggðapróun til 2050 leiddi í ljós að kostir, þar sem gert var ráð fyrir þéttri og blandaðri byggð, eru mun umhverfisvænari og hagkvæmari en kostir, þar sem lögð er áhersla á hefðbundin úthverfi og aðskilnað íbúðarsvæða og atvinnusvæða.

SMASSALAT



**PANTA & SÆKJA**

**5 78 78 74**

**SAFFERAN**



# Tyrkland

Beint morgunflug  
á betri tíma

**20.000 kr.**  
afsláttur á mann á öllum  
dagsetningum ef þú bókar  
fyrir 10. desember.  
10, 11 og 14 daga ferðir í boði.



**Frá kr. 149.900 – allt innifalið**  
**La Blanche Resort & Spa**

Netverð á mann m.v. 3 fullorðna og 2 börn í fjölskylduherbergi með allt innifalið.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 206.700.  
29. maí í 2 vikur með afslætti.



**Frá kr. 114.900 – allt innifalið**  
**Bitez Garden Life Hotel & Suites**

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi með allt innifalið.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 139.900  
29. maí í 2 vikur með afslætti.



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)





Átroðningur ferðamanna veldur náttúruspjöllum:

## Borgað fyrir að nota náttúruna

**F**réttaðið sagði frá því í gær að afleitt ástand væri á stórum hluta göngustíga í Þórsmörk. Í blaðinu birtust myndir sem sýna vel og hvernig tugir þúsunda ferðamanna hafa traðkað gróðurþekjuna í sundur og skilið eftir stór sár í landinu þar sem verst lætur.

Talið er að um tíu þúsund ferðamenn á ári gangi Laugavegin, vinsælustu gönguleið hálendisins, á milli Þórsmörkur og Landmannalauga. Fræðimenn sem skoðuðu ástand göngustíganna leggja til að einhvers konar fjöldatakmörkunum verði komið á til að vernda náttúruna fyrir átroðningi ferðamanna.

Þeir gagnrýna líka að aðgerðir til að bæta skemmdirnar beinist að því að veita nokkurs konar skyndihjálp á stöðunum sem eru verst farnir. „Við eru einfaldlega komin með svo marga ferðamenn að okkur vantar heildarsýn,“ segir Rannveig Ólafsdóttir, dósent við HÍ. „Hvar við viljum byggja upp innviði og hvernig. Þegar ástandið er orðið svona, þá verðum við að gera eitthvað. Tréstíga þarf örugglega á einhverjum stöðum, en það sem ég er að gagnrýna er að það vantar stefnumörkun um hvar við ætlum að byggja upp manngert umhverfi og hvar ekki.“

Ástandið í Þórsmörk og á Laugaveginum er ein af neikvæðum afleiðingum annars jákvæðrar þróunar; gríðarlegar fjölgunar ferðamanna. Og um leið birtingarmynd þess fyrirhyggju- og skipulagsleysis, sem er víða ríkjandi í ferðaþjónustunni. Lengi hefur verið varað við því að íslensk náttúra þylði ekki ágang hundraða þúsunda ferðamanna. Stjórnvöld og fyrirtæki í ferðaþjónustu hafa ekki undirbúið komu þessa fjölda nógu vel.

Hermann Valsson leiðsögumaður orðaði vandann í hnotskurn í blaðinu í gær; sagði að allir vildu njóta hagnaðarins af ferðamannastraumnum en „enginn vill klæða og fæða barnið“. Ástandið er eins og það er vegna þess að enginn hefur hugsað fyrir því hvaðan peningarnir ættu að koma til að undirbúa fjölförnustu ferðamannaástandina fyrir átroðning þúsunda ferðamanna. Og reyndar hefur enginn hugsað út í það heldur að hugsanlega þyrfti að takmarka ferðamannafjöldann á ákveðnum stöðum. Þó eru ótal fordæmi fyrir því frá öðrum löndum, þar sem menn hafa skilið að viðkvæm náttúra er takmörkuð auðlind.

Ferðaþjónustufyrirtækin, sem notfæra sér náttúruna í hagnaðarskyni, borga ekkert fyrir afnot af henni. Ferðamennirnir borga ekkert fyrir aðgang að viðkvæmum svæðum. Ríkissjóður er fjárvana og á enga peninga til að gera við eða fyrirbyggja skemmdir.

Lausnin er augljóslega gjaldtaka af einhverju tagi, annaðhvort með því að borgað sé sérstaklega fyrir aðgang að ákveðnum svæðum eða með náttúrupassa eins og Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra vill koma á. Hugsanlega dugar slík gjaldtaka til að takmarka jafnframt átroðning ferðamanna á viðkvæmstu svæðunum. Ef ekki, á að huga að slíkum takmörkunum.

Við getum ekki fórnað fallegustu stöðum íslenskrar náttúru fyrir tekjurnar af ferðamönnum, enda verðum við þá fljót að eyðileggja það sem þeir koma til að sjá. Það er ekki bara hægt að beita ferðamönnum á viðkvæma staði eins og sauðfé á örfoka land.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Andstæðingar haldi vöku sinni

Það virðist hafa komið mörgum á óvart að stuðningur við aðild Íslands að Evrópusambandinu hefur aukist um 8 prósentustig á einu ári ef marka má skoðanakönnun sem samtökin Já, Ísland létu gera. Styrmir Gunnarsson fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins er þekktur andstæðingur aðildar og hann brýnir sitt fólk og hvetur það til að halda vöku sinni. Styrmir bendir réttilega á að 58 prósent séu andvíg aðild en 42 fylgjandi. Hann segir að þó meirihlutinn sé afgerandi sé styrkur aðildarsinna umtalsverður. „Það þýðir að þessari miklu baráttu er ekki lokið og andstæðingar aðildar verða að halda vöku sinni,“

segir ritstjórinn fyrrverandi í pistli á Evrópuvaktinni.

#### Hlutlaus úttekt

Þeir sem aðhyllast Evrópusambandsaðild geta raunar glæst yfir fleiru en auknum stuðningi við aðild því aðilar vinnumarkaðarins hafa boðað að úttekt á stöðu aðildarviðræðna við Evrópusambandið verði lokið næsta vör. Til að tryggja hlutleysi í hvívetna er það Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands sem sér um úttektina. Þegar hún liggur fyrir ætti almenningur loksins að geta verið með og metið hvort Evrópusambandsaðild sé fýsilegur kostur eða ekki. Ríkisstjórninni var raunar á sínum tíma boðið að taka þátt í úttektinni en hún hafði víst ekki áhuga.

#### Jafnar stöðu karla og kvenna

Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra hefur fullan hug á því að jafna stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði. Hún er búin að mæla fyrir frumvarpi á þingi þar að lútandi. Eitt af því sem lagt er til í frumvarpinu er að fyrirtæki geti sótt um sérstaka jafnlaunavottun. Eygló sagði í þinginu að ekki væri einfalt að vera til fyrirmyndar í jafnréttismálum en velferðarráðuneytið hefði þó fullan hug á að vera í fararbroddi. Þegar búið verði að afgangi frumvarpið sem lög verði velferðarráðuneytið ein af fyrstu stofnunum til að fara í gegnum jafnlaunavottun. „Með þeim hætti sendum við út þau skilaboð að það sé eitthvað sem skiptir máli,“ sagði Eygló réttilega.



johanna@frettabladid.is



Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is

### HALLDÓR



### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## Jóga Jóga Jóga!

- Hefst 3. desember
- Þri. og fim. kl. 12:00-13:00 Grunnur
- Mán. og mið. kl. 12:00-13:00 Framh.
- Kennari: Gyða Dís
- Verð kr. 13.900.-

Vekjum upp líkamsvitundina og uppskerum betri líkamsstöðu, aukinn styrk og betra jafnvægi til að takast á við daglegt amstur.

Skráning í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

**HEILSUBORG**  
Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík  
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

## Grænþvottur Landsvirkjunar

### NÁTTÚRUVERN



Guðmundur Ingi Guðbrandsson framkvæmdastjóri Landverndar

Baráttan um vernd Þjórsárvera á sér langa sögu. Um 1970 voru uppi áform um að sökkva nánast öllum verunum, en að endingu voru allmargar upptakakvísar Þjórsár að austanverðu leiddar úr farvegi sínum í gegnum víðáttumikið net skurða og lóna í Kvíslaveitu. Þrátt fyrir þetta umfangsmikla rask á svæðinu eru enn lítt snortin víðerni eftir vestan Þjórsár sem einkennast af víðfeðmu votlendi með fjölbreyttu fuglalífi, fredmýrum, víðiheiðum og blómabrekku, enda nýtur svæðið alþjóðlegrar verndar sem Ramsarsvæði.

Landsvirkjun virðist þó enn telja hagkvæmni Norðlingaölduveitu svo mikla að ekki sé hægt að hverfa frá byggingu hennar. Búningurinn sem fyrirtækið kys að setja áform sín í eru mér þó ekki geðfæld: Orkunýting í Þjórsárverum og vernd þeirra geta farið saman! Með öðrum orðum þá er það skoðun Landsvirkjunar að þrátt fyrir að Norðlingaölduveita, í einni eða annarri mynd, kljúfi lítt snortin víðerni Þjórsárverasvæðisins vestan Þjórsár og Eyðileggi rennsli í Gljúfurleitarfossi og Dynk, sem eru fyllilega jafnokar Gullfoss, þá geti miðlunar-lón vel farið saman með vernd svæðisins. Ég spyr: Er þetta hin nýja náttúruverndarsýn Landsvirkjunar? Fyrir mér er þetta grænþvottur. Því miður virðast ráðherrar taka undir orð Landsvirkjunar.

Með hugmyndum sínum um nýja útfærslu

→ Víða erlendis eru stíflumannvirki rifin niður til að endurheimta landsvæði sem hafa hátt verndargildi.

á Norðlingaölduveitu gengur Landsvirkjun gegn vilja Alþingis frá því í janúar í ár, en svæðið sem Norðlingaölduveita er á lenti í verndarflokki rammaáætlunar. Spyrja má hvort það sé nóg að breyta útfærslu hugmynda sem lenda í verndarflokki og freista þess þannig að fá þær flokkaðar upp á nýtt? Ef við skoðum þetta fyrir vatnsaflsvirkjanir, þá miðaðist mat faghópa um náttúru- og menningarminjar og ferðaþjónustu og úti-vist við svæðin sem virkjunarhugmyndir voru um en ekki lónstæðin sjálf. Það voru náttúruverðmæti Þjórsárvera sem réðu því að svæðið var sett í verndarflokk. Við það mat skiptir útfærsla á virkjunarhugmyndum engu máli.

Víða erlendis eru stíflumannvirki rifin niður til að endurheimta landsvæði sem hafa hátt verndargildi. Í stað þess að halda áfram áformum um eyðileggingu Þjórsárvera, eins og Landsvirkjun vill gera, tel ég mun uppbyggilegra að kanna möguleikann á endurheimt Þjórsárvera með því að taka niður Kvíslaveitu.



# Menning og mannvit

Nýlega kom sendinefnd frá Færeyjum í heimsókn í Þjóðleikhúsið. Tilefnið var að Færeyingar eru að fara að reisa sér sitt eigið Þjóðleikhús, Tjóðpall, og vildu því sækja sér fyrirmyndir til góðra granna á Íslandi. Í sendinefndinni voru fulltrúar frá menningaryfirvöldum, fjárveitingavaldinu og húsameistara þeirra Færeyinga, auk listræns stjórnanda Tjóðpallsins og tæknimanns. Færeyingum er full alvara, þeir ætla að byggja myndarlega yfir sviðslistir, miðsvæðis í höfuðstaðnum Þórshöfn, og það þótt íbúar þar séu aðeins um tuttugu þúsund og heildarfjöldi Færeyinga á öllum eyjunum rétt um fimmtíu þúsund.

Það leiðir hugann að því að við Íslendingar vorum í svipaðri stöðu og Færeyingar eru nú, fyrir um níutíu árum, þegar Alþingi samþykkti með miklum meirihluta atkvæða, að hér yrði reist Þjóðleikhús og markaði framkvæmdinni tekjustofn. Þetta var árið 1923, þá var íbúafjöldinn í Reykjavík rétt um tuttugu þúsund.

Líklega hefur þá verið tekist á um forgangsröðun, ekki síður en í dag, enda verkefnið sjálfsagt mörg og brýn, en stjórnáamenn þess tíma skildu greinilega mikilvægi þess að leggja rækt við listir og menningu. Það má jafnvel ætla að þeir hafi litið á það sem eins konar yfirlýsingu um menningarlegt sjálfstæði lítillar þjóðar að hún væri tilbúin að ráðast í slíkt stórvirki. Til þess þurfti pólitískan vilja, ríkan menningarlegan metnað og framsýni.

## MENNING



Tinna Gunnlaugsdóttir  
Þjóðleikhússtjóri

Byggingarsaga Þjóðleikhússins varð löng, enda settu bæði heimskreppa og heil heimstyrjöld strík í reikninginn. En í lok stríðsins og með nýfengnu sjálfstæði varð það eitt fyrsta verk þáverandi ríkisstjórnar að ljúka við byggingu Þjóðleikhússins og marka starfsemi þess rekstrargrundvöll. Þjóðleikhúsið

var loks vígt árið 1950. Þá voru íbúar í höfuðstaðnum rétt um fimmtíu þúsund.

### Verðmæti fegurðar og gleði

Þjóðleikhúsið var fyrsta húsið sem reist var á Íslandi til að þjóna almenningi sem lifandi listastofnun, það var að auki stærra og meira en önnur hús, eins og hamraborg í landslagi höfuðstaðarins. Þjóðin öll fagnaði og var stolt af sínu Þjóðleikhúsi, enda voru menn innblásnir á vígsludaginn, jafnt þeir sem fóru með hið pólitíska forræði og hinir sem settir höfðu verið yfir starfsemina. Björn Ólafsson, þáverandi menntamálaráðherra, sagði meðal annars í ræðu: „Ég veiti viðtöku þessu húsi og afhendi þjóðinni það til eignar með þeirri ósk, að hér megi hún skoða sjálfa sig í skuggsjá listarinnar – og að hér megi jafnan loga sá helgi eldur menningar og mannvits, sem hverju þjóðfélagi er nauðsyn til sannra framfara.“

Og Vilhjálmur Þ. Gíslason, nýskipaður formaður þjóðleikhúsráðs, varpaði fram grundvallarspurningu og svaraði henni sjálfur:

„Hver eru þau verðmæti, sem

réttlæti það eða geri það nauðsynlegt, að þetta Þjóðleikhús sé til og fái að starfa af alefli?

Hugsjónin er sú, að íslensk menning á grundvelli íslenskrar tungu lifi í landinu sínum sérkennilega og sjálfstæða þroska en í lifandi tengslum við umheiminn. Þess vegna á Þjóðleikhúsið að verða musteri íslenskrar tungu í bundnu og óbundnu máli. Það á að verða leikvangur tómtundanna og vígvöllur hugsjóna og gagnrýni. Verðmæti Þjóðleikhússins eru verðmæti fegurðar og gleði, en án þeirra, er fátækt jafnvel hið ríkmanngasta líf.“

### Á erindi við sitt fólk

Frá vígsludegi leikhússins og fram til þessa dags hefur Þjóðleikhúsið verið rekið af miklum metnaði og þar hefur svo sannarlega logað sá helgi eldur menningar og mannvits sem vitnað er til. Og Þjóðleikhúsið á erindi við sitt fólk, það sést best á því að leikhúsaðsókn á Íslandi er meiri en gengur og gerist og leikhúsaðhugi er almennari en víðast hvar annars staðar, en um hundrað þúsund gestir sækja leiksýningar í Þjóðleikhúsinu á hverju ári.

Færeyingar, sem eru margfalt færri en við, leita til Þjóðleikhússins um fyrirmyndir á sama tíma og við hér heima stöndum í harðri varnarbaráttu.

Fyrst var það hagræðingarkrafa síðustu ára, en frá efnahagshruninu hefur fjárveiting til Þjóðleikhússins verið skörin niður um ríflega þriðjung að raunvirði. Nú vill hagræðingaráhópur ríkisstjórnarinnar ganga lengra í þágu meintrar hagræðingar og breyttrar pólitískrar

→ Þó það sé bæði sjálfsagt og rétt að velja við öllum steinum á erfiðum tímum, megum við ekki ganga svo nærri þeim vörðum sem við höfum reist á vegferð okkar sem sjálfstæð þjóð að við villumst af leið.

forgangs-röðunar og setja Þjóðleikhúsið undir aðrar menningarstofnanir eða öfugt. Og þær raddir hafa jafnvel heyrst sem vilja setja spurningarmerki við það hvort þjóðin hafi yfirleitt efni á að reka Þjóðleikhús, níutíu árum eftir að sú hin sama þjóð tók einmitt ákvörðum um hið gagnstæða og það við allt aðrir og mun erfiðari aðstæður.

Þó það sé bæði sjálfsagt og rétt að velja við öllum steinum á erfiðum tímum, megum við ekki ganga svo nærri þeim vörðum sem við höfum reist á vegferð okkar sem sjálfstæð þjóð að við villumst af leið.

Þjóðleikhúsið er eign íslensku þjóðarinnar, eins og segir svo fallega í leiklistarlögum, og það er þeirra sem þiggja umboð sitt og vald frá þeirri sömu þjóð að standa vörð um menninguna okkar og þau verðmæti sem felast í lifandi listastarfsemi hér á landi. Það er þeirra að varðveita eldinn og standa vörð um þá arfleifð sem við eigum og vitnar um stórhug fyrri tíðar. Án þeirrar andagiftar og þeirra verðmæta sem sköpuð eru í leikhúsum landsins væri samfélag okkar svo sannarlega gleði og fegurð fátækari.

## „Mainstream“

Ég sé á Eyjunni í dag, mánudag, að þau Hannes Hólmsteinn og Eva Hauksdóttir eru að deila um hvort þeirra sé „mainstream“ og hvort þeirra utangarðsfólk. Sannfærður er ég um hvort er hvað.

Sá, sem sagði í fyrstu minningu minni um viðkomandi, að ekkert væri athugavert við að selja ömmu sína ef markaður væri fyrir hana – sá er auðvitað „mainstream“.

Sá, sem forsíðumyndin birtist af aleinum að „spæja“ fyrir hornið á Alþingishúsinu þegar alþýða Reykjavíkur safnavelli – sá er auðvitað „mainstream“.

Sá sem skrifaði merkar bækur um Nóbelskálidið okkar og notaði þar beinar tilvitnanir í texta þess en gleymdi að geta þess – sá er auðvitað „mainstream“.

Sá, sem að sögn aðstoðarmanns forsætisráðherra, hringdi í hann hágrátandi vegna þess að ráðherrann hefði kannski reiðst honum – sá er auðvitað „mainstream“.

Sá, sem boðaði kenninguna um að markaðurinn væri einn til þess hæfur að hafa eftirlit með sjálfum sér og lagfæra það sem lagfæra þyrfti – sá er auðvitað „mainstream“.

Sá, sem telst vera fulltrúi þess hugmyndaheims sem hrundi árið 2008 þegar sá íslenski hugmyndaheimur öðlasti heimsfrægd fyrir vikið – sá er auðvitað „mainstream“.

Mikið mega þeir vera ánægðir innra með sjálfum sér, sem ekki teljast vera „mainstream“ – heldur bara svona utangarðsfólk. Panta að fá að vera þar.

## SAMFÉLAG



Sighvatur Björgvinsson  
fv. ráðherra

## Gille piparkökur einfalda jólabaksturinn



– alvöru piparkökur

BÓNUS

HAGKAUP

Fást í verslunum Hagkaups og Bónus



## MERKISATBURÐIR

- 1804** Frederik Christopher Trampe greifi verður amtmaður í Vesturamti.
- 1950** Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík er stofnuð í kjölfar Geysisslyssins.
- 1956** Vilhjálmur Einarsson setur Íslandsmet og Norðurlandamet í þrístökki á Ólympíuleikunum í Melbourne. Jafnframt er þetta Ólympíumet í nokkrar mínútur, en endar með silfurverðlaunum.
- 1974** Hryðjuverkalög taka gildi í Bretlandi.
- 1980** Utangarðsmenn gefa út sína fyrstu plötu, Geislavirkir.



Ástkær móðir okkar,  
tengdamóðir, amma og langamma,

**AUÐUR GÍSLADÓTTIR**  
frá Siglufirði,  
Skólbraut 3, Seltjarnarnesi,



lést á Landspítalanum 22. nóvember síðastliðinn. Útförin fer fram frá Seltjarnarkirkju fimmtudaginn 28. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð.

<b>Pála H. Jónsdóttir</b>	<b>Walter Jónsson Ferrua</b>
<b>Álfhildur H. Jónsdóttir</b>	<b>Porlákur Guðmundsson</b>
<b>Dagbjört Jónsdóttir</b>	<b>Sigurður Konráðsson</b>
<b>Þórhallur Birgir Jónsson</b>	<b>Ásthildur Alfreðsdóttir</b>
<b>Guðbrandur Jónsson</b>	<b>Dóra Sólrún Kristinsdóttir</b>



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

**BJARGHILDUR STEFÁNSDÓTTIR**  
Hlíðarhúsum 3-5,



andaðist mánudaginn 18. nóvember síðastliðinn á Landakotspítala. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Blindravinafélagið. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 28. nóvember næstkomandi kl. 13.00.

<b>Gylfi Jónsson</b>	<b>Þórunn Ásgeirsdóttir</b>
<b>Birgir Jónsson</b>	<b>Dagrún Þórðardóttir</b>
<b>Kári Jónsson</b>	

ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.



Ástkær eiginkona mín,  
móðir okkar og amma,

**JÓNÍNA GUNNARSDÓTTIR**  
Vatnsnesvegi 24, Keflavík,



lést föstudaginn 22. nóvember. Jarðsöngið verður frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 29. nóvember kl. 13.00.

**Kristinn Guðmundsson**  
**Gunnar R. Kristinsson**  
**Guðmundur Már Kristinsson**  
**Hilmar Kristinsson**  
**AlmaDís Kristinsdóttir**  
makar og barnabörn.



Ástkær systir mín,

**VALGERÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR**  
frá Lundi,  
Grindavík,



lést föstudaginn 22. nóvember á Dvalarheimilinu Víðihlíð í Grindavík. Jarðarförin fer fram frá Grindavíkurkirkju þriðjudaginn 3. desember kl. 14.00. Þeir sem vilja minnst hennar láti Grindavíkurkirkju njóta þess. Reikn. 0143-26-6077, kt. 410272-1489.

Fyrir hönd aðstandenda hinnar látnu,  
**Jón Valgeir Guðmundsson**  
frá Ísólfsskála.



**Haustútsala**  
**20-30% afsláttur**

**Granithöllin**  
Legsteinar

Bæjarhrouni 26 - Hafnarfirði  
Sími 555 3888 - granithollin.is

## PETTA GERÐIST 27. NÓVEMBER 1940

# Bardagahetjan Bruce Lee fæddist

Á þessum degi árið 1940 fæddist bardagahetjan Bruce Lee í San Francisco. Hann ólst upp í Hong Kong en sneri aftur til Bandaríkjanna þegar hann var átján ára gamall. Þá bjó hann í Seattle í rúm fjögur ár og nam heimspeki við Washington-háskóla en á sama tíma opnaði hann sinn fyrsta kung-fu-sal. Þar kenndi hann áhugasömum Bandaríkjamönnum hina austurlensku bardaga-prótt.

Lee varð fyrst þekktur í Bandaríkjunum sem Kato í sjónvarpsþáttunum The Green Hornet á sjöunda áratugnum. Hann lék í nokkrum slagsmálamyndum í Hong Kong snemma á áttunda áratugnum en fyrsta mynd hans í Bandaríkjunum, Enter the Dragon, sló í gegn. Honum entist þó ekki aldur til að sjá hana á hvíta tjaldinu því hann lést mánuði fyrir frumsýningu vegna bólgu í heila. Hann var aðeins 32 ára gamall.



# Porkell Sigurbjörnsson heiðraður á tónleikum

Kaflar úr þremur verkum Porkels Sigurbjörnssonar verða fluttir á Háskólatónleikum í hádeginu í dag. Flytjendur eru Eva Þyri Hilmarsdóttir píanóleikari, Sigurjón Bergþór Daðason klarínnettuleikari og Þórunn Harðardóttir víóluleikari. Þema tónleikanna er þjóðlög.

„Þetta eru kaflar úr þremur verkum eftir Þorkel Sigurbjörnsson,“ segir Eva Þyri Hilmarsdóttir píanóleikari sem mun í hádeginu í dag leika á Háskólatónleikum ásamt þeim Sigurjóni Bergþóri Daðasyni klarínnettuleikara og Þórunni Harðardóttur víóluleikara. „Kaflar úr þjóðlögnum hans fyrir klarínnettu og píanó, svo kaflar úr þjóðlögum fyrir víólu og píanó og að lokum sirka helmingur af tríói hans sem heitir Kisum. Úr því völdum við þá kafla sem einnig innihalda þjóðlög þannig að þjóðlöggin eru nokkurs konar þema tónleikanna.“ Ástæða þess að ákveðið var að helga Þorkeli þessa tónleika er að hann hefði orðið 75 ára á árinu, en hann lést fyrir á þessu ári.

Þau Eva Þyri, Sigurjón og Þórunn hafa haldið nokkra tónleika saman en ekki fyrir tekist á við verk Þorkels. „Það sem við höfum gert áður eru þessi hefðbundnu verk fyrir þessa samsetningu hljóðfæra, en það er ekkert vöðalega mikið til af þannig verkum, þannig að við förum bráðum að verða búin með þau öll, en okkur langar til að flytja Kisum í heild einhvern tíma og erum að leita að vettvangi til að gera þann draum að veruleika,“ segir Eva Þyri.



**TRÍÓIÐ** Sigurjón Bergþór Daðason, Þórunn Harðardóttir og Eva Þyri Hilmarsdóttir koma fram á tónleikum í hádeginu í dag.

Tónleikarnir eru liður í Háskólatónleikum Háskóla Íslands, fara fram í hátíðasalnum í aðalbyggingunni og hefjast klukkan 12.30.

-fsb



Móðir okkar,

**ELÍN JÓNSDÓTTIR**  
Hrafnistu, Kópavogi,



andaðist að morgni 25. nóvember. Bálforin verður auglýst síðar.

**Elínbjört Jónsdóttir**  
**Petra Jónsdóttir**  
**Arnþrúður Jónsdóttir**  
**Hermann Jónsson**  
og fjölskyldur.



Yndisleg dóttir, systir og barnabarn,

**EVA MARÍA ÞORVARÐARDÓTTIR**



lést laugardaginn 16. nóvember. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 29. nóvember kl. 13.00.

<b>Lilja Guðmundsdóttir</b>	<b>Þorvarður Helgason</b>
<b>Birnir Þorvarðarson</b>	
<b>Einar Valur Þorvarðarson</b>	<b>Ingibjörg L. Guðmundsdóttir</b>
<b>Helgi Bjartur Þorvarðarson</b>	<b>Berglind Ösp Jónsdóttir</b>
<b>Guðmundur S. Gíslason</b>	<b>Birna Axelsdóttir</b>
<b>Kristjana Hjartardóttir</b>	



Þökkum þeim sem hafa sýnt okkur hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**JÓNS BRAGA EYSTEINSSONAR**  
Rofabæ 31, Reykjavík.




<b>Einar Eysteinn Jónsson</b>	<b>Trygve Jonas Eliassen</b>
<b>Hólmfríður Björg Jónsdóttir</b>	<b>Sólrún Sumarliðadóttir</b>
<b>Steinunn Jónsdóttir</b>	<b>Kolbrún Hjartardóttir</b>
<b>Magnús Trygvason Eliassen</b>	<b>Alice Williams</b>
<b>Bjartmar Jón Ingjaldsson</b>	
<b>Gauti Trygvason Eliassen</b>	
<b>Bragi Sumarliði M. Eliassen</b>	
<b>Bergur Gauti Ingjaldsson</b>	



Ástkær eiginmaður minn,  
faðir okkar, tengdafaðir, afa og langafi,

**MARINÓ FRÍÐJÓNSSON**  
Hólabergi 84,  
áður Völvufelli 36, Reykjavík,



lést sunnudaginn 24. nóvember á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 5. desember kl. 13.00.

<b>Guðmunda S. Gunnlaugsdóttir</b>	<b>Ásdís Emilía Gunnlaugsdóttir</b>
<b>Olga S. Marinósdóttir</b>	<b>Magnea G. Hjálmsdóttir</b>
<b>Fríðjón A. Marinósson</b>	
<b>Gunnlaugur Marinósson</b>	
<b>Rúnar Örn Marinósson</b>	

barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar kærri bróðir,

**JÓHANNES GUNNLAUGSSON**  
frá Bakka í Víðidal,  
Mjöllnisholti 6,



lést á Landspítalanum laugardaginn 23. nóvember.

**Jóhanna Gunnlaugsdóttir**  
**Elisabet Gunnlaugsdóttir**  
**Aðalheiður R. Gunnlaugsdóttir**  
**Ragnar Gunnlaugsson**



Ástkær móðir okkar,

**SIGURBJÖRG SVEINSDÓTTIR**  
frá Sauðárkróki,  
Lönguhlíð 3,



verður jarðsöngin föstudaginn 29. nóvember kl. 13.00 frá Nes Kirkju.

<b>Elsa Pálsdóttir</b>	<b>Stella E. Kristjánsdóttir</b>
<b>Magnús Pálsson</b>	<b>Edvard Lövdahl</b>
<b>Kristín Pálsdóttir</b>	<b>Ingunn Vilhjámsdóttir</b>
<b>barnabörn, langömmubörn og barnabarnabörn.</b>	<b>Guðjón Guðlaugsson</b>





OYSTER PERPETUAL MILGAUSS

ROLEX



MICHELSÉN

ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - www.sviss.is

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 27. nóvember 2013 | . tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

VIÐ KOMUM  
VÍÐA VIÐ!



Guðjón Ó  
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN



## MED JARÐ- VARMAYERK- EFNI Í 40 LÖNDUM

- Á annan tug íslenskra fyrirtækja vinnur nú við jarðvarmayerkni í samtals 40 löndum.
- Flest verkefni fela í sér ráðgjöf til erlendra aðila um nýtingu jarðvarma.
- Viðtal við Davíð Stefánsson, forstöðumann ráðgjafasviðs Reykjavík Geothermal.

SÍÐA 4

## Nýr vefur um sjávarútveg

Landsbankinn opnaði nýverið gagnvirkan vef um sjávarútveg þar sem fjallað er um þróun verðmætasköpunar í greininni.

Vefurinn var að sögn bankans opnaður í tilefni af hinna árlegu Sjávarútvegsráðstefnu sem fór fram dagana 21. og 22. nóvember á Grand hóteli í Reykjavík.

Bankinn gaf þá einnig út tímarit um sjávarútveg, þar sem fjallað er um umfang greinarinnar í íslensku hagkerfi. Þar eru birt viðtöl við forsvarsmenn fyrirtækja í sjávarútvegi, á sviði útgerðar, tækniþróunar og nýsköpunar.

- hg

## Hagnaður hjá Barnes & Noble

Bandaríska bóksölu-keðjan Barnes & Noble skilaði hagnaði á öðrum fjórðungi fjárhagsárs fyrirtækisins. Í umfjöllun AP eru aðhaldsaðgerðir sagðar hafa vegið upp á móti samdrætti í sölu. Hagnaður á tímabilinu nam 13,2

milljónum dala sem er viðsnúningur frá sama tíma í fyrra þegar keðjan tapaði 501 þúsund dólum á tímabilinu. Afkoman er engu að síður undir væntingum og féll verð hlutabréfa Barnes & Noble um sex prósent í fyrstu viðskiptum í gær. Uppgjörð kemur rétt fyrir jólasölutímabilið, en þá eru verslanir sagðar geta halað inn allt að 40 prósent af tekjum ársins.

- óká

## Útboðslýsing birt í Noregi

Atlantic Petroleum hefur birt útboðslýsingu í Noregi. Félagið stefnir að skráningu í Kauphöllina í Ósló og um leið að afskráningu í Kauphöllinni hér.

Fram kemur að stjórn félagsins hafi ákveðið að bjóða til sölu 1.575.000 nýja hluti í félaginu. Fyrirhugað er að selja hlutabréf fyrir 150 til 200 milljónir danskra króna eða sem nemur 3,3 til 4,4 milljörðum íslenskra króna. Útgefið verð á hlut, sem ekki er bindandi en er gefið út fyrir útboðið, hljóðar upp á 140 til 160 norskar krónur á hlut.

- óká

Bílabúð Benna - notaðir bílar

# Tilboð

**Chevrolet Captiva LT | Árgerð 2013**

Ekin: 40.000 | Sjálfskiptur | Dísel  
184 hestöfl | Sjö manna

**4.990 þús. kr.**



Bíll á mynd: Chevrolet Captiva LTZ

Opið virka daga 10:00 - 18:00 og laugardaga 12:00 - 16:00

**Bílabúð Benna Reykjavík**  
Notaðir bílar • Bíldshöfða 10  
Sími: 590 2035 • notadir@benni.is

**Bílabúð Benna Reykjanæsbær**  
Nýir og notaðir bílar • Njarðarbraut 9  
Sími: 420 3330 • notadir@benni.is

**Bílabúð  
Benna**  
Sérfræðingar í bílum



## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**6**  
**Á UPPLÉID**  
Félög sem hækkuðu í verði

**3**  
**Á NIÐURLEID**  
Félög sem lækkuðu í verði

**4**  
**STÓÐU Í STAÐ**  
Félög sem stóðu í stað

**ICELANDAIR**  
98,3% frá áramótum

**EIMSKIP**  
7,3% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**ATLANTIC PETROLEUM**  
-21,2% frá áramótum

**MAREL**  
5,8% í síðustu viku

### Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Atlantic Airways (DKK)	164,50	36,0%	0,0%
Atlantic Petroleum (DKK)	145,00	-21,2%	0,0%
Bank Nordic (DKK)	130,00	26,2%	0,0%
Eimskipafélag Íslands	241,00	4,8%	2,6%
Fjarskipti (Vodafone)	28,70	-11,8%	-4,0%
Hagar	37,10	63,1%	0,5%
Icelandair Group	16,30	98,3%	2,2%
Marel	132,50	-5,7%	7,3%
Nýherji	3,65	-9,9%	0,0%
Reginn	13,92	26,5%	0,9%
Tryggingamiðstöðin*	30,65	14,8%	-1,1%
Vátryggingafélag Íslands**	10,65	15,5%	-3,8%
Össur	220,00	13,4%	0,9%

### Úrvalsvisitalan OMXI6

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Century Aluminum	1150,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	13,50	43,6%	0,0%
HB Grandi	18,00	20,0%	0,0%
Sláturfélag Suðurlands	1,22	13,0%	0,0%

### First North Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Century Aluminum	1150,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	13,50	43,6%	0,0%
HB Grandi	18,00	20,0%	0,0%
Sláturfélag Suðurlands	1,22	13,0%	0,0%

\*fyrsta verð 8. maí 2013 \*\*fyrsta verð 24. apríl 2013

## Dagatal viðskiptalífsins



### Miðvikudagur 27. nóvember

- Vinnumarkaðsrannsókn í október 2013
- Vísitala neysluverðs í nóvember 2013
- Fjöldi útgefna vegabréfa
- Íslandsbanki - uppgjör 3. ársfjórðungs 2013

### Fimmtudagur 28. nóvember

- Vísitala framleiðsluverðs í október 2013

### Föstudagur 29. nóvember

- Þjónustuviðskipti við útlönd 3. ársfjórðungur 2013
- Nýskráningar og gjaldþrot hlutafélaga og einkahlutafélaga í október 2013

- Vöruskipti við útlönd janúar-október 2013

### Miðvikudagur 4. desember

- Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum

### Fimmtudagur 5. desember

- Vöruskipti við útlönd nóvember 2013 bráðabirgðatölur
- Gistinætur og gestakomur á hótélum í október 2013

### Föstudagur 6. desember

- Landsframleiðslan á 3. ársfjórðungi 2013
- Vísitala launa á 3. ársfjórðungi 2013
- Útboð ríkisbréfa

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

Fylgst er með því efni sem leikjatlölvueigendur deila með sér á samskiptavefjum Xbox One og Playstation 4:

# Orðljótum notendum refsað

Microsoft hefur eftirlit með skráum sem notendur Xbox One-leikjatlövvunnar hlaða á sameiginlegan vef eða deila sín á milli. Fram kemur í umfjöllun BBC að skrár með „mjög ljótu orðbragði“ verði fjarlægðar og einhver virkni í tölvum eigenda þeirra kunnir að verða gerð óvirk.

Allar skrár sem sendar eru á svokallað *Upload Studio* sæta eftirliti þannig að haldið verði við öruggu og heilnæmu leikjaumhverfi, segir fyrirtækið. Ekki er fylgst með beinum samskiptum á milli leikmanna (peer-to-peer) svo sem Skype-spjalli eða -samtölum.

Xbox Live, sem gerir notendum kleift að hlaða upp margmiðlunarskráum, þar á meðal hreyfimyndum sem þeir hafa búið til auk þess að taka þátt í fjölspilun á netinu, var til staðar á fyrri útgáfum Xbox-leikjatlövvunnar, en Microsoft segir að nýja Xbox One-tölvun, sem fór í sölu víða um heim fyrir helgi, hafi þróaðra kerfi til að fylgjast með því að öllum reglum sé framfylgt.

Svipuð þjónusta sem nefnist Twitch, þar sem fólk getur spjallað og deilt skráum, er tengd nýju Playstation 4-tölvunni sem fer í sölu hér á landi eftir áramót og í Bret-



**ÚTGÁFUHÁTIÐ** Fyrstu Xbox One-vélarinnar í Bandaríkjunum voru afhentar á útgáfuhátíð í New York síðastliðinn föstudag. Fréttablaðið/AP

landi í lok mánaðarins. Þar er líka eftirlit með því efni sem notendur deila. - óká



**HÚSBYGGINGAR** Um nokkurt skeið hefur verið talað um láneyðu í íslensku afhafnalífi og fátt um ný verkefni. Fréttablaðið/Sigurður Jökull

# Staflí útlána hefur bólgnað frá sumri

Óvíst er hvort hækkandi tölur Seðlabankans um útlán í fjármálakerfinu ráðast af auknum umsvifum í efnahagslífinu eða endurmati á lánunum sem bankarnir fengu í arf frá fölluðum bönkunum.

**EFNAHAGSMÁL**  
Óli Kristján Ármannsson | olikr@frettabladid.is

Heildarstaflí útlána fjármálastofnana hér innanlands hefur stækkað um meira en 30 milljarða frá því í haust, miðað við meðalgildi frá því í ársbyrjun 2012.

Verðmæti útlána fjármálastofnana landsins hefur í mánuði hverjum frá ársbyrjun 2012 til sumarloka á þessu ári verið nálægt 1.800 milljörðum, stundum aðeins yfir og stundum undir. Meðaltalið yfir tímabilið í hverjum mánuði er rúmum 1.804 milljarðar. Í ágúst á þessu ári tosast upphæðin svo í 1.815,7 milljarða. Hún hækkar enn í september í 1.829,8 milljarða og í tölum sem Seðlabankinn birti í byrjun vikunnar kemur fram að virði útlána hafi í október verið 1.834,8 milljarðar króna.

Breytingin frá því í júlí og til októberloka nemur 1,8 prósentum. Munurinn á meðalgildinu frá ársbyrjun 2012 til sumarloka í ár er 1,7 prósent.

Sérfræðingar greiningardeilda bankanna vilja þó stíga varlega til jarðar þegar kemur að túlkun talanna og segja að óvarlegt sé að draga þá ályktun að tölurnar endurspeglar auknar lántökur og þar af leiðandi aukin umsvif í efnahagslífinu. Lánasöfnin sem stóru viðskiptabankarnir tóku yfir frá gömlu bönkunum voru færð niður við tilfærsluna og hafa síðan sætt stöðugu endurmati. Þó verði að hafa í huga að

áhrifin af endurmati lánasafna gömlu bankanna hafi farið minnkandi eftir því sem lengra líður frá hruni.

Í tölum þeim sem Seðlabankinn birti á mánudag er raunar tekið fram að breytingarnar geti jafnt stafað af endurmati á virði lána eða af raunverulegum lánahreyfingum.

Í Peningamálum, þjóðhagsspá Seðlabankans sem birt var við síðustu vaxtaákvörðun sjötta þessa mánaðar, er engu að síður bent á að fyrstu níu mánuði ársins hafi útlánastofn innlánsstofnana til heimila aukist um 2,0 prósent og um 3,3 prósent milli ára á þriðja fjórðungi ársins. „Aukningin er að stærstum hluta til komin vegna aukningar í stofni óverðtryggðra lána en á móti hefur stofn gengisbundinna lána dregist saman.“ Þetta segir Seðlabankinn endurspeglar að hluta til endurfjármögnun lána og endurútreikning gengisbundinna lána sem dæmd hafi verið ólögleg.

Þá hóf bankinn á miðju þessu ári að safna nákvæmari upplýsingum um ný útlán til heimila og fyrirtækja. Samkvæmt þeim hafa ný útlán stóru viðskiptabankanna þriggja til heimila vaxið á árinu og námu þau um 38 milljörðum króna á fyrstu þremur fjórðungum ársins. „Á sama tíma voru hrein ný útlán Íbúðalánasjóðs hins vegar neikvæð um 4,4 milljarða króna,“ segir í Peningamálum.

Stærstur hluti útlána viðskiptabankanna var óverðtryggður, 27,1 milljarður, eða 71,3 prósent nýrra lána á árinu.

Aðstoðarforstjóri Nasdaq OMX fundaði fyrr í vikunni með íslenskum fyrirtækjum:

## Kynnti hér tvíhliða skráningu

Magnus Billing, aðstoðarforstjóri Nasdaq OMX Group og framkvæmdastjóri Nasdaq OMX í Stokkhólmi, fundaði fyrr í vikunni með forsvarsmönnum nokkurra íslenskra fyrirtækja sem eru skráð í Kauphöll Íslands og kynnti fyrir þeim tvíhliða skráningu innan Nasdaq OMX.

Á fundi með blaðamönnum á mánudag sagði hann tvíhliða skráningu fyrirtækja, þegar fyrirtæki eru skráð í fleiri en eina kauphöll samtímis, geta laðað að fleiri fjár-

fasta og þar með aukið fjármagn.

Tvíhliða skráning innan Nasdaq OMX er að hans sögn einfaldari í framkvæmd en aðrar því í henni eru fyrirtækin undir sama regluverki á tveimur hlutabréfamörkuðum.

„Þegar og ef gjaldeyrishöftin hverfa munum við verða tilbúin til að bjóða upp á þessa þjónustu og við erum nú þegar í viðræðum við nokkur íslensk fyrirtæki sem eru að skoða þennan valmöguleika,“ sagði Billing. - hg



**MAGNUS BILLING** Um þrjátíu evrópsk fyrirtæki eru nú tvískráð innan Nasdaq OMX.

## Gæðin skipta máli

Í Rekstrarlandi finnurðu mikið úrval af vistvænum og vottuðum vörum.



**EXTRA STERKUR ALHREINSIR**  
á erfiða bletti.  
Verð frá 979 kr.



### SALERNISPAPPÍR

8 rúllur í pakka, umhverfisvottaður, húðofnæmisprófaður, eyðir lykt, stíflar ekki lagnir.  
Verð 738 kr.



**ALHLIÐA HREINSIEFNI**  
með ilmi.  
Verð 499 kr.



**REKSTRARLAND**

Skeifunni 11 | Sími 515 1100

www.rekstrarland.is



# Þróun og horfur næstu ár

Fundur í tilefni útgáfu ársrits Hagfræðideildar Landsbankans

Fimmtudagur 28. nóvember kl. 8:00–10:00 á Hilton Nordica.



Atvinnuleysi og atvinnuþátttaka á 2. ársfjórðungi 2013, samkvæmt tölum frá OECD.

**Dr. Daníel Svavarsson,** forstöðumaður Hagfræðideildar Landsbankans, kynnis greiningu bankans á þróun og horfum í hagkerfinu til næstu ára.

**Þorvarður Tjörvi Ólafsson,** hagfræðingur á Hagfræði- og peningastefnusviði Seðlabankans, fjallar um efnahagsbatann og nauðsynlega aðlögun.

**Gylfi Arnbjörnsson,** forseti ASÍ, og **Þorsteinn Víglundsson,** framkvæmdastjóri SA, rökkræða efnahagsástandið og framtíðina á vinnumarkaði.

**Kristján Kristjánsson,** upplýsingafulltrúi Landsbankans, stýrir fundinum.

Boðið verður upp á léttan morgunverð frá kl. 8:00.









# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

## LOFT FÆR SVANSVOTTUN

Farfuglaheimilið Loft í Reykjavík hefur fengið afhenta vottun norræna umhverfismerkisins Svansins vegna góðs árangurs í umhverfismálum. Loft er farfuglaheimili í Bankastræti 7 í gamla Samvinnubankahúsinu.



## Jólaútsalurur

### Amma mús - handavinnuhús

Laugavegur 18, 101 Reykjavík  
Opð mán - fös 11-20 lau 11-17 - sun 12-17  
sími 511 3399

Ármúla 18, 108 Reykjavík  
Opð mán - fös 9-18 og lau 11-15  
sími 511 3388



### BRÉF TIL JÓLA-SVEINANNA

Póstkassarnir standa við Litlu jólabúðina á Laugavegi, við Viking Shop í göngugötunni á Akureyri og við Rammagerðina í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

## Lionssalurinn Lundur

- Jólahaðborð
- Árshátíðir
- Þorrablót

Brúkaupsveislur.is  
Fermingarveislur.is

Cocktail Y.is  
Veisluþjónusta

Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • s. 899-8994

# JÓLASVEINAÚTRÁS

**JÓLIN KOMA** Nú er hægt að senda íslensku jólasveinunum bréf. Þeim er svarað samviskusamlega og svörin send ásamt glaðningi út um allan heim.

G löggir vegfarendur á Laugavegi og göngugötunni á Akureyri hafa eflaust rekið augun í póstkassa íslensku jólasveinanna en slíkan kassa er einnig að finna í Leifsstöð. Hér er á ferðinni skemmtilegt framtak listamannsins Guðmundar Rúnars Lúðvíkssonar sem virkar þannig að fólk kaupir bréf og stílar það á viðtakanda sem það vill að fái svar frá einhverjum íslensku jólasveinanna. Hverju bréfi er svarað og fær viðtakandinn auk þess litla gjöf. „Við erum í samstarfi við RavenDesign sem gerir óróa með öllum íslensku jólasveinunum, jólakettinum, Grýlu og Leppalúða og fylgir einn órói hverju svari,“ útskýrir Guðmundur Rúnar sem sér fyrir sér að fleiri gætu haft hag af slíku samstarfi.

Kassarnir eru aðallega hugsaðir fyrir erlenda ferðamenn og er megnið af bréfunum frá þeim. Langflest eru skrifuð á ensku. „Íslendingum er þó meira en velkomnið að senda bréf og er eitthvað um þau inni á milli,“ segir Guðmundur. Fólk er beðið um að skrifa nafn og heimilisfang viðtakandans í hástöfum og svo getur það sent jólasveinunum litla orðsendingu. Bréfin kosta 1.500 krónur og fást í Litlu jólabúðinni á Laugavegi, í Viking Shop við göngugötuna á Akureyri og í Rammagerðinni í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Svarbréfin eru stöðluð en nafn viðtakanda og viðkomandi jólasveins er handskrifað. Svörin eru flest á ensku en Íslendingum er svarað á móðurmálinu.

„Við erum búin að fá alveg gríðarlega mikið af bréfum og mörg eru mjög persónuleg. Það er líka sammerkt með þeim flestum hvað fólk er ánægt með land og þjóð og lýsir það ýmsu sem það hefur upplifað á ferð sinni um landið. Hugmyndin er að velja bestu bréfin og gefa þau út á bók enda segja þau okkur margt og gætu meðal annars gagnast ferðaþjónustuaðilum um land allt,“ segir Guðmundur. Hann segir líka skemmtilegt að hugsa til þess að flestir eru væntanlega búnir að gleyma því að þeir hafi sent bréfið þegar svarið berst.

Guðmundur segir hvert bréf segja litla sögu og nefnir dæmi. „Ég var rétt í þessu að lesa eitt frá lítilli hnátu sem bað um hest eða hund en vildi alls ekki fá sendan kött eins og síðast. Þá las ég nýlega frásögn konu sem hafði ætlað til landsins með eiginmanninum. Hann hafði hins vegar látist í millitíðinni. Hún kom því ein og niðurbrotin en fékk frábærar móttökur og átti hér góðan tíma þrátt fyrir allt.“

Guðmundur segir verkefnið aðeins í startholunum. „Við gerum ráð fyrir að svara 30-70 þúsund bréfum á næsta ári.“



### GLAÐNINGUR

Hverju svarbréfi fylgir glaðningur frá Raven Design.

### ÚR BRÉFI

„Ég var rétt í þessu að lesa eitt frá lítilli hnátu sem bað um hest eða hund en vildi alls ekki fá sendan kött eins og síðast.“

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

## Þvottavél 12 kg Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát  
Stórt op > auðvelt að hlaða  
Sparneytin amerísk tæki.

Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn Afkastamikill þurrkari >

RAFVÖRUR  
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara

Join "Det Nødvendige Seminarium" DNS - in Denmark 3-year programme. Boarding. Enrolment fee.

## Another Kind of School

Travel in own buses through West Africa  
Work in European City Studies. In International Campus  
Teach - Take a BA in Pedagogy

Call +45 24424133 puk@dns-tvind.dk www.one-world-volunteer.net

## Jólatilboð fyrir unga listamanninn!

Frábært tilboð á þessari vinsælu skyndljósmyndavél.



Fujifilm Instax 210 + 2x10 skota filmur (verð 17.950) nú kr.15.300

LJÓSMYNDAVÖRUR

Skipholti 31 - ljósmyndavorur.is

# Við bjóðum frábært verð

Umfelgun á fólksbíl 5490.- á smájeppa 6490.-

## Til eldri borgara:

Umfelgun á fólksbíl 4990.- á smájeppa 5990.-

VDO Borgardekk

Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is



smaar@frettabladid.is / visir.is

## BÍLAR & FARARTÆKI



**TOYOTA**  
Notaðir bílar Kletthálsi  
Sími: 570 5220  
www.toyotakletthalsi.is



TOYOTA Yaris terra. Árgæð 2005, ekinn 134 P.KM, bensín, 5 gírar. Verð 890.000. Rnr.203040. uppl. í síma 570-5220 Toyota Kletthálsi.

Notaðir bílar Kletthálsi  
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 570 5220  
Opíð virka daga 9-18, lau 12-16.  
www.toyotakletthalsi.is

## BÍLAHÖLLIN

S: 567-4949



Kia Sorento III Ex Classic Diesel 10/2010 ek.59þús. Sjálfskiptur. Einn eigandi. Ásett verð 5.290.000.- Rnr.286048.



Honda CR-V Lifestyle 12/2011 ek.36þús. Sjálfskiptur. Mjög fallegur bíll. Ásett verð 4.790.000.- Rnr.104240.



Toyota Hilux Double Cab D/C 4/2007 ek.112þús. Dráttarbeisli. Sjálfskiptur. Ásett verð 3.690.000.- Rnr.104228.



Ford Fiesta Trend 10/2008 ek.85þús. Beinskiptur. Ný kúpling. Ásett verð 1.290.000.- Rnr.104211.



Suzuki Jimny JLX 5/2004 ek.86þús. Beinskiptur. Heilsársdekk. Ásett verð 950.000.- Rnr.286304.

Bílahöllin  
Bíldshöfða 5, 112 Rvk  
Sími: 567 4949  
www.bilahollin.is



KIA Sorento classic. Árgæð 2013, ekinn 22 P.KM, dísel, sjálfskiptur. skoðar skipti ód. Verð 6.490.000. Rnr.105570



KIA Sportage EX 4wd. Árgæð 2013, ekinn 36 P.KM, dísel, sjálfskiptur. skoðar skipti Verð 5.280.000. Rnr.105264.

Bílamarkaðurinn  
Smíðjuvegi 46E, Kópavogi  
Sími: 567 1800

## bilaborg.is

Sími 517-1111



FORD Explorer sport trac 4x4. Árgæð 19/2007, ekinn 99 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboðsverð 1.890.000. Rnr.124106. Ásett verð 2290 þús. Er á staðnum

Bílaborg  
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík  
Sími: 517 1111  
http://www.bilaborg.is

## ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES BENZ B 200 cdi blue efficiency. Árgæð 2012, ekinn 4 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. Rnr.160815.



MAZDA 3. Árgæð 2008, ekinn 56 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. Rnr.140852.



KIA Sportage ex 4wd. Árgæð 2013, ekinn 28 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.790.000. Rnr.210238. 6,5 ár eftir af verksmíðjuábyrgð.



KIA Sorento ex classic 164 hö. Árgæð 2010, ekinn 59 P.KM, dísel, 5 gírar. Verð 3.890.000. Rnr.160349.

ASKJA notaðir bílar  
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 590 2160  
www.notadir.is

## STÓRA BÍLASALAN



MMC Outlander Sport Árgæð 2004, ekinn 175þ.km, bsk. Nýleg nagladekk. Mikið yfirfarinn! Er á staðnum. Tilboðsverð aðeins 690þ.kr! Raðnr. 155551. Sjá á www.stora.is



Toyota Previa 7 manna Árgæð 2005, ekinn 164þ.km, sjálfskiptur. Flottur bíll sem er á staðnum. Verð 1.950.000kr. Raðnúmer 155510. Sjá nánar á www.stora.is

Stóra bílasalan  
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 5861414  
Myndeftilit á plani  
http://www.stora.is

# GÓÐIR Í VETUR!



SKODA Octavia ambiente combi 4x4 dísel. Árgæð 2008, ekinn 110 P.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.690. Rnr.300094.



BMW 325i s/d e90. Árgæð 2008, ekinn aðeins 37 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990. Umboðsbíll Rnr.990192.



SUZUKI Swift sjálfskiptur. Árgæð 2012, ekinn 39 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.290. Rnr.311581.



HYUNDAI I30 classic ii dísel. Árgæð 2013, ekinn 20 P.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.940. Rnr.311775.



PEUGEOT 307 xt. Árgæð 2006, ekinn aðeins 34 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.390. Rnr.219372.



TOYOTA Avensis wagon sol. Árgæð 2006, ekinn 94 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.850. Rnr.219307.



KIA Sorento lux. Árgæð 2005, ekinn 195 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.790. Fallegur og góður bíll Rnr.113676.



HONDA Cr-v i-v-tec 150 hö. Árgæð 2002, ek. 143 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.290. Mikið endurn. Rnr.219358.



SUZUKI Grand vitara. Árgæð 2013, ekinn 21 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.950. Rnr.311776.



TOYOTA Rav4 x. Árgæð 2012, ekinn 52 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.700. Rnr.219217.

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS

## BÍLAHÖLLIN

BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Opnunartími: Mán-föst kl. 10-18 • Lau kl. 12-16 • Lokað sunnudaga.  
Sími utan opnunartíma • S. 861 2165



TOYOTA Land cruiser 150 gx. Árgæð 2012, ekinn 43 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.790. Rnr.113662.



MERCEDES-BENZ M ml 320 cdi 4matic Árgæð 2007, ek. 93 P.KM, dísel, sjálfsk. Verð 5.990. Einn eigandi. Rnr.219408.



TOYOTA Land cruiser 200 vx v8 5,7. Árg. 2008, ekinn aðeins 56 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 9.590. Rnr.110593.



## Bílafjármögnun Landsbankans



# SJÚKRAÞJÁLFUN

MÍÐVIKUDAGUR 27. NÓVEMBER 2013

Kynningarblað





# Hjálpum fólki að hjálpa sér sjálft

Hjá Sjúkráþjálfun Styrk starfa sérhæfðir sjúkráþjálfarar með framhaldsmenntun og áralanga reynslu að baki. Þeir leggja áherslu á einstaklingsmiðaða meðferð sem er ætlað að bæta líkamlegt og andlegt atgervi.

Sjúkráþjálfun snýst fyrst og fremst um að hjálpa fólki að hjálpa sér sjálft. Henni er ætlað að bæta líkamlegt og andlegt atgervi, enda eru ráðgjöf, forvörn og heilsuefling mikilvægir þættir í starfi sjúkráþjálfarans,“ segir Sigprúður Inga Jónsdóttir sjúkráþjálfari hjá Styrk. Tugir þúsunda landsmanna notfæra sér þjónustu sjúkráþjálfara ár hvert en með því sparast umtalsverðir fjármunir í heilbrigðisgeiranum. „Sjúkráþjálfun skapar því verðmæti með því að bæta virkni og lífsgæði einstaklinga,“ segir Sigprúður og bendir á að sjúkráþjálfarar hafi margra ára háskólanám að baki og djúpstæð þekking þeirra á stoðkerfi og starfsemi líkamans grundvallist á því.

Einar Örn Guðmundsson sjúkráþjálfari starfar einnig hjá Styrk. Hann segir sjúkráþjálfun einstaklingsmiðaða meðferð, hvort sem viðkomandi njóti þjónustu sjúkráþjálfara á bekk eða ráðgjöf og leiðbeiningar varðandi breytni svo sem á vinnu- aðstöðu eða þjálfun. „Meðferðaúrreði sjúkráþjálfara eru meðal annars sértæk æfingameðferð, mjúkartameðferð, leiðrétting á líkamsstöðu, liðlosun, stöðugleikaþjálfun, bylgju- og rafstraumsmeðferð og nálastungur auk þol- og styrktarþjálfunar,“ telur hann upp.

## Sérhæfðir sjúkráþjálfarar

Styrkur sjúkráþjálfun ehf. að Höfðabakka 9 býður alla almenna sjúkráþjálfun, hóppjálfun og aðgang að tækjasal. „Hjá fyrirtækinu starfa sérhæfðir sjúkráþjálfarar með framhaldsmenntun og áralanga reynslu að baki sem taka vel á móti breiðum hópi viðskiptavina með ólíkar þarfir,“ segir Sigprúður. Hún bætir við að aðstaðan hjá Styrk sé mjög góð fyrir hvers konar endurhæfingu, hóppjálfun, fræðslu eða þjálfun á eigin vegum. Þá sé aðgengi að stöðinni einnig afar gott fyrir alla.

„Hóppjálfunin tekur mið af sérþörfum ákveðinna sjúklingahópa eða færniskerðinga til dæmis er boðið upp á hóppjálfun hjarta- og lungnasjúklinga, vefjagigtarleikfimi og færni- og jafnvæghópa, á meðan aðrir hópar standa almenningi til boða,“ lýsir hún.

## Hreyfigrunnur ný viðbót

Styrkur býður einnig upp á svokallaðan Dagskammt. „Dagskammtur byggist upp á kröftugum þol- og styrktaræfingum. Það miðast við að almenningur geti komið og sinnt sinni daglegu þörf fyrir hreyfingu á hálf tíma,“ segir Einar en Hreyfigrunnur er nýjasta viðbótin hjá Styrk fyrir almenning. „Það er námskeið sem er ætlað þeim sem glíma við vandamál frá stoðkerfi og hafa ekki fundið sér hreyfingu við hæfi. Námskeiðið er byggt á einföldum grunnæfingum og fræðslu. Lögð er áhersla á að þátttakendur geri æfingar rétt og læri með því góða líkamsbeitingu og átti sig á hvernig þeir beita eigin líkama í þjálfun og einnig í daglegu starfi,“ upplýsir Einar.

## Umhverfissjónarmið í fyrirrúmi

Að sögn Sigprúðar starfar Sjúkráþjálfun Styrkur í vistvænu umhverfi þar sem unnið er út frá umhverfissjónarmiðum hvað varðar meðal annars orkunýtingu, sorpflokkun og vottaðar hreinlætisvörur. „Fjöldi fólks með ólíkar þarfir sækir þjónustu á stöðina á hverjum degi. Allt frá börnum og unglíngum upp í fólk með langvinna sjúkdóma,“ segir hún en á bilinu 100 til 150 manns mæta í sjúkráþjálfun daglega og annar eins fjöldi stundar hóppjálfun og notar tækjasal. „Sjúkráþjálfarar í Styrk taka vel á móti þeim sem til þeirra leita,“ segir Sigprúður brosandí.

Allar frekari upplýsingar er hægt að nálgast á vefsíðu fyrirtækisins, á slóðinni [www.styrkurehf.is](http://www.styrkurehf.is).



Sigprúður Inga Jónsdóttir og Einar Örn Guðmundsson eru sjúkráþjálfarar hjá Sjúkráþjálfun Styrk. MYND/GVA

# Hreyfingarleysi barna áhyggjuefni

Unnur Pétursdóttir, formaður Félags sjúkráþjálfara, segir sjúkráþjálfara meðhöndla yfir fimmtíu þúsund einstaklinga á ári. Starf sjúkráþjálfara snúist um að viðhalda líkamsástandi fólks og bæta það svo það geti lagt sitt af mörkum til samfélagsins og þörfin fyrir sjúkráþjálfara sé ekki á undanhaldi.

Sögu sjúkráþjálfunar á Íslandi má rekja til lömunarveikifaraldurs sem gekk yfir landið um miðja síðustu öld. Erlendir sjúkráþjálfarar voru þá fengnir til landsins auk þess sem íslenskir læknar og íþróttáþjálfarar sinntu fólkinu. Þar með má segja stéttin hafi orðið til. Þegar læknar og almenningur á Íslandi kynntust því hvað sjúkráþjálfarar gátu gert óx starfsemin hratt,“ útskýrir Unnur Pétursdóttir, formaður Félags sjúkráþjálfara.

Til að byrja með sóttu sjúkráþjálfarar menntun sína til Norðurlanda en árið 1976 hófst kennsla í sjúkráþjálfun hér á landi. Unnur segir það merki um mikla framsýni að námið skuli strax hafa orðið hluti af lækna-deild Háskóla Íslands.

„Það skilaði okkur strax mjög vel menntaðri stétt út í heilbrigðiskerfið. Þar að auki hafa sjúkráþjálfarar sótt sér enn meiri menntun síðustu ár og er talsverður fjöldi kominn með meistraráðu. Flestir af þeim eru einnig með sérfræðiviðurkenningu frá landlækni, til að mynda í barnasjúkráþjálfun, taugasjúkráþjálfun og öldrunarsjúkráþjálfun svo eitthvað sé nefnt.“

## Hvað gera sjúkráþjálfarar?

Á Íslandi starfa um fimm hundruð og fimmtíu sjúkráþjálfarar og skiptist stéttin nokkurn veginn

í tvennt. Um það bil helmingur starfar á sjúkrahúsum og endurhæfingarstofnunum, hinn helmingur stéttarinnar vinnur á einkareknum stofnunum um allt land. Unnur segir starf sjúkráþjálfara snúast um að aðstoða fólk við að viðhalda líkamsástandi og bæta það svo það geti lagt sitt af mörkum til samfélagsins, að teknu tilliti til ástands og aldurs.

„Sjúkráþjálfarar aðstoða fólk einnig við að koma í veg fyrir eða yfirvinna vanda vegna stoðkerfiskvilla og lífsstíllssjúkdóma. Stóru málin eru inni á stofnunum, svo sem endurhæfing eftir slys og eftir aðgerðir,“ útskýrir Unnur. „Í dag fara sjúkráþjálfarar höndum um 50.000 einstaklinga á ári, sem ég tel reyndar mjög varlega áætlað.“

## Hreyfingarleysi vaxandi vandamál

Lífsstíllssjúkdómar eru hratt vaxandi vandamál í nútíma samfélagi. Unnur segir sjúkráþjálfara hafa áhyggjur af hreyfingarleysi nútímafólks og þá sérstaklega yngstu kynslóðarinnar.

„Dagleg hreyfing krakka í dag er að verða að engu. Óformleg könnun sýndi að jafnvel krakkar sem eru duglegir í íþróttum og mæta á æfingar, hreyfa sig þess utan jafn lítið og krakkar sem hreyfa sig ekki neitt,“ segir Unnur. „Þessi þróun mun frekar en ekki auka þörfina fyrir sjúkráþjálf-



Yfir fimm hundruð og fimmtíu sjúkráþjálfarar starfa hér á landi. Unnur Pétursdóttir, formaður FS, segir þörfina fyrir sjúkráþjálfara jafnvel aukast með hreyfingarleysi nútímafólks.

ara en lítil hreyfing skapar ekki bara hættuna á að þyngjast, heldur verður samhæfing fólks léleg og jafnvægið einnig. Þá verður vöðva- og beinmassi lélegri við kyrrsetu og þegar vöðvarýrnun

fer af stað þegar aldurinn færir yfir, verður því af minna að taka,“ útskýrir Unnur.

„Félag sjúkráþjálfara hefur unnið ötulllega að því ásamt fleirum úr heilbrigðisgeiranum að

koma á hreyfistöðlum á Íslandi, það er að hægt sé að ávísa á hreyfingu eftir greiningu á því hvert vandamálið er. Þessi vinna er þó á byrjunarstigi innan heilsugæslunnar.“





Líkamsstöðugreining við fullan þungaburð eftir hopp.

MYND/GVA



Frá vinstri: Guðmundur Daði Kristjánsson, Kristján Hjálmar Ragnarsson (sitjandi) og Þórður Magnússon.

MYND/GVA

# Glímt við stirðleika og óstöðugleika

Nýlega hóf Sjúkraþjálfun Kópavogs að bjóða upp á hreystigreiningu en þá er skimað eftir gæðum grunnhreyfimynda. Einstakir þættir hreystigreiningar hafa verið rannsakaðir og sýnt hefur verið fram á að líkur á hvers kyns íþróttatengdum meiðslum eru margfaldar náí íþróttamaður ekki ákveðnum viðmiðunarmörkum í greiningunni.

**S**júkraþjálfun Kópavogs er til húsa í Hamraborginni í hjarta Kópavogs. Þar starfa í dag tólf sjúkraþjálfarar, ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi. Fjölbreytt þjónusta er í boði fyrir viðskiptavinum stofunnar en nýjasta þjónustan nefnist hreystigreining. Að sögn Kristjáns Hjálmars Ragnarssonar, annars eigenda Sjúkraþjálfunar Kópavogs, snýr hreystigreining að skimun fyrir gæðum grunnhreyfimynda. „Þá skoðum við liðleika og stöðugleika auk samanburðar á hreyfingum hægri og vinstri hliða líkamans. Í hreystigreiningu er einnig gerð hlaupagreining þar sem oft má sjá hvernig stirðleiki og óstöðugleiki hefur áhrif á hlaupastíl og hlaupagetu viðkomandi.“

Hann segir helstu ástæður fyrir álagsmeiðslum íþróttamanna vera stirðleika og/ eða óstöðugleika, sem getur bæði verið almennur eða bundinn við ákveðin líkamssvæði. „Þannig má segja að hreystigreining gagnist bæði ungu íþróttafólki sem oft heltist úr lestinni á unglingsárunum þegar álag og ákefð æfinga og keppni eykst, og einnig þeim sem eru að hefja hvers konar líkamsrækt og vilja fá leiðbeiningar og undirbúning fyrir aukið líkamlegt álag.“

## Myndgreining á hreyfingum

Það er Þórður Magnússon, sérfræðingur í íþróttasjúkraþjálfun, sem hefur átt veg og vanda af þróun hreystigreiningarinnar en

hann hefur starfað hjá Sjúkraþjálfun Kópavogs síðan árið 2001. Hann segir að til þess að ná árangri í íþróttum þurfi einstaklingar að búa yfir mörgum eiginleikum, sumum meðfæddum og öðrum áunnum með þjálfun. „Þungamiðja ástandsbjálfunar hjá íþróttafólki hefur verið fólgin í því að bæta almennan vöðvastyrk, einkum í stórum vöðvum, bæta sprengikraft og hraða og einnig að auka úthald. Þrátt fyrir þessa ástandsbjálfun, þ.e. líkamlega þjálfun í öðru formi en hreyfingum í sjálfri keppnisíþróttinni, þá er erfitt fyrir marga að komast í gegnum unglingsárin án endurtekinnna meiðsla.“

Einstakir þættir hreystigreiningar hafa verið rannsakaðir í þaua að sögn Þórðar og sýnt hefur verið fram á að líkur á hvers kyns íþróttatengdum meiðslum eru margfaldar náí íþróttamaður ekki ákveðnum viðmiðunarmörkum í prófuninni. „Hreystigreiningin sjálf tekur um klukkustund í framkvæmd þar sem prófanir eru teknar upp á myndband og sjúkraþjálfari fer síðan gaumgæflega yfir og greinir þær hreyfitruflanir sem finnast.“ Að greiningu lokinni er farið yfir niðurstöður, lagðar fram tillögur um úrbætur og farið yfir æfingar-áætlun. „Niðurstöðurnar eru skriflegar og mjög myndrænar. Þær eru einnig aðgengilegar í þjálfunarforritinu Key Habits þar sem aðgangur er að vídeógreiningum frá skoðuninni.“ Hreystigreiningu fylgir auk



Jafnvægisprófun og samanburður á stöðugleika hægri og vinstri hliðar.

MYND/GVA

þess tveggja mánaða aðgangur að tækjasal Sjúkraþjálfunar Kópavogs í Hamraborg.

## Rétt tímasetning vöðvaspennu

Guðmundur Daði Kristjánsson, sjúkraþjálfari hjá Sjúkraþjálfun Kópavogs, bendir einnig á að oft sé horft framhjá því hvort einstaklingurinn hafi öðlast og viðhaldið því sem hægt er að kalla grunnhreyfi-

munstur. Barn sem er að byrja að læra að ganga hefur alveg óheftar hreyfingar hvað liðleika snertir. Það lærir smátt og smátt að stilla stoðkerfið af þannig að það geti hreyft sig og komist um í meira og meira jafnvægi. „Barn lærir að sitja upp-rétt, skriða, ganga, hlaupa, hjóla og gerir sífellt meiri kröfur um flóknari hreyfimynda. En það lærir líka að sitja, og sitja lengi og sitja skakkt

og hokið, sem hefur líka áhrif á þróun og aðlögun líkamans. Vöðvar eru ekki í réttu lengd eða spennast ekki á réttum tíma. Það er því langt í frá sjálfgefið þegar komið er á unglingsár að sá liðleiki sem var til staðar í upphafi sé ennþá sá sami eða að nægilegur stöðugleiki sé til staðar fyrir fullorðinsíþróttir.“

Allar nánari upplýsingar má finna á [www.sjk.is](http://www.sjk.is).





Aðstaðan er til fyrirmyndar eins og biðstofan og afgreiðslan bera með sér.



Hildur Kristín, sjúkráþjálfari og eigandi, segir áherslu lagða á að kenna fólki að hjálpa sér sjálft.

## Stofa með sérstöðu

Sjúkráþjálfunin Sporthúsinu er fullbúin sjálfstæð sjúkráþjálfunarstofa sem var opnuð í Sporthúsinu í Kópavogi 8. febrúar 2010. Óhætt er að segja að þar sé fjölbreytnin í fyrirrúmi með möguleika á góðu samstarfi ýmissa fagstétta.

**H**ildur Kristín, sjúkráþjálfari og einn eigenda stofunnar, segir þetta frábært umhverfi að vinna í. Jákvætt andrúmsloft og anganin af heilbrigði innan Sporthússins sé hvetjandi fyrir þá skjólstæðinga sem glíma við hin ýmsu vandamál.

Sjúkráþjálfarar hafa sérþekkingu á stoðkerfi og hreyfingum. Vandamál eru greind út frá líkamsstöðu og hreyfingum. Meðferð og ráðgjöf er veitt samkvæmt greiningu. Stefna stofunnar er forvarnir og eftirfylgni og fagleg vinnubrögð með skjólstæðinga. Reglulegt endurmat og vellíðan skjólstæðinga

með þarfir þeirra í fyrirrúmi. Síðast en ekki síst að virðing sé höfð

á leiðarljósi. Lögð er áhersla á að kenna fólki að hjálpa sér sjálft. Sjúkráþjálfararnir kenna skjólstæðingum sínum uppbyggjandi og fyrirbyggjandi æfingar og vinna markvisst að því að þeir verði sjálfstæðir í heilsuræktinni. Í sumum tilfellum taka einkaþjálfarar við frekari uppbyggingu eftir að meðferð lýkur hjá sjúkráþjálfara.

Hildur segir að starf sjúkráþjálfara sé ekki síst forvarnavinna, það sé besta fjárfestingin fyrir fólk og fyrirtæki. Fyrir

**” Sjúkráþjálfararnir kenna skjólstæðingum sínum uppbyggjandi og fyrirbyggjandi æfingar og vinna markvisst að því að þeir verði sjálfstæðir í heilsuræktinni**

utan hefðbundna meðferð hefur stofan boðið upp á hreyfigreiningu, fyrirlestra í fyrirtækjum, vinnustaðaúttektir og fleira. Sjúkráþjálfarar stofunnar hafa farið inn á námskeið Sporthússins með fræðslu, hreyfigreiningu og kynningar. Ráðgjöf er veitt til að fyrirbyggja vandamál.

Heilsustöð er samstarfsverkefni Sjúkráþjálfunarinnar Sporthúsinu, Kírópraktorstofu Íslands og Sporthússins. Tilgangurinn er að skjólstæðingar læri hvernig best sé að hefja hreyfingu og taki ábyrgð á eigin heilsu. Kennsla námskeiða er í höndum sjúkráþjálfara Sjúkráþjálfunarinnar Sporthúsinu. Undirstaða líkamsbeitingar og hreyfingar er kennd og lögð áhersla á að hver og einn læri þá aðferð sem hentar honum



best. Fræðslufyrirlestrar eru aðra hverja viku og eru þeir innifaldir í námskeiðsverði. Frekari upplýsingar eru á heimasíðunni [www.heilsustod.is](http://www.heilsustod.is).

Skjólstæðingar Sjúkráþjálfunarinnar fá aðgang að þeirri aðstöðu og þjónustu sem Sporthúsið hefur upp á að bjóða meðan á meðferð stendur. Ávallt er greiður aðgangur

ur að sjúkráþjálfurum stofunnar. Áhugasamir geta fengið frekari upplýsingar í síma 564 4067 og á netfanginu [sjúkrathjalfunin@sporthusid.is](mailto:sjúkrathjalfunin@sporthusid.is).



**KRÓKUR**



**KRÓKUR**  
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur  
Sími: 522 4600  
<http://www.krokur.net>

**100 bílar.is**



SUZUKI Grand Vitara, Árg 6/2008, ek 84-108 PKM, bensín, 5 girar, loftkæling, hiti í sætum omfl, Flottur bíll, Verð frá 1.850.000. Rnr.150820. Erum með nokkrar gerðir Vitara á staðnum,

100 bílar ehf  
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær  
Sími: 517 9999  
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.  
[www.100bilar.is](http://www.100bilar.is)

**Bílar til sölu**



Landcruiser 120, vx skrád. 10-08. ek 127,000. Krókur ofl, topp viðhald, nýjar bremsur, smurbók. Flott eintak, lista verð 5,990, fer á 4990.. Uppl í síma 893 0564.



Frá Kr. 3.995.000  
Toyota Prius Plug-in  
Keyrðu á rafmagn eða bensín!

Rafmagn og Bensín. Nissan Leaf Rafbíll frá 2.995þ, Ford Focus Rafbíll frá 3.995þ, Chevrolet Volt Raf+Bensín frá 3.995þ Toyota Prius Plug-in Raf+Bensín frá 3.995þ, Toyota RAV4 Tesla rafbíll frá 4.995þ. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus.is - S.5522000.

**250-499 þús.**



**TILBOÐSVERÐ 350ÞÚS STGR**  
Nissan Almera 1.8 árg .01 ekin 180þús. beinskiptur. skoðaður 14. glæný vetrardekk. mjög eyðslugrannur og góður í akstri. Tilboðsverð aðeins 350þús stgr. möguleiki á 100% visa/ euro láni. uppl í s:659-9696

**Bílar óskast**

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**  
Má þarfnast lagfæringa.  
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

**Sendibílar**



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Til sölu Izusu NQR sendibíll. Kassi og lyfta. Ek. 111.000. Verð 2.500.000 m/ vsk. Uppl. s. 8937831.

**Lyftarar**




Til sölu Yale GDP 25. Árg. 2006. Lyftigetna 2.500kg. Lyftihæð 3,0m. Laust vökvaúttak. Innfluttur nýr og aðeins einn eigandi. Verð 950.000kr án vsk. Kraftvélar ehf / S. 535-3500 [www.kraftvelar.is](http://www.kraftvelar.is)

**Bílaþjónusta**



Smíðum og forritum flestar gerðir bíllykla á meðan beðið er  
Tímabantanir óþarfar



**Varahlutir**

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opíð 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / [www.carparts.is](http://www.carparts.is) japvel@carparts.is

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Wolkswagen, Kyrón, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escepe. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá .02 Kaupum bíla til niðurriffs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

**Viðgerðir**

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**  
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Par á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

**ÞJÓNUSTA**

**Pípulagnir**

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

**VANTAR PIG PÍPARA ?**

Getum bætt við okkur verkefnum, viðgerðir, viðhald og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. Tilboð/tímavinna. Uppl. í s. 869 4808 Heimslagnir ehf.

**FAGLÆRDIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnarþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**Hreingerningar**



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö PRIF&HREINLÆTI S. 662 0662**

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

**Bókhald**

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**BÓKHALD OG SKATTFRAMTÖL**

Fyrir einstaklinga, einyrkja og félag. Áralöng reynsla. Dignus ehf - dignus.is - s: 699-5023.

**Málarar**

**MÁLARAMEISTARI**

Við tökum að okkur alla almenna málningavinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

**DIESEL**  
**Ford Kuga Trend diesel. Árgerð 2011, ekinn 77 þ.KM, 6 girar, lykjalaut aðgengi, einn eigandi, krókur. Lækkað verð 3.450.000. Allt að 75% lán.**  
**S. 580 8900**  
**[www.bilalind.is](http://www.bilalind.is)**

**FRÁBÆR KAUP!** **bilfang.is** S.5672000



**SJÁLFSKIPTUR**

**Subaru Forester LUX 4X4 (Leður/Lúga) 04/2008 ek 98 þ.km Sjálfskiptur Verð núna 2.2 mil !!!**



**EINN EIGANDI**

**Subaru Legacy Sport Wagon 07/2008 ek 113 þ.km beinskiptur. Einn eig. Verð núna 1790 þús !!!**



**FRÁBERT EINTAK**

**VW Golf Comfort 4 motion 4X4 11/2004 beinskiptur Verð núna 890 þús !!!**



**GOTT EINTAK**

**Nissan Micra Visia 07/2009 ek 124 þ.km Sjálfskiptur. Verð Núna 1100 þús !!!**



**METAN!**

**Ford Explorer Sport Trac 4X4 METAN/bensín 10/2006 (mód 2007) ek 94 þ.km Sjálfskiptur umboðsbíll Verð núna 1950 Þús !!!**



**DIESEL!**

**Skoda Octavia Ambiente Diesel 08/2008 ek 103 þ.km Sjálfskiptur Einn eigandi ! Verð núna 1890 Þús !!!**



**BEIN-SKIPTUR**

**Toyota Corolla Wagon Terra VVTI 08/2000 ek 205 þ.km 1600cc Beinskiptur Verð 350 þús !!!**



**DÚNDUR EINTAK**

**Suzuki Grand Vitara LUX 07/2005 ek aðeins 65 þ.km ! Sjálfskiptur LEDUR Verð núna 1190 þús !!!**



**BEIN-SKIPTUR**

**Suzuki Grand Vitara 06/2009 ek 69 þ.km Beinskiptur Verð núna 2490 !!!**

**Seljum nokkra vel með farna ástandsskoðaða uppítökubíla á FLOTTU VERÐI !**



**Búslóðaflutningar**

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaelis. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**Húsviðhald**

**VIÐHÖLD**  
fasteignaviðgerðir

Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

- murviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pipulagnir
- raflagnir
- flisalagnir
- jarðvinnu
- heilubagnir

Sími 567 6699  
kristjan@vidhald.is

Smíður getur bætt við sig verkefnum. Vanur allri smíðavinnu. Uppl. í s. 869 1698.

**E.SIGURÐSON EHF**

E.Sigurðson ehf. byggingarverktakar, getum bætt við okkur verkefnum. Öll almenn innivinna, glugga- og klæðningar, þök. Áralöng reynsla. Tilboð eða tímavinna. Eyjólfrur s. 691 8842 og Haukur s. 771 9713.

Getum tekið að okkur verkefni í parket og flisalögnum, málun og allri almennri trésmíði. Uppl. í s. 899 5700

**LEKUR PAKIÐ ?**

Pakpappalagnir / Pakviðgerðir. Á steyp og timbur þök. Mikil reynsla, meðmæli geta fylgt. s. 8498700.

**Spádómar**

**SPÁSÍMI 908-6116**

Ástir, fjármál & heilsa.

**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Rafvirkjun**

**Raflagnir Dyrasímar**

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

**Fljót og góð þjónusta**  
Sími 893 1733

**Jón Jónsson**  
Löggiltur rafverktaki

www.raflagnir.is

**KEYPT & SELT**

**Til sölu**

www.stolpiehf.is

**Geymslugámar**  
til sölu og leigu

**Stólpi Gámar ehf**  
Klettagördum 5 | Sími 568 0100

**BÍÐU TIL ÞITT MYNDA-ALBUM**



Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!...eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is



**HITAVEITUSKELJAR OG LOK**

Eigum til Hitaveituskeljar til afgreiðslu strax. Stærð 210x210cm. 1650 lítrar. Byggaðar úr trefjagleri. Sterkustu og vönduðustu hitaveituskeljar á markaðnum í dag. Litir: Svört og Moonscape. 100% sjálfbærandi skeljar. Eigum lok á lager fyrir rafmagnspotta og hitaveituskeljar. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000, (Sogavegi 3, í verslun Fiskikóngsins)



Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!...eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is



Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!...eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

**Vandaðir krossar á leiði!**

JS LJÓSAMÍÐJAN  
SKEMMUVEGI 34-200 KÓP. SÍMI 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir dróljósakrossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opíð virka daga 8-18 og lau 10-16.



**FALLEG KVÖLDLJÓS**

Mikið úrval af fallegum saltkristalslömpum. Ditto, Smíðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opíð mán-fös: kl 14-18, Sími 517-8060. www.ditto.is

**Óskast keypt**

**KAUPUM GULL**

og aðra eðalmálma gegn framvisun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnettsstig 2,

220 Hafnarfjörður S. 565 4854  
www.siggaogtimo.is

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaup gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leiðið til fagmanns og fáðu góð ráð.

Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausul www.kaupumgull.is

Opíð alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )

Upplýsingar í síma 661 7000.

**Til bygginga**



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBÝGGINGA SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarólfa. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

**HEILSA**

**Heilsuvörur**

Ég náði árangri með Herbalife. Frítt lífsstílsmat. Rannveig 862 5920, rkbald@simnet.is

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífsstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifstills.is

**Nudd**

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þér, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**SKÓLAR & NÁMSKEIÐ**

**Námskeið**

**SCHOOL ICELANDIC**

NORSKA I, II & III - NORSKA f. heilbrigðisgeira, SÆNSKA, ENSKA f. fulloröna. ÍSLENSKA f. útlandinga - ICELANDIC. Námskeið byrja - Courses starting: 2/12, 13/1, 10/2, 10/3, 7/4, 5/5 Morgna/ Síðdegi /Kvölds - Mornings/ Afternoons/Evenings. 4 vikur 5 x vikur - 4 weeks, 5 days a week. www.iceschool.is. Fullorðinsfræðslan- IceSchool, Ármúli 5. s.588 1160.

**Flug**



**EINKAFLUGMANNSNÁM HEFST 13.JANÚAR**

Nú er tækifærið. Viltu starfa í flugi? Einkaflugmannsnám er fyrsta skrefið í átt að atvinnuflugmannsprofí. Skráning á www.flugskoli.is.

**Ökukennsla**

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökuþróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

**HEIMILIÐ**

**Húsgagnaviðgerðir**

Smíður með reynslu í húsviðgerðum ó.e vinnu. Hurðir, parket, flisar, gipsveggir og fl. s. 7718013.

**Ýmislegt**

Tveir pottfönar til sölu. Standandi. Breidd 170 og 250 cm. 2.000 kr. stykkið s. 840 4331.

Nánast ónotað klósett til sölu. Veggstútur. 5.000 kr. s. 840 4331.

**TÓMSTUNDIR & FERÐIR**

**TACTICAL.is**

Fjarstjórn Takki Plastmódeli Balsflugvilar Flugdrakar Leikföng og mfl.

Opíð Virka daga kl.11-18 Laugardaga 11-14

HOBBYBÚÐIN GLÆSISBÆ

**HÚSNÆÐI**

**Húsnæði í boði**

Mjög góð 110fm. 4ra herb. íbúð í 104 Rvk til leigu. Laus strax. Uppl í síma 8963038

Falleg 55 m2 íbúð á eftstu hæð á góðum stað í Hafnarfirði til skammtímaleigu í óákv.tíma. laus strax, hafi samband í 899 0671/822 7606.

**Atvinnuhúsnæði**

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU AUÐBREKKU 25 (GAMLA TOYOTAHÚSIÐ)**

150 - 1500 fm húsnæði sem hægt er að nýta sem lagerhúsnæði, fyrir léttan iðnað eða verkstæði. Óflugt lofttræstikerfi, niðurföll með olíugildrum, stórar innkeyrsludyr, allt að 4 metra lofthæð, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri. Höfum einnig til leigu skrifstofur frá 20 fm

Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000

**TIL LEIGU SKRIFSTOFUR MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU NÝBÝLAVEGI 8 (GAMLA TOYOTAHÚSIÐ)**

20 - 50 fm vel staðsettar skrifstofur eða skrifstofuhæðir 3 - 400 fm með glæsilegu útsýni, fjölmörg bílastæði, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri. Möguleiki á að leigja stakar skrifstofur eða heila hæð.

Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000

**Geymsluhúsnæði**

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, uppíttáð og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**ATVINNA**

**Atvinna óskast**

**ATVINNA ÓSKAST**

Óska eftir vinnu fyrir hádegi, flest allt kemur til greina. Er með bíl til umráða. Hilmar S: 851-1960.

**TILKYNNINGAR**

**Tapað - Fundið**



Læða týndist í Bergstaðastræti þ. 23. nóv. Er ólarlaus. 6943364/6907740.

**Einkamál**

Heitasta upptakan! Kamilla hjá Sexylceland.com hjóðritaði sjálfa sig fyrir Rauða Torgið. Upptakan er fráber og endaspretturinn alveg magnaður! Hlustaðu núna í s. 905-2002 og 535-9930, uppt.nr. 8307.

Tvær fallegar ungar konur, vinkonur, vilja kynnað karlmanni. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8369.

Kona, leitar þú kynf. tilbreytingar? 100% leynd. Ókeypis auglýsing, árangur strax. Rauða Torgið Stefnumót, s. 535-9923.

220 Hafnarfjörður

**OPIÐ HÚS**  
Miðvikud. 27. nóv. 17:30 - 18:00

**Strandgata 38**

- Elögjafingir í hendi að eðlir 1200 kr
- Hjúgrygging
- Vaxandi innviðingur
- Fálleg eldrihúsi í ströngum Hf.

39,7 millj.

MIKLABORG 598 7800 Símanúmer 18 www.miklaborg.is

**SMÍÐIR VERKAMENN MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMÍÐI, VERKAMENN OG MÚRARAR SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU. HANDAFL EHF

S. 777 2 333

**HRAUNHAMAR**  
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**Erluás 12 - Hafnarfjörður - Raðhús**

**OPIÐ HÚS**

Opíð hús í dag frá kl. 17:30 - 18.

Nýkomið glæsilegt endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr samtals 162,4 fm. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Sérsmíðaðar innréttingar í öllu húsinu. Þrjú góð svefnherbergi. Tvö flísalögð baðherbergi. 30 fm. útsýnisvalir. Glæsileg verönd og hellulagt bílastæði. Vönduð og góð eign. Verð 45 millj.

Upplýsingar gefur Hilmar Bryde s. 892 9694.

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**





ADSTÆÐUR SKOÐAÐAR Starfsmenn ÍSOR koma meðal annars að jarðvarmaverkefni nálægt eldfjallinu Dallol í Eþíópíu.

MYND/HELGA MARGRÉT HELGADÓTTIR (ÍSOR)

## ÍSOR VEITIR RÁÐGJÖF Í YFIR TUTTUGU LÖNDUM VÍÐS VEGAR UM HEIMINN

Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR, er sjálfstæð ríkisstofnun sem annast rannsóknir, ráðgjöf, þjónustu og kennslu á sviði jarðhitanytingar.

Stofnunin vinnur þessa dagana í 24 löndum við ráðgjöf vegna jarðvarmaverkefna. ÍSOR kemur þar að jarðefnafræðilegum rannsóknum, hönnun borholna og ráðgjöf við boranir. Stofnunin sinnir einnig mælingum og mati á borholum og afköstum þeirra, mati á jarðhitaforða, stýringu jarðhitavinnslu og umhverfisrannsóknum.

Árið 2009 opnaði ÍSOR skrifstofu í Chile með verkfræðistofunni Verkís og árið 2012 komu um 40 prósent tekna stofnunarinnar frá útlöndum.

ÍSOR hefur einkum starfað í Mið-Ameríku og Austur-Afríku en

einnig nokkuð í Evrópu og Asíu. Stofnunin vinnur þessa stundina að ráðgjafarverkefnum í löndum eins og Tansaníu, Sambíu, Rúanda, Búrúndí, Malaví, El Salvador, Níkaragva, Armeníu, Tyrklandi, Portúgal, Indlandi og Kína.

ÍSOR tilkynnti í gær að fyrirtækið tæki þátt í umfangsmiklu evrópsku rannsóknarverkefni sem á að vera til næstu fjögurra ára.

„Markmið verkefnisins er að þróa nýjar aðferðir til að rannsaka og meta jarðhitakerfi og staðsetja borholur með markvissari hætti. Vonast er til að hægt verði að gefa sem besta mynd af jarðhitakerfum áður en boraðar eru rannsóknarholur. Það gæti þýtt að hægt yrði að draga úr kostnaði við boranir í jarðhitaverkefnum. Einnig að staðsetning borholna verði árangursríkari, sem dregur úr umhverfisáhrifum,“ segir í tilkynningu frá ÍSOR.

# ÞÚ VELUR LENGRI LEIÐINA HEIM

## NÝR VOLVO XC60

AUKIÐ AFL OG MEIRI SPARNEYTNI



VOLVO XC60 AWD  
VERÐ FRÁ 8.790.000 KR.  
VOLVO.IS

Njóttu ferðarinnar til botns í einstakri hönnun og skandinavískum lúxus. Margverðlaunaða öryggiskerfið Borgaröryggi er staðalbúnaður í Volvo XC60. DSTC stöðugleikastýrikerfið leiðréttir mistök í akstri og CTC beygjuspólvörmin gerir þér kleift að taka beygjur á meiri hraða, með aukinni mykt og öruggar en áður. Veghæðin er heilir 23 cm undir lægsta punkt.

KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJAN VOLVO XC60 Í BRIMBORG Í DAG. OPPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | volvo.is

Volvo XC60 AWD, D4 dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 181 hö, tog 420 Nm, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,4 l/100 km. CO<sub>2</sub> 169 g/km. Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.





Skema og Reiknistofa bankanna ýta úr vör nýjum sjóði:

## Efla tölvukennsluna

Reiknistofa bankanna og Skema ýttu fyrir helgi úr vör sjóði sem nefnist „Forritarar framtíðarinnar“. Hlutverk hans er að efla forritunar- og tæknimenntun í grunn- og framhaldsskólum.

Að sjóðnum koma fyrirtæki af öllum stærðum og leggja honum lið á ýmsan máta. Bakhjarlar eru Nýherji, Íslandsbanki, Landsbankinn, Microsoft, RB, Cyan veflausnir og CCP. Í umfjöllun um sjóðinn á vef Skema kemur fram að upplýsingatæknigeirinn vaxi hratt og

landið standi frammi fyrir skorti á tæknimenntuðu fólki. Þórunn Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Skema, bendir á að þótt börn og unglingar verji miklum tíma í kringum tækni endi þau oft frekar í hlutverki neytenda tækni en fá ekki tækifæri til að vinna og skapa út frá tækninni. „Mikilvægt er að þau fái þjálfun og þekkingu sem til þarf til að kveikja áhugann – en áhugi er fyrsta skrefið í átt að því að efla enn frekar tæknimenntun þjóðarinnar,“ er eftir henni haft.

# Opna reKode-setur snemma á næsta ári

**Rakel Sölvadóttir, stofnandi Skema, segir þrýst á öran vöxt vegna athygli sem Skema hafi fengið. Forbes benti á Skema sem eitt tíu áhugaverðustu sprotafyrirtækja. Stefnt að opnun í Bandaríkjunum.**

### UPPLÝSINGATÆKNI

Óli Kristján Ármannsson | olikr@frettabladid.is

Stefnt er að því að opna reKode-setur í Redmond í Seattle í Bandaríkjunum í lok febrúar eða byrjun mars, segir Rakel Sölvadóttir stofnandi sprotafyrirtækisins Skema og framkvæmdastjóri reKode vestra.

reKode er útrás hugmynda- og aðferðafræði Skema, sem sérhæfir sig í kennslu og rann-

sóknum, með sálfræði, kennslufræði og tölvunarfræði að leiðarsljósi. Skema hefur vakið heimsathygli og var nýverið valið, af tímaritinu Forbes sem eitt af tíu sprotafyrirtækjum til að fylgjast með á þessu ári.

Rakel segir að þessa dagana sé verið að ganga frá leigusamningi fyrir húsnæði undir höfuðstöðvar og reKode setur. Að mörgu sé að hyggja þegar koma á sér fyrir og stofna fyrirtæki í nýju landi. Þannig þurfi maður í Bandaríkjunum að búa sér til viðskiptasögu áður en maður geti svo mikið sem keypt sér bíl. Hún fór utan með fjölskylduna í haust. „Við erum hér í bakgarðin Microsoft,“ segir hún kankvís. Vandfundinn sé betri staður fyrir höfuðstöðvar fyrirtækisins. Á döfinni sé síðan að opna viðlíka setur í San Francisco og í Las Vegas. Viðtökur vestra hafi verið aftar góðar, en fyrsta námskeiðið var haldið síðasta sunnudag, „svona til að fá umsgagnir og viðbrögð“ segir Rakel. Þá

segir hún að óneitanlega hafi geta þrettán ára dóttur hennar, Ólínu Helgu Sverrisdóttur, vakið nokkra athygli ytra. „Hún er náttúrlega fyrsta tilraunadýrið og gangandi dæmi um ágæti nálgunar Skema,“ segir hún. Ólína varð í mánuðinum í öðru sæti í valinu á Tæknistelpu ársins í Evrópu. Þá vann hún í fyrra forritunarkeppni á vegum Bandarísku alríkislögreglunnar (FBI).


„Við erum að fara að byggja upp næstu kynslóð af norðatöfnum,“ segir Rakel. Hér heima segir hún Skema búið að kenna um 2.000 börnum og yfir 300 kennurum. Að auki hefur svo verið unnið við innleiðingu á notkun spjaldtölva og annarrar tækni í fjölda skóla, auk margvíslegs samstarfs sem Skema hefur gengið til.

Rakel segir mikla athygli sem fyrirtækið hefur fengið vissulega þrýsta á um hraðari vöxt, en hjá Skema gæti þau markvisst að því að fara ekki fram úr sér. „En við gerum ráð fyrir að setja upp alla vega fjögur setur á næsta ári,“ segir hún. Í framhaldinu verði svo farið í að setja upp. „En núna er mál númer eitt tvö og þrjú að koma upp setrinu hér.“



### KLÁRAR MÆÐGUR

Ólína Helga Sverrisdóttir, 13 ára dóttir Rakelar Sölvadóttur, var nýverið í öðru sæti í vali á Tæknistelpu ársins í Evrópu 2013 (Digital Girl of the Year Award).



## Meistaradeildin

# Lifir fyrir stangveiði

**Guðmundur Jörundsson fatahönnuður er maðurinn á bak við fata-merkið JÖR. Hann undirbýr nú opnun dömudeildar.**

### SVIPMYND

Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

„Það var alltaf markmiðið að stofna mitt eigið vörumerki og það varð að veruleika í október á síðasta ári,“ segir Guðmundur Jörundsson, fatahönnuður og einn eigenda verslunarinnar JÖR á Laugavegi.

Guðmundur starfaði áður sem yfirhönnuður Herrafataverslunar Kormáks og Skjaldar og ákvað eftir nokkur ár þar að stofna sitt eigið fatamerki.

Hann og Gunnar Örn Petersen, framkvæmdastjóri JÖR, sömdu í kjölfarið við erlendar fataverksmiðjur um framleiðslu á vörum þeirra. Þar á meðal er verksmiðja í Tyrklandi sem framleiðir meðal annars fót fyrir Armani og Paul Smith.

„Nú erum við á fullu við að klára framleiðslu á öllum okkar vörum fyrir jólin því við erum að fara að opna dömudeild í byrjun desember. Á sama tíma erum við einnig að klára sumarlínu JÖR,“ segir Guðmundur. Hann er með BA-próf í fatahönnun frá Listaháskóla Íslands og stundaði áður nám við Menntaskólann í Hamrahlíð en hætti þar til að afla sér í reynslu í fatahönnun.

Guðmundur er mikill stangveiðimaður og fer oft í lax- eða silungsvæði á sumrin.

„Ég lifi fyrir að veiða, enda byrjaði ég að veiða áður en ég byrjaði að ganga. Önnur áhugamál mín eru fatahönnun og ég fer mikið á skíði og svo er ég fótbolta-áhugamaður.“

Guðmundur er trúlofaður Kolbrúnu Vöku Helgadóttur, mannfræðingi og aðstoðarframleiðanda á RÚV. Þau eiga saman tveggja ára son, Jörund Örvar.

Spurður um hvað sé framundan hjá honum segir Guðmundur að JÖR taki snemma á næsta ári þátt í tveimur erlendum tískusýningum.

„Við verðum meðal annars á Copenhagen Fashion Summit 2014 sem verður haldin í lok apríl. Svo eru uppi hugmyndir um að færa vörumerkið út til útlanda en það er enn á byrjunarstigi.“



JÖR Guðmundur Jörundsson hætti í menntaskóla til að afla sér reynslu í fatahönnun. Fréttablaðið/Valli

### PORINN HÚMORISTI



BJARNI GEIR ALFREÐSSON veitingamaður.

„Guðmundur er dásamleg manneskja til að byrja með og ég lít á hann sem son minn. Hann er með rosalega skemmtilegan húmor sem hentar mér ágætlega. Hann er hálfgerð Coco Chanel í sínu starfi daglega en svo þegar maður fer með honum út í náttúruna að veiða þá breytist hann í villmann sem fer ekki í bað í marga daga. Hann er kærleiksþangsi og góður drengur. Hann hlýtur að hafa einhverja veika punkta en ég hef ekki enn rekist á þá.“



HRAFNHILDUR HÓLMGEIRSDÓTTIR, listrænn stjórnandi JÖR.

„Guðmundur er vel upp alinn drengur og klár í því sem hann gerir og hann er mjög þorinn. Hann er einnig góður í að vinna með fólki og gefa fólki tækifæri. Svo á hann alltaf nóg af fimmaurabröndurum. Ég hef ekki enn fengið að fara í laxveiði með honum en ég hef heyrt að þessar laxveiðiferðir þeirra félagá séu mjög skrautlegar.“

## Fjörið heldur áfram!

Veislan hefst í Rússlandi þar sem Evrópumeistararnir í Bayern München geta tryggt sér efsta sætið í riðlinum með sigri. Rauðu djöflarnir fara í 16 liða úrslit með sigri í Þýskalandi á meðan Ragnar Sigurðsson, Rurík Gíslason og félagar í FC Kaupmannahöfn ferðast til Ítalíu. Störstjörnurarnar í Real Madrid fá svo Galatasaray í heimsókn á Santiago Bernabéu.

**Ekki missa af taumlausri skemmtun í Meistaradeildinni!**

### Í DAG

CSKA Moskva–Bayern München  
Upphitun  
Bayer Leverkusen–Man. Utd.  
Juventus–FC Kaupmannahöfn  
Real Madrid–Galatasaray  
Meistaramörk

SPORT 16:55  
SPORT 19:00  
SPORT 19:30  
SPORT 19:30  
SPORT 19:30  
SPORT 21:45

Fáðu þér áskrift

512 5100  
stod2.is



besta sætið



# FYRIRTÆKJASKJÁIR

# PHILIPS



## 3 ÁRA ÁBYRGÐ

Philips er heimsþekkt fyrir vandaða framleiðslu í hæsta gæðaflokki enda koma allir fyrirtækjaskjái þeirra með traustri 3 ára ábyrgð. Hægt er að velja úr yfir fimmtíu mismunandi tegundum af Philips skjám, allt frá 19" skrifstofuskjám upp í 29" breiðskjá. Spennandi nýjung frá Philips eru sérhannaðir tölvuskjái til nota í heilbrigðisgeiranum. Þeir eru hugsaðir til skoðunar á myndefni úr ýmsum lækningatækjum eins og röntgen.

## ÞÆGINDI FYRIR STARFSMENN

Starfsmenn verja miklum tíma fyrir framan tölvuskjáinn og gæði hans og möguleikar skipta miklu máli fyrir afköst og líðan á vinnustaðnum. Fyrirtækjaskjáirnir koma með stillanlegum fæti sem gefur starfsmönnum kost á að stilla hæð þeirra þannig að líkamsstaðan sé rétt auk þess sem hægt er að snúa skjánum á fætinum þannig að hann sé jafnvel lóðréttur, fyrir verkefni þar sem það hentar betur.

## TÆKNI SEM SKIPTIR MÁLI

Gæði skjásins liggja í þeirri tækni sem liggur honum til grundvallar. Fyrirtækjalína Philips sameinar háa upplausn, gott skerpuhlutfall og nýjustu LED baklýsingartækni. Ergo Sensor tæknin lágmarkar þreytu og kvilla tengda tölvunotkun og Power Sensor dimmir skjáinn þegar enginn situr við hann. Skjáfilman hefur mikil áhrif á myndgæðin og hægt er að velja milli margra tegunda eins og TN, IPS og AMVA.

## HAFÐU SAMBAND

Fyrirtækjasvið Tölvulistans er skipað fjölda starfsmanna sem hafa yfirgripsmikla þekkingu á tölvuþörfum fyrirtækja. Við leggjum mesta áherslu á að bjóða fyrirtækjum gæðabúnað frá þekktum og traustum framleiðendum í öllum flokkum. Hafðu samband við fyrirtækjaþjónustu okkar í síma 414-1710 til að fá sértilboð í Philips tölvuskjá eða annan tölvubúnað fyrir þitt fyrirtæki.

tl.is

**TÖLVU  
LISTINN**

FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA





**BJARNVEIG  
EIRÍKSDÓTTIR**

## Aftur til fortíðar?

Það er gjarnan sagt að þau spor sem við skiljum eftir okkur í netheiminum verði þar „um aldur og ævi“. Það sama á við um umfjöllun annarra, s.s. fjölmiðla, sem kann að vera röng eða ósanngjörn í okkar garð, eða hvorugt, en við kærur okkur einfaldlega ekki um að hver sem er sjái. Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga veita tiltekna vernd, s.s. gegn myndbirtingu og nafngreiningu.

### Persónuverndarlögin

Einnig er samkvæmt lögum um rafræna þjónustu hægt að láta loka netsíðum með ólöglegu efni. Persónuverndarlögin taka til persónuupplýsinga sem ekki eru endilega ósæmilegar eða ólögmatar. Miðað er við að einstaklingur þurfi að veita samþykki til vinnslu persónuupplýsinga. Mikilvægar undantekningar eru á þessari reglu, svo sem vegna tjáningarfrelsis fjölmiðla og er almennt talið heimilt að birta mynd af einstaklingum á opinberum viðburðum.

### Miðillinn naut ríkari verndar

Nýlega dæmdi spænskur dómstóll í máli Mario González sem vildi láta fjarlægja umfjöllun í rafrænni útgáfu dagblaðs sem birtist þegar nafn hans var „gúglad“. Hann hafði ekki erindi sem erfiði. Tjáningarfrelsi miðilsins naut ríkari verndar en réttur Marios. Í kjölfarið krafðist spænska persónuverndarstofan þess að Google fjarlægði hlekk í þessar upplýsingar svo ekki væri hægt að finna þær með leitarvélinni. Málið er nú hjá Evrópuþómsólunum. Leitarvélar eru vinnsluáðilar gagna og hefur lögsögumaður dómstólsins látið í ljós það álit sitt að leitarvélar geti aðeins í undantekningartilvikum talist bera ábyrgð á gögnum, en samkvæmt tilskipuninni getur ábyrgðaraðilum verið skylt að fjarlægja upplýsingar er njóta persónuverndar. Álitid er nokkuð umdeilt og ekki í samræmi við viðtekna skýringu tilskipunarinnar. Fari dómstóllinn eftir álitinu í forúrskurði sínum mun Mario einnig fara erindisleysu gagnvart Google.

### Erfitt að ritstýra fortíðinni

En þetta kann að breytast. Persónuverndartilskipun ESB er frá 1995. Nú eru til meðferðar hjá Evrópuþinginu drög að reglugerð sem eiga að leysa hana af hólmi. Samkvæmt drögum munu einstaklingar ekki aðeins geta krafist þess að vörsluáðilar fjarlægja persónuupplýsingar heldur einnig að ýmsir aðrir geri það, jafnvel leitarvélar eins og Google. Reglugerðardrögin eru þó ekki alveg skýr að þessu leyti. Einnig dró lögsögumaðurinn í Google-málinu í efa réttmæti þess að leitarvélar yrðu skyldaðar til að fjarlægja aðgang að lögmætum upplýsingum. Skýrist þetta ekki í meðförum þingsins og ráðsins munu dómstólar þurfa að skera úr um þetta atriði. Þangað til að minnsta kosti þurfum við að horfast í augu við að erfitt er að ritstýra fortíðinni.

Loksins færðu stuðning í vinnunni

**Knoll**

CHADWICK STÓLLINN  
SAMEINAR FALLEG FORM  
OG HÁMARKSPÆGINDI.

Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkurvöllur / 5687733 / epal@epal.is / epal.is



Tilboðsverð:  
**138.800kr\***  
Fullt verð: 198.500kr



\* til afgreiðslu í viku 49

HÖNNUÐUR: DON CHADWICK

Ábendingahnappinn má  
finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



**S A F T**





FIND **NEW** ROADS™



# GRÍPTU TÆKIFAERIÐ

Nokkrir sýningarbílar á frábærum afslætti fram að áramótum. Fyrstir koma fyrstir fara á glæsilegum Chevrolet inn í nýtt ár.

ALLT AÐ  
500.000 KR.  
AFSLÁTTUR

Tryggðu þér eintak strax!



Opið alla virka daga frá 9 til 18  
og laugardaga frá 12 til 16.  
Verið velkomin í reynsluakstur.

Nánari upplýsingar á [benni.is](http://benni.is)

Reykjavík  
Tangarhöfða 8  
Sími: 590 2000

Reykjanesbær  
Njarðarbraut 9  
Sími: 420 3330

Akureyri  
Glerárgötu 36  
Sími: 461 3636

Bílaúð  
**Benna**  
Sérfræðingar í bílum





**KL. 20:40 KOLLA**

Fjölbreyttur spjallþáttur á mannlegu nótunum þar sem Kolla spjallar við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna.

# Frábært miðvikudagskvöld

**KL. 20:15**

## HEIMSÓKN

Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimilið fyrir áhorfendum.



**KL. 21:15**

## GREY'S ANATOMY

Dramatíkin er í hámarki á Grey Sloan Memorial-spítalanum í vinsælasta erlenda þætti Stöðvar 2.



**BÍÓ KL. 22:00**

## WATER FOR ELEPHANTS

Rómantísk mynd með Robert Pattinson, Reese Witherspoon og Christoph Waltz í aðalhlutverkum.



**KL. 07:00-20:30**

## BARNAEFNI ALLA DAGA

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



**KL. 20:55**

## ARROW

Önnur þáttaröðin um milljónamæring og glaumgosa sem berst gegn glæpum í skjóli nætur.



**KL. 21:35**

## SLEEPY HOLLOW

Nýir og æsispennandi þættir um mann sem vaknar upp frá dauðum eftir 220 ár í smábænum Sleepy Hollow.



Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is **6 stöðvar aðeins 7.990 kr.**



### SUDOKU

7				5	8		
		8		4	6	5	
			7	8			2 3
8	7						4
9	2	4				7	1
6					9		8
2	6				7		
		9	8	1		6	
5	4	6				1	

### LÉTT

8			3	7		5	1
5	1					9	
				9	4		8
6		3			5		
1			8	6		9	7
2	7			3			
			1	7			
3	8	2					5
							9

### MIDLUNGS

	5	3				8	7
		2					6
				5	9	3	1
			8	6			7
5		6		7			3
	8			1			
	2		3				4
1	9		4	8	7	2	

### PUNG

8	1	2	4	9	7	5	6	3
9	5	3	8	6	1	2	7	4
6	4	7	5	3	2	8	1	9
1	2	8	6	4	5	9	3	7
3	9	6	7	1	8	4	5	2
4	7	5	9	2	3	6	8	1
5	8	4	1	7	9	3	2	6
2	6	1	3	5	4	7	9	8
7	3	9	2	8	6	1	4	5

### LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prættin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri nýu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur


### PONDUS

Eftir Frode Øverli



### HANDAN VIÐ HORNID

Eftir Tony Lopes



### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



### SPAKMÆLI DAGSINS

„Sá sem á garð og bókasafn þarfnast einskis frekar.“

Cicero

1			2	3	4	5
6	7			8		
9			10			11
12				13		
	14					15
16				17		
18		19			20	
21						

### KROSSGÁTA

LÁRÉTT 2. ofur, 6. rún, 8. mánuður, 9. gagn, 11. tveir eins, 12. hald, 14. rabb, 16. í röð, 17. fiskur, 18. hætta, 20. samtök, 21. land.

LÓÐRÉTT 1. áfengisblanda, 3. hljóm, 4. billjónasti, 5. svívirðing, 7. heimilis-tæki, 10. verkur, 13. af, 15. gan, 16. tæki, 19. nafnorð.

### LAUSN

LÁRÉTT: 2. fórn, 6. úr, 8. maí, 9. nýtt, 11. öð, 12. skáft, 14. skar, 16. tu, 17. áll, 18. ögn, 20. aa, 21. laos. LÓÐRÉTT: 1. þúns, 3. óm, 4. raðtala, 5. nrð, 7. ryksuga, 10. tak, 13. frá, 15. flán, 16. töl, 19. no.

### SKÁK

Gunnar Björnsson

Siguringi Sigurjónsson (1.964) teflir manna fjórlegast á Skákþingi Garðabæjar. Í fjórðu umferð hafði hann svart gegn Felix Steinþórssyni. Svartur á leik



16. ...Bg4! (16. ...Hf2! hefði verið enn sterkara). 17. Rf3 Ra4 18. Hdf1 Hae8 19. e4 Db2+ 20. Kd1? (20. Kd2 hefði veitt meiri mótspyrnu en eftir 20. ...Hf4 er hvítur varnarlaus). 20. ...Rc3+ og hvítur gafst upp. www.skak.is. HM landsliða-2. umferð



# Til jóla beitung við þreföldu hátíðarbragði

**1.195,-**

**Steiktur kalkúnn**  
með sósu, fyllingu, maísbáunum,  
rauðkáli og brúnuðum kartöflum



**1.095,-**

**Hangikjöt**  
með kartöflum, rauðkáli,  
grænum baunum og uppstúf



**1.495,-**

**Hangikjöt á beini**  
Léttreyktur og léttsaltaður lambaskanki  
með meðlæti



**495,-/stk.**

**Jólaeftirréttir**  
Panna cotta, riz à l'amande eða crème brûlée





**STÚLKA EINSÖMUL** Þórunn Erlu- og Valdimarsdóttir kemur fram í kvöld.  
FRÉTTABLAÐID/GVA

## Konfektassinn kláraður

Bókaunnendur og höfundar hafa fjölmennt á Café Rosenberg undanfarni miðvikudagskvöld og skemmt sér innilega yfir frásögnum, upplestrum, músík og mingli. Í kvöld er komið að síðasta upplestrarkvöldi ársins á Rosenberg. Þar kynna bækur sínar þau Stefán Máni, Þórunn Erlu- og Valdimarsdóttir, Sveinn Einarsson, Steingrímur Sigurgeirsson, Þórarinn Eldjárn, Kjartan Yngvi Björnsson og Sjón.

Dagskrá hefst stundvíslega klukkan 20.

# Litrík fjölskyldusýning í Hofi

Hnotubrjóturinn, einn þekktasti ballett sögunnar, verður fluttur í frumlegum og líflegum búningi í Hofi á Akureyri á laugardaginn. 350 dansarar svífa um sviðið við undirleik Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands.

Hið klassíska jólaævintýri Hnotubrjóturinn verður sýnt í menningarhúsinu Hofi á Akureyri á laugardaginn. Þrjú hundruð og fimmtíu dansarar á öllum aldri dansa þá við kröftugan undirleik Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og búast má við litríkri fjölskyldusýningu að sögn Brynju Harðardóttur, framkvæmdastjóra sveitarinnar. Hún segir sýninguna setta upp í samstarfi hljómsveitarinnar og dansskólans Point Dansstúdíós en stofnandi þess, Sigyn Blöndal, er jafnframt handritshöfundur sýningarinnar. Hljómsveitarstjóri er Guðmundur Óli Gunnarsson.

„Þetta er í fyrsta sinn sem hljómsveitin heldur danssýningu og ríkir mikil ánægja með þessa nýbreytni en möguleikar sveitarinnar hafa vaxið jafnt og þétt síðan hún flutti í Hof,“ segir Brynja. Hún segir dansnemendur hafa æft af kappi síðan í haust og að mikil spennan ríki bæði meðal þeirra og annarra sem komi að sýningunni sem eru hátt í fimm hundruð manns. „Samhliða því sem sagan er sögð í gegnum dans og tónlist verður sviðsmyndin einstaklega lifandi, þökk sé hönnuðunum Heiðari Má Björnssyni og Frey Vilhjálmssyni,“ lýsir Brynja. Hún tekur fram að tvær sýningar séu fyrirhugaðar sama daginn og uppselt sé á þá fyrri.

gun@frettabladid.is



**GLEÐIN ALLSRÁÐANDI** Dansararnir leggja sig alla fram í Hnotubrjótnum.

MYND/ÞÓRGNÝR DÝRFJÖRD



## Morgunfundur Seðlabanka Íslands

### Fjármálakreppa á Írlandi og Íslandi: hverjir eru lærdómarnir fimm árum seinna?

Fimmtudaginn 28. nóvember 2013 í Norðurljósasal Hörpu

Seðlabanki Íslands heldur morgunfund undir yfirskriftinni „Fjármálakreppa á Írlandi og Íslandi: hverjir eru lærdómarnir fimm árum seinna?“ í Norðurljósasal Hörpu fimmtudaginn 28. nóvember nk. frá kl. 09:30 – 12:15. Fundurinn fer fram á ensku.

Hið alþjóðlega bankakerfi sem byggt hafði verið upp á Íslandi á fyrstu árum nýrrar aldar hrundi haustið 2008. Samdráttur var þá þegar í uppsiglingu. Um sömu mundir voru írskir bankar í miklum erfiðleikum og horfur um írsku efnahagsþróun næstu ára fóru hríðversnandi. Skömmu áður hafði hin alþjóðlega fjármálakreppa náð hástigi í framhaldi af falli Lehman Brothers bankans og heimsbúskapurinn var á leið inn í djúpan samdrátt.

Á morgunfundinum verður rætt um hvernig tvö lítil lönd með stór bankakerfi, Írland og Ísland, brugðust við þessum atburðum og hvernig þeim hefur reitt af síðan. Spurt verður um þá lærdóma sem nú fimm árum síðar er hægt að draga varðandi viðbrögð við erfiðleikum stórra alþjóðlegra banka í litlum löndum. Einnig verður spurt um hvaða lærdóma megi draga af þessum atburðum varðandi uppbyggingu fjármálakerfis og hagstjórn í litlum opnum hagkerfum?

#### Dagskrá:

09:30 – 10:00

Skráning og kaffi

10:00 – 11:40

Ræður og ávörp

Már Guðmundsson, seðlabankastjóri

Patrick Honohan, seðlabankastjóri Írlands

Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra

Franek Rozwadowski, fyrrverandi fulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á Íslandi

11:40 – 12:15

Pallborðsumræður

Að loknum fundi er boðið upp á léttan hádegisverð fyrir fundargesti.

Þér er hér með boðið að skrá þig á fundinn.

Skráning á vef Seðlabanka Íslands: [www.seðlabanki.is/morgunfundur](http://www.seðlabanki.is/morgunfundur)



## Úr þorpi við Djúp

BÆKUR ★★★★★

1983

Eiríkur Guðmundsson

BJARTUR

Í nýjustu bók sinni rær Eiríkur Guðmundsson á velþekkt skáldskaparmið – æskan og ungdómsárin eru sem fyrr óþrjótandi uppspretta skáldskapar. Skáldsagan 1983 hnitast í kringum eitt ár í lífi tólf ára drengs sem býr í litlu þorpi við Djúp. Það er ekki laust við að þetta þorp minni um margt á Hverfíð sem lýst er í annarri skáldsögu Eiríks, Undir himninum, og það er ekkert leyndarmál að fyrir kunnuga er þar Bolungarvík á níunda áratugnum lifandi komin. Þeir sem stunduðu skákæfingar í Sjómannastofunni og muna brunann mikla þegar skreiðar-geymsla Einars Guðfinnssonar brann til kaldra kola haustið 1977 munu kannast við sig í sögunni.

En þótt sumt orki kunnulega á þá sem þekkja til er 1983 langt frá því að vera hefðbundin nostalgísk uppvaxtarsaga. Sögumaður er kominn aftur á æskulóðirnar sem fullorðinn maður með gamalt segulbandstæki í farteskinu til að gera upp hluti úr fortíðinni. Fyrir því eru nokkrar ástæður, „að minnsta kosti ein þeirra er nokkuð stór“. Ástæðan stóra tengist stúlku í þorpinu, Henriettu Magnúsdóttur, sem hinn nafnlaus sögumaður dái úr fjarska lengst af. Í sögunni er líka lýst ríkulegu innra lífi sögumanns og jaðarlífi hóps

unglinga í þorpinu sem halda til í litlum skíðaskála þar sem dagar og kvöld líða við tóbaksreykingar og martinidrykkju. Í skíðakofanum og meðal vina sögumanns stækkar heimur sögunnar, sem hann reynir snemma að ná tökum á með því að skrásetja hann, draga upp kort af umhverfi sínu og reyna að festa það í orð.

Eiríkur er flinkur stílisti og sögumaður 1983 lætur oft reyna hressilega á tungumálið og lesand-

ann. Lotulangar setningar í löngum köflum án greinaskila einkenna bókinda og textinn er stúf-fullur af tilvísunum í þann tíma sem hún lýsir, tónlist, bókmenntir, vörumerki og persónur úr samtíma hennar senda lesandann í ýmsar áttir og þótt umhverfið geti verið kunnugt er það líka framandi á stundum og hálf goðsagnalegt. Það eru glitrandi fallegar

setningar í þessari bók og eftirminnilegar sviðsetningar og kaflar. Vandinn er sá að textinn er líka fullur af endurtekningum, sömu atburðir, tákn og fyrirbæri koma fyrir aftur. Smám saman dofna yfir bókinni, sögumaður hættir að koma manni á óvart og bætir litlu við þá mynd sem dregin er upp í fyrstu köflum bókarinnar. Í lokin dregur til tíðinda í dulúðugum eftirmála en þar er líka býsna margt þokukennt og óljóst.

Jón Yngvi Jóhannsson

**NIÐURSTAÐA:** Skáldsaga sem skrifuð er af töluverðri íþrótt en verður endurtekningasöm og dauf þegar á líður.

## Frakkar mæra Eddu

Diskur Eddu Erlendsdóttur fær góða dóma í Frakklandi.



**EDDA ERLENDSDÓTTIR**

Geisladiskur Eddu Erlendsdóttur píanóleikara, þar sem hún leikur einleiksverk eftir Schubert, Liszt, Schönberg og Berg, hefur hlotið góðar viðtökur í Frakklandi.

Undanfarið hafa birst dómar um diskinn í þremur virtum tónlistarblöðum og -miðlum og eru gagnrýndur á einu máli um að leikur Eddu sé firna góður. „Hún leikur á allt litróf blæbrigða og tilfinninga af mikilli spilagleði. Með djúpri lýrskri tjáningu býður Edda Erlendsdóttir okkur í innblásið ferðalag,“ segir Stéphane Friédérich í hausthefti Pianiste og gagnrýndur ResMusica og Cadences taka í sama streng. „[Í] senn viðkvæm og ljóðræn túlkun þar sem frásagnargleði og næm stíltílfinn- ing skín í gegnum hverja nótu og myndar um leið sannfærandi heild. Þetta er frábær diskur,“ segir Michel le Naour í októberútgáfu Cadences og Jean Luc Caron sagði í ResMusica í ágúst: „Þetta er einstaklega fallett prógramm sem höfðar til breiðs áheyrendahóps.“





200 SÝNINGAR Leitinn að jólnum var frumsýnt árið 2005 og fer nú á fjárlinnar níunda leikárið í röð.

## Leitinn að jólnum níunda leikárið í röð

Þjóðleikhúsið hefur um helgina sýningar á aðventuleikriti Þorvalds Þorsteinssonar, Leitinni að jólnum.

Sýningar á adventuleikritinu Leitinni að jólnum hefjast að nýju í Þjóðleikhúsinu um næstu helgi, en þá verður sýnd tvöfunduðasta sýningin á verkinu sem er nú sýnt níunda leikárið í röð.

Höfundur verksins, myndlistarmáðurinn og rithöfundurinn Þorvaldur Þorsteinsson, lést langt fyrir aldur fram fyrr á þessu ári. Leitinn að jólnum er, ásamt Skilaboðaskjóðunni sem Þjóðleikhúsið hefur sett upp tvisvar sinnum á Stóra sviðinu, eitt mest sóttu verk Þorvalds.

Leitinn að jólnum var frumsýnt árið 2005 og hlaut Grímuverðlaunin sem barnasýning ársins. Í leikritinu eru meðal annars fluttar hinar sívinsælu Jólaveinavísur Jóhannesar úr Kötllum, með tónlist eftir Árna Egilsson.

Leikarar í sýningunni í ár eru Ólafur Egill Egilsson, Þórunn Arna Kristjánsdóttir og Saga Garðarsdóttir, auk nokkurra barna sem skiptast á að fara með hlutverk í sýningunni. Leikstjóri er Þórhallur Sigurðsson.

## HAF, JÖRÐ OG HIMINN

### ÁLANDSEYJADAGSKRÁ Í NORRÆNA HÚSINU

MIÐVIKUDAGUR 27. NÓVEMBER

Kl. 12:00-13:30

„The Aland Islands, a Demilitarized Zone in a New Era of Security Policy“

Fyrirlestur Camillu Gunell, landstjóra Álandseyja.

Alyson JK Bailes, aðjúnkt við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands, tekur einnig til máls.

Irma Ertman, sendiherra Finnlands á Íslandi, kynnrir og flytur aðfararorð.

Í samstarfi við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands.

Kl. 20:00

Opnun sýningar Mari Anniina Mathlin: „Innsetning, ljósverk og ferðabækur“, í anddyri Norræna hússins en þar má sjá afrakstur dvalar hennar á listamannasetrinu á Skagaströnd. Irma Ertman sendiherra Finnlands á Íslandi opnar sýninguna. Léttar veitingar og bragðprufur frá Álandseyjum verða í boði.


Kl. 20:30

„Haf, jörð og himinn“ – valin ljóð frá Álandseyjum í þýðingu Þórs Stefánssonar í flutningi Sögu Sigurðardóttur og Sveins Gunnarssonar. Tónlist frá Finnlandi, Álandseyjum og öðrum Norðurlöndum leikin af Agli Ólafssyni og Matti Kallio.

Sýningin „The Aland Islands Solution: a precedent for successful international disputes settlement“ í fyrirlestrarsal Norræna hússins 25. – 29. nóvember.



Félagarnir Matti Kallio og Egill Ólafsson koma saman til að flytja lög úr eigin smíðju og finnsk og íslensk þjóðlög. Tónlistin fangar stemningu vetrarkyrrðar þegar náttúran sefur og mennirnir skrafa löggt í myrkrinu um mikilvægi vináttunnar og ljóssins.



NORRÆNA HÚSIÐ

# FYRIR LISTAKOKKA

• með metnaðarfulla bragðlauka •



#### Yaxell stálnífur

- Hágæða ryðfrítt stál - 20cm
- Smíðaður í Japan

Kr. 15.808,-



#### Turmix töfrasproti

- 3ja blaða hnifur úr ryðfríu stáli
- Öruggt grip úr gúmmí

Kr. 33.760,-



#### De Buyer Mandolin rifjám

- Sneiðir, strímlar og bútar grænmeti
- Stíllanlegar þykkir 1-10mm

Kr. 36.131,-



#### Dualit hraðsuðuketill

- 1.7l - ryðfrítt stál
- Ketillinn er snúrulaus

Kr. 18.648,-

#### Dualit handþeytari

- 5 hraða stilling
- Auðvelt að þrifa

Kr. 16.900,-



#### Turmix blandari

- 6 blaða stálnífur
- Frábær í morgundrykkinn

Kr. 57.103,-



FASTUS\_F\_41\_11.13

Fastus býður uppá hágæða fagvörur í eldhús sem unun er að vinna með þegar matarundirbúningur stendur sem hæst.

Komdu í verslun okkar, Síðumúla 16 og skoðuðu úrvalið af áhöldum sem fagmenn, jafnt sem áhugamenn geta ekki án verið í góðu eldhúsi.



Dualit.



Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16. Opíð mán - fös 8.30 - 17.00  
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is





**TÓK FIMM TÍMA** Hér sést Gunnar Valdimarsson í fullu fjöri að flúra Walter White á kálfa Hafþórs Eggertssonar.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL RÚNARSSON

## Með báðar aðalpersónur Breaking Bad á kálfanum

Hafþór Eggertsson er nú með báðar aðalpersónur Breaking Bad-þáttanna flúraðar á kálfa sinn. Næst ætlar hann að fá aðalpersónur Fight Club.

„Deir verða að vera saman, félagarnir,“ segir Gunnar Valdimarsson húðflúrari sem lauk við listaverk sitt af aðalpersónum Breaking Bad-þáttanna í gær. Fyrr í mánuðinum flúraði Gunnar andlitsmynd af persónunni Jesse Pinkman á Hafþór Eggertsson og í gær bættist hin aðalpersóna þáttanna við, efnafræðikennarinn Walter White.

„Þetta tók alls fimm tíma, talsvert styttri tíma en Jesse Pinkman því hann var í svo flókinni skyrtu,“ segir Gunnar. Hafþór, sem er

→ Hafþór fékk sér sitt fyrsta húðflúr í vor.

átján ára gamall, fékk sér sitt fyrsta húðflúr í vor og hefur nú heldur betur bætt í safnið og er kominn með flúraðan handlegg, handarbak og kálfa. Hann ætlar sér að bæta húðflúrum af fleiri frægum andlitum á líkama sinn. „Næsta skrefið hjá okkur eru aðalpersónurnar í kvikmyndinni Fight Club,“ segir Gunnar.

- kak



**VERIÐ AÐ SETJA UPP**  
Mynd tekin í Eldborgarsalnum í Hörpu þegar verið var að gera allt klárt.

## Skálmöld og Sinfónían

Uppselt er á tvenna tónleika Skálmaldar og Sinfóníu Íslands en þriðju tónleikarnir fara fram á laugardag.

„Fyrsta æfingin með Sinfóníunni var í gær og það gekk rosalega vel,“ segir Baldur Ragnarsson, einn þriggja gítarleikara Skálmaldar, en þeir koma fram á þrennum tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Það er ekki á hverjum degi sem hin virta Sinfóníuhljómsveit Íslands stígur á svið með rokkhljómsveit en það gerist þó á næstu dögum. Sinfónían kemur fram með rokkhljómsveitinni Skálmöld á þrennum tónleikum í Eldborgarsalnum í Hörpu. Skálmöld hefur vakið mikla athygli á undanförunum árum fyrir kraftmikla tónlist og líflega sviðsframkomu. Þá hafa kjarnmiklir textar laga hljómsveitarinnar átt sinn þátt í að skapa henni breiðan aðáendahóp.

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur á undanförunum árum boðið hljómsveitum og listamönnum úr ólíkum

áttum til samstarfs við sig. Margir eftirminnilegir tónleikar hafa orðið til úr slíku samstarfi.

Uppselt er á tónleikana á fimmtudag og föstudag en ennþá eru til miðar á tónleikana á laugardaginn.

Tónlist Skálmaldar er eins og flestir vita þungarokk með þjóðlaga- og víkingaáhrifum og verður því forvitnilegt að sjá þessar tvær ólíku en kraftmiklu hljómsveitir sameinast á sviði.

„Við lofum rosalegum tónleikum. Við munum flytja efni sem við höfum aldrei flutt áður á tónleikum,“ bætir Baldur við. Á efniskránni verður meðal annars tónlist af plötum Skálmaldar, Baldri og Börnum Loka. Tónskáldið Haraldur V. Sveinbjörnsson sér um útsetningar á málmkennu tónunum fyrir Sinfóníuna.

Hægt er að nálgast miða á tónleikana á [midi.is](http://midi.is).

## Almenningur nálgast listaverk á vefnum

Stærsti listaverkavefur landsins tekinn í gagnið.

Listasafn Reykjavíkur fagnaði tímamótum í gær þegar tæplega níu þúsund listaverk í eigu safnsins voru gerð aðgengileg á vefsíðunni [listasafnreykjavikur.is](http://listasafnreykjavikur.is). Á síðunni er hægt að nálgast myndir og upplýsingar um verk eftir íslenska listamenn frá aldamótunum 1900 til ársins 2013. Þar er jafnframt hægt að skoða götu-kort með upplýsingum um útilista- verk í Reykjavík. Þá hafa listfræðingar skrifað fróðleik um valin verk á síðunni.

„Það er afar ánægjulegt að geta boðið fólki að nálgast stóran hluta af listaverkum í eigu Listasafns Reykjavíkur á vefnum. Listaverkin hafa með þessu verið færð út



**HAMINGJUSAMUR** Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

fyrir veggi safnsins og til almennings. Vefsíðan býður upp á mikla möguleika til að fræðast og njóta myndlistar og getur jafnframt verið áhrifamikil tæki í kennslu,“ segir Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur.

-lkj



# BÓK SEM ER FRÁBÆR INN BUNDIN JÓLAGJÖF!

VERÖLD 





**NÓG AÐ GERA** Friðrik Ómar Hjörleifsson hefur í nægu að snúast þessa dagana.

MYND/GASSI

## Fyrirtækin óð í sálma Friðriks

Tónlistarmaðurinn Friðrik Ómar Hjörleifsson hefur fengið fjölda fyrirspurnna frá fyrirtækjum og samtökum um að koma fram í fyrirtækjum og á mannfögnuðum í tilefni nýju plötunnar Kveðju, sálma og saknaðarsöngva.

„Ég er mjög þakklátur fyrir þann áhuga sem mér hefur verið sýndur en þykir samt þínu undarlegt að flytja sálma í hádegishléum í fyrirtækjum, á jólaglögnum eða árhátíðum,“ segir Friðrik Ómar léttur í lundu.

Hann er mikið bókaður í desember. „Ég er að syngja á 26 jólatónleikum í desember og kemst því lítið í fyrirtækin.“

- glp



**BJÖÐA Í PARTÍ** Höfundar bókarinnar Strákar, Bjarni Fritzon og Kristín Tómasdóttir, eru með útgáfupartí í kvöld.

## Fagna útgáfu Strákabókar

Í tilefni þess að bókin Strákar er komin út verður haldið útgáfupartí á Bast Reykjavík í kvöld. Þar verður boðið upp á léttar huggulegar veitingar, gleði og glens. Höfundar bókarinnar, þau Bjarni Fritzon og Kristín Tómasdóttir, munu kynna bókina á einkar stuttan og skemmtilegan máta.

Þá má ekki gleyma því að bókin verður til sölu á sérstökum afslætti í tilefni útgáfupartísins og ætla höfundarnir að sjálfsögðu að árita eintök ef beðið er um slíkt.

- glp

## Hafa átt lög í þýskri kvikmynd

Hjónin Haraldur Guðmundsson bassaleikari og Harpa Þorvaldsdóttir söngkona stofnuðu djasshljóm sveitina Sound Post árið 2010. Eftir sjö ára búsetu í Austurríki eru hjónin flutt aftur heim og ætla þau að koma fram og kynna tónlist Sound Post í Hannesarholti á fimmtudagskvöldið.

Sound Post hefur hlotið góðar undirtektir og hafa lög hljóm sveitarinnar verið notuð í þýskri kvikmynd svo eitthvað sé nefnt.

Í mars 2012 gaf hljóm sveitin út geisladiskinn Stories, en á honum eru ellefu frumsamin djasslög í stíl Billie Holiday og Diane Krall. Diskurinn var hljóðblandaður í Los Angeles af Husky Hösk, sem er íslenskur Grammy-verðlaunahafi fyrir vinnu sína með Norah Jones og Sheryl Crow.

Á tónleikunum flytja þau lög af fyrstu hljómplötu sinni, Stories, ásamt nýju efni.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20.00 í Hannesarholti á fimmtudagskvöldið.

- glp

## „Míní-Músíktíraunir“ á Hressó

Keppnin Eflum íslenskt tónlistarlíf er nú haldin í þriðja sinn á Íslandi.

„Við höldum þessa keppni bara af hugsjón,“ segir Kristján Haraldsson, hjá Stúdíó Hljómi, en hann stendur fyrir keppninni Eflum íslenskt tónlistarlíf á fimmtudag klukkan 22.30 á Hressingarskál-anum.

„Þegar ég var að byrja í músík vissi ég ekkert hvert ég átti að snúa mér – þá voru bara stóru hljóðverin starfrækt og hinn kosturinn var að taka eitthvað upp í bílskúr hjá vini sínum, ef maður var svo heppinn,“ segir Kristján og hlær. Nú, þegar Kristján

og félagar hafa aðstöðu til, vilja þeir gera nýjum hljóm sveitum auðveldara fyrir.

„Við viljum gefa þeim færi á að hafa gæði í upptökum og komast að í hljóðveri,“ útskýrir Kristján, en hann hefur starfrækt Stúdíó Hljóm frá árinu 2010.

Eflum íslenskt tónlistarlíf hefur gjarnan verið kölluð Míní-Músíktíraunir.

„Það sem mér finnst skemmtilegt við þessa keppni er að áhorfendur velja hljóm sveitina sem sigrar. Lýðræðislegar kosningar

→ Áhorfendur velja hljóm sveitina sem sigrar í keppninni.

skera úr um hver vinnur,“ segir Kristján léttur í bragði. „Þegar fólk fer og kaupir sér drykk, hvort sem það er kaffi, kók eða bjór, þá fær það líka kosningamiða til að fylla út,“ segir hann.

Að þessu sinni taka fjórar hljóm sveitir þátt, en þær eru Texas Muffin, HEK, Þausk og Postulín.

- ósk



**ÁHEYRENDUR KJÓSA** Eflum íslenskt tónlistarlíf verður haldin á Hressingarskál-anum á fimmtudaginn. Kristján Haraldsson er einn skipuleggjandi.

MYND/ÚR EINKASAFNI



## Hvaða rugl er þetta eiginlega?

**Kauptaxtar SGS frá 1. febrúar 2013, skv. samningi SA og SGS frá 5. maí 2011**

	Byrjunarlaun	Eftir 1 ár	Eftir 3 ár	Eftir 5 ár	Eftir 7 ár
<b>Launafl.1</b>	191,752	193,317	194,905	196,517	198,153
<b>Launafl.2</b>	193,317	194,905	196,517	198,153	199,814
<b>Launafl.3</b>	194,905	196,517	198,153	199,814	201,500
<b>Launafl.4</b>	196,517	198,153	199,814	201,500	203,211
<b>Launafl.5</b>	198,153	199,814	201,500	203,211	204,948
<b>Launafl.6</b>	199,814	201,500	203,211	204,948	206,711
<b>Launafl.7</b>	201,500	203,211	204,948	206,711	208,500
<b>Launafl.8</b>	203,211	204,948	206,711	208,500	210,316
<b>Launafl.9</b>	204,948	206,711	208,500	210,316	212,159
<b>Launafl.10</b>	206,711	208,500	210,316	212,159	214,030

**MUN 20.000 króna launahækkun á þessi laun setja efnahagskerfi Íslands á hliðina?**

**Hvað með laun stjórnenda á almennum markaði, 20% launahækkun opinberra stjórnenda, ríflegar verðhækkningar og gjaldskrárhækkningar opinberra aðila?**


**Við segjum NEI!**

**Báran, stéttafélag á Suðurlandi**





LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
HUNGER GAMES 2	6, 7, 9, 10
PHILOMENA	5:50, 8
CARRIE	10:10



<b>ALFABAKKA</b>	
THE FIFTH ESTATE	kl. 5:20 - 8 - 10:40
THE FIFTH ESTATE VIP	kl. 5:20 - 8 - 10:40
ENDER'S GAME	kl. 5:30 - 8 - 10:30
ESCAPE PLAN	kl. 8 - 10:30
THOR - DARK WORLD 3D	kl. 5:30 - 8 - 10:30
BAD GRANDPA	kl. 5:50
PRISONERS	kl. 6 - 9
<b>EGILSHÖLL</b>	
STAND UP GUYS	kl. 8 - 10:10
ENDER'S GAME	kl. 5:30 - 8
ESCAPE PLAN	kl. 5:30 - 8 - 10:30
THOR - DARK WORLD 3D	kl. 5:30 - 8 - 10:30
BAD GRANDPA	kl. 5:50
GRAVITY 3D	kl. 10:30
<b>KRINGLUNNI</b>	
THE FIFTH ESTATE	kl. 6 - 9 - 10:10
ENDER'S GAME	kl. 5:30
ESCAPE PLAN	kl. 10:30
THOR - DARK WORLD 2D	kl. 5:30 - 8
BAD GRANDPA	kl. 8
<b>KEFLAVÍK</b>	
HUNGER GAMES: CATCHING FIRE	kl. 8 - 11
THE FIFTH ESTATE	kl. 8 - 10:40
<b>AKUREYRI</b>	
THE FIFTH ESTATE	kl. 8 - 10:30
ENDER'S GAME	kl. 5:30
ESCAPE PLAN	kl. 10:40
THOR - DARK WORLD 3D	kl. 5:30 - 8



SMÁRRÁBÍÓ	5%
THE HUNGER GAMES 2	KL. 4 - 5 - 6 - 8 - 9 - 11
THE HUNGER GAMES 2 LÚXUS	KL. 5 - 8 - 11
THE COUNCELOR	KL. 8 - 10:30
THE STARVING GAMES	KL. 6
CARRIE	KL. 10:45
CAPTAIN PHILIPS	KL. 8
FURÐUFUGLAR 2D	KL. 3:30
TURBÓ 2D ÍSL. TAL.	KL. 3:30

HÁSHÖLUBÍÓ	5%
THE HUNGER GAMES 2	KL. 6 - 8 - 9
THE FIFTH ESTATE	KL. 8 - 10:40
PHILOMENA	KL. 5:45 - 8
CAPTAIN PHILIPS	KL. 10:15
MÁLMAHAUS	KL. 5:45
HROSS Í OSS	KL. 6

BORGARBÍÓ	NÁNAR Á MIÐLIS
THE HUNGER GAMES 2	KL. 6 - 9 - 10:10
THE COUNCELOR	KL. 8
FURÐUFUGLAR 3D	KL. 6

Miðasala á: [midi.is](http://midi.is) og [eMiðir](http://eMiðir)

# Af frægu fólki og fanatík

**BAKPANKAR** Höllu Þórlaugar Óskarsdóttur

**P**egar ég var lítil tók ég upp hvern einasta þátt af Norninni ungu og horfði svo á þá aftur og aftur. Fljótlega var ég orðin heltekin af persónunum í þáttunum og svo var ég komin með leikarana á heilann. Melissa Joan-Hart var brátt farin að taka óþarflega mikið blek úr litaprentaranum og pláss í myndaalbúnum. Mér fannst nefnilega alls ekkert óeðlilegt að lauma einstaka mynd af þessari vinkonu minni í fjölskyldualbúmin.



**EINHERJUM** árum síðar hófust svo útsendingar á íslensku gamanþáttunum Stelpunum. Vinahópurinn varð fljótlega að sértrúarflokki í kringum þessa þætti. Við þuldu upp atriði í tíma og ótíma og stundum var nóg að segja „Sigga...“ og þá var garanterað að partið lagðist hlæjandi í gólfid. Orðið „stelpukvöld“ fékk glænýja merkingu. Við vorum farin að espa þetta svo upp hvert í öðru að addáunin var ekki lengur bundin við þættina sem slíka heldur skipuðu leiknurnar ákveðinn sess í hjarta okkar allra. Misstóran sess. Sérstaklega vorum við hrifin af Gullu.

**PETTA** var farið að ganga svo

langt að við fengum hysterískt hláturskast við það eitt að sjá andlitin á stelpunum við einhver allt önnur tækifæri. Og svo gerðist það einn daginn að við mættum Gullu á Laugaveginum. Það er auðvitað alls ekkert merkilegt að hitta landsþekktu Íslendinga í miðbæ Reykjavíkur. En þarna vorum við orðin að sértrúarsöfnuði, því má ekki gleyma. Og Gulla... ja, Gulla var leiðtogi safnaðarins. Óafvitandi.

**OG** við eltum hana. Við, stjórnstjurfur unglingahópurinn, eltum Guðlaugu Elísabetu Ólafsdóttur leikkonu sem í sakleysi sínu gekk upp Laugavegin. En þegar hún beygði inn Vegamótastíginn var eins og við áttuðum okkur og án þess að mæla orð héldum við áfram upp Laugavegin og gengum saman í þögn.

**NÚ** er ég nokkrum árum eldri og geri mér grein fyrir að persónur í bímyndum og sjónvarpsþáttum eru ekki endilega þær sömu og leikararnir á bak við þær. En um hana Gullu hef ég ekki efast eitt augnablik og er reyndar handviss um að hún er einmitt um leið og þetta er skrifað að segja eitt hvað óborgarlega fyndið.



**BÚIÐ SPIL** Malin og Roberto eru skilin

## Nýbakaðir foreldrar skilja

Leikkonan Malin Akerman er skilin við eiginmann sinn til sex ára, trommarann Roberto Zincone. Malin og Roberto eiga saman sjö mánaða son, Sebastian.

„Þau skilja í góðu og þau vilja gera það sem er best fyrir soninn. Malin er ekki tilbúin að ræða þetta. Þetta er mikill sorgartími fyrir hana,“ segir heimildarmaður tímaritsins Us Weekly. -lk

# MIKIÐ ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA



**Tilboð: 2.290.000 kr.**  
**Mazda2 Premium** MZD52  
 Skráður apríl 2013, 1,5 bensín, sjálfskiptur  
 Ekinn 29.000 km.  
 Ásett verð: 2.460.000 kr. *Í ábyrgð*

*Vertu með!*  
**FERÐAFJÖR** NOTAÐRA BÍLA  
 Kaupu notaðan bíl af Brimborg og þú átt möguleika á að vinna **400.000 KR.**  
 GJAFABRÉF FRÁ WOWair\*  
*Hvert myndir þú fara?*

**FINNDU BÍLINN ÞINN Á**  
[NOTADIR.BRIMBORG.IS](http://NOTADIR.BRIMBORG.IS)



**Tilboð: 1.590.000 kr.**  
**Toyota Corolla sol** ORB21  
 Skráður maí 2007, 1,6i bensín, sjálfskiptur  
 Ekinn 82.000 km.  
 Ásett verð: 1.750.000 kr.



**Tilboð: 1.690.000 kr.**  
**Citroën C8 sx** UFK00  
 Skráður ágúst 2007, 2,0i bensín, sjálfskiptur  
 Ekinn 83.000 km.  
 Ásett verð: 1.990.000 kr.

Skoðuðu úrvalið á [NOTADIR.BRIMBORG.IS](http://NOTADIR.BRIMBORG.IS)  
 Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7030  
 Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040  
 Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



\*Allir sem kaupa notaðan bíl af Brimborg á tímabilinu 7. nóvember 2013 til og með 20. desember 2013 fara í pott. Einn heppinn vinningshafi verður svo dreginn út 23. desember 2013 og fær hann 400.000 kr. gjafabréf frá WOW air. Athugið á ekki við um umbodssöluþila.

**BÍÓ PARADÍS**

**PARADÍS: VON**  
 "IT COULD BE HIS BEST FILM SO FAR" - THE GUARDIAN

DR. WHO 50TH ANNIVERSARY SPECIAL

**ÁL ÖLDIN**  
 MIÐ: 18.00

ISLANDS

EUROPA CINEMAS

SJÁ SÝNINGATÍMA Á [WWW.BIOPARADIS.IS](http://WWW.BIOPARADIS.IS) - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas



**FANN ÁSTINA Á NÝ** Britney svífur um á bleiku skýi.

## Ég er ástfangin

Söngkonan Britney Spears byrjaði með David Lucado í mars á þessu ári en hún tilkynnti um sambandsslit sín við Jason Trawick í janúar. Í viðtali við Entertainment Tonight segist Britney vera afar hamingjusöm.

„Ég er ástfangin. Mér finnst frábært hvað hann er þrjúskur og vanafastur. Hann er einfaldur maður. Ég dáí hann. Hann er mjög fyndinn og ástríðufullur,“ segir Britney með stjórnur í augunum. -lk



**ÁSTIN DÓ** Francesca er nú á lausu.

## Hjónabandið entist í viku

Leikkonan og fyrirsætan Francesca Eastwood, dóttir stórleikarans Clints Eastwood, gekk í það heilaga með Jordan Feldstein, bróður leikarans Jonah Hill, í Las Vegas fyrir viku. Nú vill hún láta ógilda hjónabandið.

Heimildarmaður Us Weekly segir þau hafa anað út í giftunguna og að þau hafi í raun ekki vitað hvað þau væru að gera. Jordan er umbodsmáður tónlistarmanna á borð við Maroon 5 og Robins Thicke en hann og Francesca voru aðeins búin að vera saman í stuttan tíma þegar þau giftu sig. -lk





# PHILIPS AMBILIGHT SJÓNVARP FYRIR LJÓMANDI LITRÍKA UPPLIFUN

**Philips Ambilight** er einstök, einkaleyfisvarin tækni sem einungis er fáanleg frá Philips. Ambilight framlengir og dreifir ljósinu og litunum sem eru á skjánum með LED perum út á vegginn fyrir aftan tækið. Þetta gefur meiri og sterkari upplifun og fer vel með augun. Ambilight er erfitt að lýsa og þarf að upplifa en langflestir viðskiptavina okkar sem eiga Philips Ambilight sjónvarp gætu ekki hugsað sér að vera án Ambilight tækninnar.



**FÁÐU NÝJUSTU UPPFINNINGUNA  
FRÁ PHILIPS MEÐ Í KAUPUNUM!**

Við kaup á sjónvarpi með Ambilight 3 fylgja HUE WiFi ljósaperur með að verðmæti 37.999 krónur.\*

\*Tilboðið gildir til 24.12.2013 af Philips 7000, 8000 eða 9000 seríu sjónvarpi.

**Philips HUE** má líkja við altæka heimabíó upplifun á ljósi. Kerfið inniheldur tvær perur sem eru samstilltar Ambilight ljósinu frá sjónvarpinu gegnum þráðlaust net og magna þannig upplifun þína heilt yfir í rýminu.



**PHILIPS**



**Heimilistæki** ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT



## Langar að spila lengur

Stefán Logi Magnússon æfir með liðum hér heima.

**FÓTBOLTI** „Samningur minn við Lilleström rennur út í lok desember og ég er að horfa í kringum mig,“ segir knattspyrnumaðurinn Stefán Logi Magnússon. Markvörðurinn hefur verið í viking hjá Lilleström síðan sumarið 2009 en var í láni hjá Ull/Kisa í norsku b-deildinni í vetur. Stefán Logi æfði með KR-ingum á mánudaginn og stefnir á að gera það aftur á morgun.

„Maður ber sterkar taugar til KR. Þeir vita hver ég er og hvað ég stend fyrir,“ segir Stefán Logi sem sló í gegn með Vesturbæjarliðinu árin 2007-2009.

„Það var gaman að taka markmannsæfingu með Gumma Hreiðars. Svo talaði ég aðeins við Rúnar Kristinsson og hitti strákana,“ segir Stefán Logi sem skemmti sér vel. Hann segir þó að megi ekki lesa of mikið í að hann hafi kíkt á æfingu hjá liðinu. Hann hafi einnig mætt á æfingar hjá Stjörnunni í Garðabæ þar sem hann fær alltaf góðar viðtök. Þeir Henrik Bødker,

aðstoðarþjálfari Stjörunnar, nái sérstaklega vel saman.

„Ég tala reyndar miklu betri dönsku en Henrik,“ segir Stefán Logi og hlær. Hann bendir á að þeir deili skoðunum hvað við kemur þjálfunaraðferðum og leikmannamálum. Hugur Stefáns Loga stendur einnig til þjálfunar að ferlinum loknum.

„Mig langar að spila í einhver ár í viðbót. Ég held að það verði nú niðurstaðan,“ segir markvörðurinn. Hann segist hafa fengið tilboð um aðstoðarþjálfarastöðu ytra og sömuleiðis hafi hann átt í viðræðum við félagslið bæði hér heima og erlendis.

„Þetta er í biðstöðu eins og er. Ég verð að sjá hvað hentar best fyrir mig sem knattspyrnumann og fjölskylduna líka,“ segir Stefán Logi. Hann reiknar með að verða búinn að taka ákvörðun áður en árið er úti. -kt



FIMM MET UM HELGINA Eygló Ósk Gústafsdóttir hefur bætt sig mikið í 25 m laug.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Mamma heldur utan um metin og tímana

Sundkonan Eygló Ósk Gústafsdóttir segist alltaf svöng og vís til að sofa yfir sig. Breiðhyllingurinn bætti fimm Íslandsmet um liðna helgi og stefnir hátt.

**SUND** „Íslandsmetunum fækkar og fækkar eftir því sem maður verður eldri. Á vissum tíma fer að verða miklu erfiðara að bæta sig,“ segir Eygló Ósk Gústafsdóttir. Breiðhyllingurinn sló í gegn á Íslandsmótinu í 25 metra laug um liðna helgi og bætti fimm Íslandsmet. Þá náði hún bestum árangri allra keppenda á mótinu með tíma sínum í 200 metra baksundi þar sem hún fékk 852 FINA-stig.

Eygló bætti sig í öllum greinum nema einni og þakkar árangurinn fyrst og fremst þeirri vinnu sem hún hefur lagt í að bæta snúninga sína.

„Ég hef alltaf verið betri í 50 metra laug því snúningarnir hafa ekki verið mín sterkasta hlið,“ segir Eygló sem æfir undir stjórn landsliðsþjálfarans Jackie Pellerin hjá Ægi. Eygló, sem varð áttján ára í febrúar, hefur æft undir stjórn Frakkans undanfarnar sex ár og ber honum söguna vel.

### Mamma vekur mig á morgnana

„Hann hefur komið sundmanni á verðlaunapall bæði á ólympíuleikum og heimsmeistaramóti. Hann kann sitt fag,“ segir Eygló sem hittir Jackie yfirleitt tvisvar á dag. Þannig æfir hún tíu sinnum í viku, kvölds og morgna fjóra virka daga, auk æfinga föstudaga og laugardaga.

„Mamma vekur mig eiginlega á hverjum morgni. Ég sef eins og steinn,“ segir Eygló hlæjandi en hún á gott bakland þegar kemur að sundinu. Faðir hennar, Gústaf Adólf Hjaltason, hefur gegnt formennsku hjá Ægi í lengri tíma og móðirin, Guðrún G. Sigþórsdóttir, sömuleiðis verið í stóru hlutverki hjá félaginu.

„Mamma gæti sagt þér hvert einasta sæti og tíma í öllu sundi hjá mér. Hún skrifar þetta allt niður og tekur allt saman í myndamöppu sem er mjög gaman að skoða,“ segir Eygló sem byrjaði að æfa sund fimm ára gömul. Eldri systur hennar, Krístrún, Ásbjörg og Jóhanna, voru allar miklar fyrirmyndir í sundinu. Krístrún er í dag þjálfari og Jóhanna syndir einnig af kappi.

„Svo á ég líka einn bróður sem kemur ekkert nálægt sundinu,“ segir Eygló og hlær. Oft er talað um að íþróttafólk í fremstu röð þurfi að huga alvarlega að mataræði sínu til að ná árangri. Eygló viðurkennir að styrkur hennar liggi ekki í aga þegar kemur að mat.

### Alltaf svöng og alltaf að borða

„Ég hugsa ekkert rosalega mikið um mataræðið. Borða eiginlega það sem ég sé,“ segir Eygló. Hún reyni að sjálfsögðu að borða eins fjölbreytt og hollt og hún geti.

### Mamma gæti sagt þér hvert einasta sæti og tíma hjá mér í sundinu.

Eygló Ósk Gústafsdóttir

Hamborgarar og pítsur rati þó líka upp í manninn.

„Ég er alltaf svöng og allt að borða,“ segir sundkonan og bendir á að hún þurfi mikið af kolvetnum og hitaeningum til að hreinlega halda sér vakandi yfir daginn.

Eygló er á náttúrufræðibraut í Fjölbautaskólanum í Breiðholti. Fram undan er próftíð og í kjölfarið Evrópumótið í 25 metra laug í Danmörku eftir tvær vikur.

„Ég held ég muni drukkna í skólabókum næstu dagana en svo eru prófin búin 6. desember. Þá get ég slakað aðeins á fyrir mótið,“ segir Eygló sem stefnir á að komast í úrslit í sínum bestu greinum. Nefnir hún til sögunnar 100 og 200 metra baksundið og 200 metra fjórsundið.

Aðspurð um markmið segist hún bara mæta á æfingar á meðan Jackie plani framtíðina. Hún á sér þó drauma eins og allir. „Ég ætlaði mér að fara á Ólympíuleikana í London frá því ég var níu ára,“ segir Eygló sem viðurkennir að hugurinn leiti til Ríó 2016. „Ég á mér dálítið stóra drauma.“ kolbeinntumi@frettabladid.is

### Aðalfundur

### Golfklúbbsins Odds (GO)

verður haldinn í golfskálanum Urriðavelli mánudaginn 9. desember nk. kl. 20.00

#### Dagskrá:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir liðsins starfsárs
- Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar
- Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt
- Umræður og atkvæðagreiðslur um tillögur og lagabreytingar löglega fram bornar
- Kosning stjórnar- og varamanna í stjórn
- Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara
- Önnur mál

Félagar eru hvattir til að mæta



GOLFKLÚBBURINN  
ODDUR



### Aðalfundarboð

Aðalfundur Golfklúbbs Reykjavíkur verður haldinn fimmtudaginn 05. desember kl. 20:00.

Fundarstaður: Golfskálinn Grafarholti

#### Dagskrá:

Í upphafi aðalfundar skal kjósa sérstakan fundarstjóra og ritara eftir tilnefningu.

1. Skýrsla formanns.
2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.
3. Umræður um skýrslu formanns og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar.
4. Umræður og atkvæðagreiðsla framkominna tillagna um lagabreytingar ef einhverjar eru.
5. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga.
6. Ákveðið árgjald og önnur gjöld fyrir næsta starfsár.
7. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.
8. Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara.
9. Önnur málefni ef einhver eru.

Virðingarfyllst,  
STJÓRN GR

## Ragnar glímir við Carlos Tevez

FCK mætir Ítalíumeisturum Juventus í B-riðli Meistaradeildar Evrópu í kvöld.

**FÓTBOLTI** Landsliðsmennirnir Ragnar Sigurðsson og Rúrik Gíslason verða báðir í eldlínunni með danska liðinu FC Kaupmannahöfn í Meistaradeild Evrópu í kvöld en þá fara fram síðari leikirnir í fimmtu og næstsíðustu umferð riðlakeppinnar. FCK mætir þá stórlíði Juventus í Tórínó í afar mikilvægum leik í B-riðli.

Real Madrid stendur langbest að vígi í riðlinum með tíu stig en Galatasaray og FCK koma næst með fjögur. Gengi Juventus hefur komið á óvart en liðið, sem er enn án sigurs í riðlinum, er með þrjú stig í neðsta sæti.

Juventus er þó á toppnum í deildinni heima og vonast Antonio Conte, stjóri liðs-

ins, til að liðið nýti sér þann meðbyr fyrir leikinn mikilvæga í kvöld. „Við vonumst eftir góðum úrslitum í kvöld en þetta er enn allt saman í okkar höndum. Við þurfum ekki að treysta á neina aðra,“ sagði Conte í gær.

Ragnar hefur verið fastamaður í vörn FCK og fær því það mikilvæga hlutverk að gæta hinna stórhættulegu Carlos Tevez og Fernando Llorente, sóknarmanna Juventus. Líklegt þykir að Rúrik Gíslason byrji einnig en hann lagði upp sigurmark sinna manna gegn Galatasaray í síðustu umferð. Sá sigur opnaði baráttuna um annað sæti riðilsins upp á gátt. Real Madrid tekur á móti Galatasaray í hinni viðureign kvöldsins og mun með sigri gulltryggja sér sigur í riðlinum og þar með sæti í 16 liða úrslitum keppinnar. -esá



LYKILMAÐUR Ragnar Sigurðsson er í stóru hlutverki hjá FCK.





**SÖKNUÐU MESSI** Neymar og félagar hans í Barcelona töpuðu fyrir Ajax í gær en eru engu að síður öruggir áfram.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Ajax á enn möguleika

**FÓTBOLT!** Ajax, lið Kolbeins Sigþórssonar, á enn góða möguleika á sæti í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu eftir frábæran sigur á stórliði Barcelona á heimavelli í gær, 2-1. Kolbeinn missti af leiknum vegna meiðsla en framundan er hreinn úrslitaleikur gegn AC Milan um annað sæti riðilsins, þar sem Ítölum mun duga jafntefli. Sá leikur fer fram 11. desember og gæti Kolbeinn vel náð þeim leik.

Arsenal kom sér í góða stöðu í F-riðli en er enn ekki öruggt með sæti í 16-liða úrslitunum. Chelsea tapaði fyrir Basel, 1-0, í Sviss en er samt öruggt áfram.

- esá

## ÚRSLIT

### MEISTARAEILD EVRÓPU

**E-RÍÐILL**  
**BASEL - CHELSEA** 1-0  
1-0 Mohamed Salah (87.).

**STEAUA BÚKAREST - SCHALKE** 0-0

STADAN					
Chelsea	5	3	0	2	11-2 9
Basel	5	2	2	1	5-4 8
Schalke	5	2	1	2	4-6 7
St. Búkarest	5	0	3	2	2-9 3

**F-RÍÐILL**  
**ARSENAL - MARSEILLE** 2-0  
1-0 Jack Wilshere (1.), 2-0 Jack Wilshere (65.).

**DORTMUND - NAPOLI** 3-1  
1-0 Marco Reus, víti (10.), 2-0 Jakub Blaszczykowski (60.), 2-1 Lorenzo Insigne (71.), 3-1 Pierre-Emerick Aubameyang (78.).

STADAN					
Arsenal	5	4	0	1	8-3 12
Dortmund	5	3	0	2	9-5 9
Napoli	5	3	0	2	8-9 9
Marseille	5	0	0	5	4-12 0

**G-RÍÐILL**  
**ZENIT - ATLETICO MADRID** 1-1  
0-1 Adrian (53.), 1-1 Toby Alderweireld, sjálfsmark (74.).

**PORTO - AUSTRIA VÍN** 1-1  
0-1 Roman Kienast (11.), 1-1 Jackson Martinez (48.).

STADAN					
Atletico M.	5	4	1	0	13-3 13
Zenit	5	1	3	1	4-5 6
Porto	5	1	2	2	4-5 5
Austria Vín	5	0	2	3	1-9 2

**H-RÍÐILL**  
**CELTIC - AC MILAN** 0-3  
0-1 Kaka (13.), 0-2 Cristian Zapata (49.), 0-3 Mario Balotelli (59.).

**AJAX - BARCELONA** 2-1  
1-0 Thulani Serero (19.), 2-0 Danny Hoesen (41.), 2-1 Xavi, víti (49.).

Rautt spjald: Joel Veltman, Ajax.

STADAN					
Barcelona	5	3	1	1	10-4 10
AC Milan	5	2	2	1	8-5 8
Ajax	5	2	1	2	5-8 7
Celtic	5	1	0	4	2-8 3

### LEIKIR KVÖLDSINS

**A-RÍÐILL**  
**LEVERKUSEN - MAN. UTD.** SPORT HD  
**SHAKHTAR D. - REAL SOCIEDAD**

**B-RÍÐILL**  
**REAL MADRID - GALATASARAY** SPORT 4  
**JUVENTUS - FCK** SPORT 3

**C-RÍÐILL**  
**ANDERLECHT - BENFICA**  
**PSG - OLYMPIAKOS**

**D-RÍÐILL**  
**CSKA MOSKVA - FC BAYERN**  
**MAN. CITY - VIKTORIA PLZEN**  
Allir leikir hefjast klukkan 19.45 nema viðureign CSKA Moskva og FC Bayern sem er klukkan 17.00 í opinni dagskrá. Upphitun hefst á Stöð 2 Sport klukkan 19.00.

## Undirbúningur hafinn fyrir þrefalda rimmu gegn Sviss



**LÉTT SKOKK** Sunna Jónsdóttir, Birna Berg Haraldsdóttir og Raket Dógg Bragadóttir voru kátar á æfingu landsliðsins í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**HANDBOLT!** Leikmenn íslenska kvennalandsliðsins komu saman í vikunni og undirbúa sig nú af kappi fyrir æfingaleiki gegn Svisslendingum hér á landi á næstu dögum.

Leiknir verða þrír leikir á jafnmörgum dögum og verður sá fyrsti klukkan 18.00 á morgun. Allir leikir fara fram í Hertz-höllinni á Seltjarnarnesi. Landsliðið mun svo leika tvo æfingaleiki til viðbótar um helgina, báða gegn U-16 landsliði karla.

Ísland á næst leiki í undankeppni EM 2014 í lok mars næstkomandi. Báðir gegn sterku liði Frakklands, hér heima og ytra.

- esá



**LÍNURNAR LAGÐAR** Karen Knútsdóttir, leikstjórnandi, slær á léttu strengi.

Ný þjónusta:

# Beint samband við ráðgjafa með Netspjalli



Netspjall  
Íslandsbanka

### Netspjall í tölvu, snjallsíma og spjaldtölvu

Með Netspjalli Íslandsbanka kemstu í samband við ráðgjafa á einfaldan og þægilegan hátt. Netspjallið er opið frá 8.30-17.00 og þar getur þú fengið upplýsingar um þjónustu bankans.

Engar fjárhagslegar upplýsingar fara um Netspjallið en ráðgjafinn leiðbeinir þér og vísar áfram á réttan aðila þegar svo ber undir.

Prófaðu Netspjallið á [islandsbanki.is](http://islandsbanki.is)

### Netspjallið:

- Beint samband við ráðgjafa
- Upplýsingar um þjónustu
- Opið 8.30-17.00

Við bjóðum  
góða þjónustu

[islandsbanki.is](http://islandsbanki.is) | Sími 440 4000

Íslandsbanki



## Stöð 2 kl. 20.15 Heimsókn

Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó sameiginlegt að vera innréttuð af alúð og smekklegheitum. Sindri hefur líka einstakt lag á að ná fram því besta í viðmælendum sínum.



## Í KVÖLD



### Meistaradeild Evrópu

**STÖÐ 2 SPORT KL. 19.30** Bein útsending frá leik Bayer Leverkusen - Man. Utd. í sterkustu deild í heimi.



### Neyðarvaktin

**SJÓNVARPIÐ KL. 20.00** Chicago Fire II er Bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago. Meðal leikenda eru Jesse Spencer, Taylor Kinney, Lauren German og Monica Raymund.



### Örlagadagurinn

**STÖÐ 2 GULL KL. 20.20** Skemmtilegir en jafnframt átakanlegir þættir þar sem fólk segir Sirrý frá deginum sem breytti lífi þess.

## Bylgjan kl. 06.50 í bítið

Í bítið er alla virka daga á Bylgjunni. Heimir Karlsson, Hulda Bjarna og Gunnlaugur Helgason vakna eldsnemma og koma þér af stað alla morgna. Fylgstu með fréttum og taktu púlsinn á þjóðmálunum, færðinni, veðrinu og íþróttunum strax í bítið.



MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.\*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu. Það er áhrifaríkt leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi [fjolpostur@frettabladid.is](mailto:fjolpostur@frettabladid.is)

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

\*Prentmiðakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

- ### STÖÐ 2
- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
  - 08.10 Malcolm in The Middle
  - 08.30 Ellen
  - 09.15 Bold and the Beautiful
  - 09.35 Doctors
  - 10.15 Spurningabomban
  - 11.05 Glee
  - 11.50 Grey's Anatomy
  - 12.35 Nágrannar
  - 13.00 Covert Affairs
  - 13.45 Chuck
  - 14.30 Last Man Standing
  - 14.50 Suburgatory
  - 15.15 Kalli kanína og félagar
  - 15.35 Tricky TV
  - 16.00 Fjöguri teiknimyndatímminn
  - 16.25 Ellen
  - 17.10 Bold and the Beautiful
  - 17.32 Nágrannar
  - 17.57 Simpson-fjölskyldan
  - 18.23 Veður
  - 18.30 Fréttir
  - 18.47 Íþróttir
  - 18.54 Ísland í dag
  - 19.16 Veður
  - 19.25 Stelpurnar
  - 19.50 The Middle (3:24)
  - 20.15 Heimsókn Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó sameiginlegt að vera innréttuð af alúð og smekklegheitum. Sindri hefur líka einstakt lag á að ná fram því besta í viðmælendum sínum.
  - 20.40 Kolla
  - 21.15 Grey's Anatomy (10:22)
  - 22.05 Touch (2:14)
  - 22.50 Hung (10:10)
  - 23.15 The Kennedy Detail
  - 00.45 Person of Interest
  - 01.30 Blonde and Blonder
  - 03.00 School for Seduction
  - 04.45 Gardener of Eden
  - 06.10 The Middle

- ### SPORT
- besta sætið
- 07.40 Meistaradeildin - meistaramörk
  - 09.55 Meistaradeild Evrópu. Dortmund - Napoli
  - 11.40 Meistaradeild Evrópu. Arsenal - Marseille
  - 13.25 Meistaradeild Evrópu. Basel - Chelsea
  - 15.10 Meistaradeild Evrópu. Zenit - Atletico Madrid
  - 16.55 Meistaradeild Evrópu. CSKA Moscow - Bayern München Bein útsending
  - 19.00 Meistaradeildin - upphitun
  - 19.30 Meistaradeild Evrópu. Bayer Leverkusen - Man. Utd. Bein útsending
  - 21.45 Meistaradeildin - meistaramörk
  - 22.45 Meistaradeild Evrópu. Juventus - FC Kaupmannahöfn
  - 00.40 Meistaradeild Evrópu. Real Madrid - Galatasaray
  - 02.35 Meistaradeildin - meistaramörk

- ### SPORT 2
- enski boltinn
- 16.05 Football League Show
  - 16.35 Man. City - Tottenham
  - 18.15 Fulham - Swansea
  - 19.55 Ensku mörkin - úrvalsdeildin
  - 20.50 Messan
  - 22.00 Everton - Liverpool
  - 23.40 West Ham - Chelsea

- ### INN
- 20.00 Björn Bjarnason
  - 20.30 Tölur, tækni og kennsla
  - 21.00 Fasteignafloaran
  - 21.30 Á ferð og flugi

- ### STÖÐ 3
- 15.50 The X-Factor US
  - 17.55 Bunheads
  - 18.40 Bob's Burgers
  - 19.00 Junior Masterchef Australia (12:16)
  - 19.50 Miss You Can Do It Heimildarþáttur þar sem fylgst er með ungum stúlkum og konum með sérþarfrir keppa í fegurðarsamkeppni.
  - 21.05 Arrow (7:23)
  - 21.50 Sleepy Hollow (2:13)
  - 22.35 Shameless (11:12)
  - 23.20 The Tudors (1:10) Fjórða þáttaröðin sem segir áhrifamikla og spennandi sögu einhvers alræmdasta og nafntogaðasta konungs sögunnar, Hinriks áttunda.
  - 00.15 Junior Masterchef Australia
  - 01.05 Miss You Can Do It
  - 02.20 Arrow
  - 03.05 Sleepy Hollow
  - 03.50 Tónlistarmyndbönd

- ### Krakastöðin
- 07.00 Áfram Diego, áfram!
  - 07.24 Svampur Sveins
  - 07.48 Latibær
  - 08.00 Ævintýri Tinna
  - 08.22 Ávaxtakarfan
  - 08.35 Strumparnir
  - 09.00 Lukku-Láki
  - 09.24 Ofurhundurinn Krypto
  - 09.45 UKI
  - 09.50 Hvellur keppnisbíll
  - 10.00 Dóra könnuður
  - 10.23 Mörgæsinar frá Madagaskar
  - 10.45 Dóddi litli og Eyrnastór
  - 10.55 Rasmus Klumpur og félagar
  - 11.00 Áfram Diego, áfram!
  - 11.24 Svampur Sveins
  - 11.48 Latibær
  - 12.00 Ævintýri Tinna
  - 12.22 Ávaxtakarfan
  - 12.35 Strumparnir
  - 13.00 Lukku láki
  - 13.24 Ofurhundurinn Krypto
  - 13.45 UKI
  - 13.50 Hvellur keppnisbíll
  - 14.00 Dóra könnuður
  - 14.23 Mörgæsinar frá Madagaskar
  - 14.45 Dóddi litli og Eyrnastór
  - 14.55 Rasmus Klumpur og félagar
  - 15.00 Áfram Diego, áfram!
  - 15.24 Svampur Sveins
  - 15.48 Latibær
  - 16.00 Ævintýri Tinna
  - 16.22 Ávaxtakarfan
  - 16.35 Strumparnir
  - 17.00 Lukku-Láki
  - 17.24 Ofurhundurinn Krypto
  - 17.45 UKI
  - 17.50 Hvellur keppnisbíll
  - 18.00 Dóra könnuður
  - 18.23 Mörgæsinar frá Madagaskar
  - 18.45 Dóddi litli og Eyrnastór
  - 18.55 Rasmus Klumpur og félagar
  - 19.00 Blái fillinn
  - 20.15 Sögur fyrir svefninn

- ### GULL
- 17.55 Strákarnir
  - 18.25 Friends
  - 18.45 Seinfeld
  - 19.10 Modern Family
  - 19.35 Two and a Half Men (7:24)
  - 20.00 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi (10:10)
  - 20.20 Örlagadagurinn (26:30) Skemmtilegir en jafnframt átakanlegir þættir þar sem fólk segir Sirrý frá deginum sem breytti lífi þess.
  - 21.45 Prime Suspect 5 (2:2)
  - 23.30 The Drew Carey Show (16:24) Larry David snýr nú aftur í sjöundu þáttaröðinni, studdur stjórnunum úr Seinfeld, þeim Jerry, Kramer, Elaine og George.
  - 00.25 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi
  - 00.45 Örlagadagurinn
  - 02.10 Prime Suspect 5
  - 03.55 Tónlistarmyndbönd

- ### BÍÓ
- 12.05 African Cats
  - 13.35 Taken From Me. The Tiffany Rubin Story
  - 15.05 Just Go With It
  - 17.00 African Cats
  - 18.30 Taken From Me. The Tiffany Rubin Story
  - 20.05 Just Go With It
  - 22.00 Water for Elephants
  - 00.00 Unthinkable
  - 01.40 Fright Night
  - 03.25 Water for Elephants

- ### RÚV
- 16.40 360 gráður
  - 17.10 Friðþjófur forvitni
  - 17.33 Nína Pataló
  - 17.40 Vasaljós
  - 18.05 Tákn málsfréttir
  - 18.15 Djöflaeyjan
  - 18.45 Íþróttir
  - 18.54 Víkingalottó
  - 19.00 Fréttir
  - 19.30 Veðurfréttir
  - 19.35 Kastljós
  - 20.00 Neyðarvaktin (4:22) (Chicago Fire II)
  - 20.45 Sumarævintýri Húna (1:4) (Upphafið) Áhöfnin á Húna fór hringinn í kringum landið í júlímánuði á eikarbátum Húna II og stoppaði í 16 höfnum. Í þessum þáttum verður kafað dýpra í ferðina og upplifun þeirra fjölmörgu sem komu að ævintýrinu.
  - 21.15 Kiljan Bókaþáttur Egils Helgasonar. Stjórn upptöku. Ragnheiður Thorsteinsson.
  - 22.00 Tíufréttir
  - 22.15 Veðurfréttir
  - 22.20 Raquela drottning (The Amazing Truth About Queen Raquela) Raquela fæddist á röngum stað og í röngum líkama. Hún er kynskiptingur frá Filippseyjum. Hana dreymir um ævintýralíff í París, eða í það minnsta að komast langt burt frá heimalandinu.
  - 23.40 Kastljós
  - 00.00 Fréttir
  - 00.10 Dagskrárlök

- ### SKJÁREINN
- 06.00 Pepsi MAX tónlist
  - 08.00 Cheers
  - 08.25 Dr. Phil
  - 09.10 Pepsi MAX tónlist
  - 15.50 Skrekur 2013
  - 17.50 Dr. Phil
  - 18.30 Happy Endings
  - 18.55 Family Guy
  - 19.20 Parks & Recreation
  - 19.45 Cheers
  - 20.10 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course (16:20)
  - 20.40 Borð fyrir fimm (7:8) Bráðskemmtilegir þættir þar sem Siggí Hall, Svavar Örn og vinsérfræðingurinn Alba kíkja í matarboð heim til fólks og meta kosti þess og galla. Þau Ágústa og Pétur ætla að bjóða upp á framandi mat í þætti kvöldins.
  - 21.10 In Plain Sight (4:8) Spennuþáttaröð sem fjallar um hina hörkulegu Mary og störf hennar fyrir bandarísku vitnaverndina. Lyfjasöllumaður leitir á náðir vitnaverndarinnar vegna fyrrverandi viðskiptavinar.
  - 22.00 Ray Donovan (10:13) Vandaðir þættir um harðhausinn Ray Donovan sem reynir að beygja lög og reglur sem stundum vilja brotna. Ray virðist hafa sett af stað atburðarás sem ætlar að ganga upp.
  - 22.50 CSI Miami (10:24)
  - 23.40 Sönn íslensk sakamál
  - 00.10 Dexter
  - 01.00 Borð fyrir 5
  - 01.30 Ray Donovan
  - 02.20 The Borgias
  - 03.10 Excused
  - 03.35 Pepsi MAX tónlist

- ### SKJÁRGOLF
- 06.00 Eurosport
  - 08.45 Golfing World
  - 09.35 OHL Classic 2013
  - 12.30 World Golf Championship 2013
  - 15.25 OHL Classic 2013
  - 18.15 Golfing World
  - 19.05 OHL Classic 2013
  - 22.00 Golfing World
  - 22.50 OHL Classic 2013
  - 01.50 Eurosport

## FJÁRMÁLARÁÐSTEFNA ÍSÍ 2013

### STAÐUR OG STUND

Föstudaginn 29. nóv.  
Kl: 13:00 – 16:00  
Salur 1 í Laugardalshöll

Ókeypis þátttaka og öllum heimill aðgangur meðan húsrúm leyfir.  
Hægt er að skrá sig á netfangið [skraning@isi.is](mailto:skraning@isi.is) í síðasta lagi fimmtudaginn 28. nóv.

Ráðstefnan mun að þessu sinni fjalla um rekstrarumhverfi íþróttafélaga og íþróttahreyfingarinnar í heild sinni.

Helstu lykiltölur um rekstur íþróttahreyfingarinnar verða kynntar og þróun þeirra síðustu árin.

Fulltrúar fimm félaga á landsvísu munu taka til máls og skýra frá helstu þáttum í rekstri sinna félaga og því rekstrarumhverfi sem íþróttafélög búa við þessa stundina.

Í lokin verða umræður.



# TIL HAMINGJU YRSA!

## „GLÆPASAGA ÁRSINS“ SEGIR SUNDAY TIMES

um Horfðu á mig eftir Yrsu Sigurðardóttur

**LYGI**  
YRSA SIGURÐARDÓTTIR

„Yrsa hefur komið sér fyrir  
á eða við hátíð norrænna  
glæpasagna.“  
THE TIMES

★★★★★  
ADRESSEAVISEN  
um Brakið

„YRSA HEFUR  
KOMIÐ SÉR FYRIR  
Á EÐA VIÐ TIND  
NORRÆNNA  
GLÆPASAGNA.“

THE TIMES



ADRESSEAVISEN

# LYGI ER KOMIN ÚT!

VERÖLD 



## BÍÓMYNDIN



„Ég verð að segja Sound of Music en ég sá hana átta sinnum í bíó á sínum tíma.“

Helga Möller, tónlistarkona og flugfreyja.

## Ameríska klisjan tekin alla leið

Ólafur Örn og Kathy Clark blása til þakkargjörðarveislu með kóresku ívafi.

„Kathy Clark, einn eigandi K-bars, er bandarísk en foreldrar hennar eru kóreskir. Þaðan kemur kóreska tengingin og uppruni staðarins K-bars. Hún er alin upp í Bandaríkjunum og þar er haldin þakkargjörðarhátíð þannig að þess vegna datt okkur í hug að gera þetta,“ segir veitingamaðurinn Ólafur Örn Ólafsson, einn eigenda K-bars. Þakkargjörðarhátíð verður haldin á staðnum á fimmtudag og verður maturinn frábrugðinn því sem gengur og gerist á hátíðinni.

„Matseðillinn lítur út eins og hann á að gera en það verður búið að breyta innihaldinu aðeins – láta chili hér og soja þar. Ég er mjög opinn fyrir nýjungum og finnst þetta mjög gaman. Mig langaði líka að gera þökk öllum sem hafa komið hingað þennan mánuð sem hefur verið opið. Viðtökurnar hafa verið stórkostlegar,“ segir Ólafur. Hann ætlar að láta veitingarnar tala sínu máli. „Maturinn verður okkar skraut. Fólk með amerískar rætur er mjög spennt fyrir þessu

→ Matseðillinn lítur út eins og hann á að gera en það verður búið að breyta innihaldinu aðeins – láta chili hér og soja þar.“

en enginn veit almennilega hvaða mat við bjóðum upp á. Við ætlum að fara alla leið í klisjunnar og bjóðum mjög líklega uppá kalkúnasamlökur daginn eftir.“ -lkg



SPENNANDI TÍMAR Ólafur og Kathy eru með fleira sniðugt í bígerð á K-bar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Höfundaeinvígi á Kexi

Fjórir höfundar etja kappi á Kex Hostel í kvöld.

„Dómnefndin er mjög hörd í horn að taka,“ segir Björg Magnúsdóttir, einn skipuleggjenda Literary Death Match, sem er upplestrarkeppni á milli rithöfunda. Þannig keppa höfundar í upplestri á verkum sínum og eru svo dæmdir af dómnefnd sem slær hvergi af kröfum.

„Dómnefndin tekur einnig við mótum fram að keppni,“ segir Björg, en dómnefndina skipa Egill Helgason, Ugly Egilsdóttir og Halla Margrét Jóhannesdóttir.

Keppendur í Literary Death Match, sem er haldin annað kvöld á Kex Hostel klukkan átta, eru þau Vigdís Grímsdóttir, Guðrún Eva Mínervudóttir, Dagur Hjartarson og Eiríkur Örn Norðdahl. „Allt eru þetta auðvitað margverðlaunaðir og landsþekktir höfundar þannig að væntingastuðullinn er hár,“ segir Björg jafnframt.



HALDIÐ Í ÞRIÐJA SINN HÉR Á LANDI Björg Magnúsdóttir er einn skipuleggjenda höfundaeinvígisins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## Væri ekki á þessum stað án Youtube

Rapparin Emmsjé Gauti sækir innblástur í lagasmíðarnar í eigið líf. Hann gefur nú út sína aðra breiðskífu sem ber titilinn Peyr. Gauti fagnar útgáfu hennar í kvöld með tónleikum en hann kom fyrst fram þegar hann var í 8. bekk.

„Ég myndi aldrei vera á þessum stað ef ekki væri fyrir netið,“ segir rapparin Emmsjé Gauti, sem heitir réttu nafni Gauti Þeyr Másson. Myndbönd og lög Gauta hafa notið gríðarlegra vinsælda á vefsíðunni Youtube, til að mynda hefur verið horft á fjögur myndbanda hans yfir hundrað þúsund sinnum hvert. Gauti hefur lagt mikinn metnað í myndbönd sín og hefur líka verið heppinn með samstarfsaðila, að eigin sögn. „Fyrst og fremst er ég heppinn að eiga góða að, ég hef unnið með ótrúlega skapandi fólki, fólki sem er í heimsklassa. Myndbandagerð skiptir mig miklu máli, þetta er listform sem bætir upplifun fólks á tónlistinni,“ bætir Gauti við.

Í kvöld heldur Gauti útgáfutónleika en önnur breiðskífan hans sem ber titilinn Peyr kom út fyrir stuttu. Fyrri plata hans, Bara ég, kom út árið 2011. „Agent Fresco spilar undir í flestum lögnum mínum, þannig að þetta verður svolítið rokkað sett,“ útskýrir Gauti og bætir við: „Úlfur Úlfur og Steinar munu sjá um upphitunina, ég er mjög hrifinn af þeim öllum.“ Hægt verður að kaupa diskinn við innanganginn og fylgir aðgangsmiði á tónleikana með. Platan Þeyr hefur verið í vinnslu í um ár, að sögn Gauta. „Maður er alltaf að semja, alltaf að vinna í næstu plötu ein-



INNBLÁSTUR ÚR EIGIN LÍFI Emmsjé Gauti er fyrstu persónu rappari. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

hvern veginn. Ég sækir innblástur í daglegt líf, ég er fyrstu persónu rappari; ég rappa mikið um mitt eigið líf. Þannig að bara með því að vakna, ganga út og lifa er ég að vinna í tónlistinni.“

Auk þess að rappa hefur Gauti haslað sér völl sem fjölmiðlamaður, bæði með netsjónvarpsþætti og sem stjórnandi útvarpsþátta. „Ég lít alveg jafn mikið á mig sem skemmtikraft og tónlistarmann.“ Þrátt fyrir að vera einungis 24 ára

gamall á Gauti nokkuð langan rappferil að baki.

„Ég kom fyrst opinberlega fram á Rímnaflæði þegar ég var í 8. bekk. Á þeim tímapunkti var ég efins um hvort ég ætlaði mér að leggja rappið fyrir mig. En þegar ég heyrði troðfullan salinn hvetja mig áfram fann ég að ég þyrfti að gera þetta,“ segir Gauti. Útgáfutónleikarnir fara fram á skemmtistaðnum Harlem og hefjast klukkan 21 í kvöld.

kjartanati@frettabladid.is

## → Vinsælustu myndbönd Emmsjé Gauta

Titill lags	Sett á netið	Áhorf
1 Fyrirmynd	31. júl. 2010	155.476
2 Hemmi Gunn (ásamt Blazroca)	17. júl. 2011	163.207
3 Okkar leið	3. okt. 2011	107.395
4 Einar (Ásamt Helga Sæmundi)	4. mar. 2012	166.169
5 Gleymmérei (Ásamt Gabriel og Birni Jörundi)	3. sep. 2012	41.145
6 Kinky	13. sep. 2013	24.596

## Þetta snertir móðurhjartað

Skartgripahönnuðurinn Guðbjörg Kristín Ingvadóttir hennar skartgripi til styrktar Gleymmérei. Skartgripirnir eru frumsýndir í dag í versluninni Aurum.

Guðbjörg Kristín Ingvarsdóttir, skartgripahönnuður hjá versluninni Aurum, hennar skartgripi til styrktar Gleymmérei, styrktarfélagi sem hefur það að markmiði að styðja foreldra sem misst hafa börn á meðgöngu. „Mér finnst þetta verðugur málstaður sem ég vildi styrkja. Svo þótti mér líka áhugavert að vinna með gleymméri,“ segir Guðbjörg. Skartgripalínan kom afar vel út að hennar sögn.

„Fólk hefur lýst yfir ánægju sinni með gripina. Þetta er ofsa-

lega fínleg lína, létt yfir henni, en formin samt sterk. Línan höfðar til allra,“ bætir Guðbjörg við. Hún lagði á sig mikla undirbúningsvinnu áður en hún hóf að hanna skartgripina.

„Ég þurfti að setja mig inn í aðstæður foreldra sem hafa misst börn á meðgöngu. Ég las mér til og reyndi að skilja upplifun fólks. Þetta er ótrúlega sorglegt ferli og erfitt að lesa um þetta. Ég á litla eins árs stelpu og þetta málefni snerti móðurhjartað mjög,“ segir Guðbjörg.



STOLT Guðbjörg lagði á sig mikla undirbúningsvinnu fyrir hönnun skartgripanna. -kak

# Síðasta Bókakonfekt Forlagsins í ár!

Fyrstu hundrað gestirnir fá frian drykk

Í KVÖLD,  
27. NÓVEMBER  
KL. 20, Á CAFÉ  
ROSENBERG



GRIMMD  
Stefán Máni



STÚLKA MEÐ  
MAGA  
Þórunn Erlu- og  
Valdímarsdóttir



KAMBAN  
Sveinn Einarsson



VÍN - FRÁ  
ÞRUGU Í GLAS  
Steingrímur  
Sigurgeirsson



GRANNMETI OG  
ÁTVEXTIR  
Þórarinn Eldjárn




DRAUMSVERD  
Kjartan Yngvi  
Björnsson



MÁNASTEINN  
Sjón

www.forlagid.is





# TVENNILLI

# LOKUM

≡ *í kvöld kl. 20* ≡

Við á Domino's ætlum að fagna góðu gengi og skemmta okkur saman í kvöld.

Staðir Domino's verða því lokaðir frá kl. 20 í kvöld nema í Skeifunni en þar verður opið í alla nótt eins og venjulega. Við verðum síðan mætt á vaktina á hefðbundnum tíma á morgun. Sjáumst!

 **OPIÐ Í SKEIFUNNI**

Mundu að panta tímanlega í kvöld!

 SÍMI 58 12345  DOMINO'S APP  WWW.DOMINOS.IS





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Tökum lokið

Tökum á raunveruleikabáttunum The Biggest Loser Ísland, þar sem tólf keppendur segja aukakílónum og vondum lífsháttum stríð á hendur, á Ásbrú lauk fyrir helgi. Alls stóðu tókur yfir í tíu vikur á Ásbrú en áfram verður fylgst með keppendum þangað til lokabátturinn fer í loftið í beinni útsendingu í mars eða apríl. Sýningar á þáttunum hefjast í lok janúar á Skjá einum en það er fjölmiðlakonan **Inga Lind** sem er þáttarstjórnandi.



### Læti og átök í tókum

Skemmtikrafturinn **Pétur Jóhann Sigfússon** rifbeinsbrotnaði þegar hann datt við upptökur á Áramótaskaupinu.




Greinilegt er að mikil átök og læti eru við upptökurnar því Ari Eldjárn var allur blár og marinn eftir tókur á öðru atriði.

### Mest lesið

- 1 Íslenskur þjálfari slapp naumlega frá drápsþvelinu
- 2 Húskrybba fannst í mandarínukassa
- 3 Losaði bikiní-toppinn og lést í kjölfarið
- 4 100 þúsund ferðamenn traðka niður Laugavegin
- 5 Misþyrmingar í svínabúi náðust á myndband

★★★★★  
SG / MORGUNBLAÐIÐ

★★★★★  
BGS / PRESSAN.IS



www.forlagid.is

# WOW

FLUGFÉLAG SKÍÐAFÓLKSINS

# RENNDU ÞÉR Í FRÍIÐ



**WOW  
MOMENT**  
Steijn van der Craats,  
Austurríki

# SALZBURG

FRÁ

# 19.900 KR.\*

FERÐATÍMABIL: 1. JANÚAR – 31. MARS 2014

\*Flug aðra leið með sköttum, bókkunar- og töskugjald ekki innifalið.

Austurrísku Alparnir eru draumaland skíðaunnandans. Í nágrenni Salzburgar finnur þú ævintýrlega góða skíðastaði og fullar brekkur af sólskini og snjó.

**BÓKAÐU NÚNA Á WOW.IS**



Við fljúgum til >> London >> Kaupmannahafnar >> Parísar >> Berlínar >> í allan vetur

wow.is | Katrínartún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | wow@wow.is